VIÐ ERUM LÍKAMLEGA LITLIR LEIKARAR

Siggi Sigurjóns, Karl Ágúst og Örn Árna á fjalirnar

VIÐTAL **34**

TVÖ SÉRBLÖÐ FYLGJA Í DAG

Í tilefni af 15 ára afmæli Subway á Íslandi bjóðum við alla báta, gos og meðlæti á 15 ára gömlu verði!
15 ÁRA SUBWAY
Gildir laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. sept. 09

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

HELGARÚTGÁFA

12. september 2009 — 216. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

HELGA MINNST 30

Mótmælandi Íslands allur

VÍTISENGLAR 26

Eru Vítisenglar bræðralag eða bófagengi?

ERLENDIS Í REYKJAVÍK

Hvernig er hægt að ferðast án þess að ferðast?

RÖKSTÓLAR 24

Flosi Ólafs og Inga Lind setjast á ruggustól

HAUST Í LAUGARDALNUM Haustið skartaði sínu fegursta í Laugardalnum í gær. Þeir Ólafur Knudsen og Breki Björnsson létu ekki nokkra polla stöðva sig á hjólabrettunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stóru háskólarnir ræða um samstarf

Samstarf eða sameining Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík hefur komið til tals á milli rektora skólanna. Sameining myndi skila miklum ávinningi.

MENNTAMÁL Rektorar Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík hafa átt samtöl um sameiningu eða víðtækt samstarf háskólanna. Þetta staðfestir Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, í samtali við Fréttablaðið. Ekki er þó um formlegar viðræður að ræða. Háskólarnir í landinu eru sjö talsins og víðtækt samstarf þeirra á milli hefur verið rætt.

„Ég er þeirrar skoðunar að við þær kringumstæður sem nú ríkja í fjármálum ríkisins verði ekki hjá því komist að skoða í fullri alvöru alla kosti sem geta leitt til hagræðingar og um leið styrkingar háskólastarfsemi í landinu, og láta ekki staðar numið við það sem yrði einfaldast í framkvæmd heldur leita að því sem getur skilað mestum ávinningi," segir Kristín.

„Ef við skoðum hvaða sameining myndi skila langmestum fjárhagslegum ávinningi er það sameining Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Á því leikur enginn vafi. Ég vil ekki nefna neinar tölur í þessu samhengi en þarna yrði um umtalsverðar fjárhæðir að ræða. Slík sameining yrði hins vegar töluvert flókin og viðkvæm og vanda þyrfti afskaplega vel til verka. Úr slíkri sameiningu kæmi hins vegar mjög öflugur skóli, sem myndi mæla sig og keppa við erlenda háskóla."

Um samstarf við aðra háskóla segir Kristín að einföld hugmynd væri að taka upp sameiginlega innritun, sem myndi skila fjárhagslegum ávinningi en ekki valda þáttaskilum.

„Ein sameining sem nefnd hefur verið er möguleg sameining Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskólans," segir Kristín.

Stefán B. Sigurðsson, rektor Háskólans á Akureyri, segir að sameining við skólana í Reykjavík sé ekki inni í myndinni af hans hálfu.

„Yrði farið út í sameiningu þýddi það í raun að háskólinn hér yrði lagður niður," segir Stefán.

- shá

Daniel Brühl á Íslandi:

Þýsk stjarna í Kóngavegi 7

FÓLK Þýski leikarinn Daniel Brühl hefur samþykkt að leika stórt hlutverk í kvikmyndinni Kóngavegur 7 í leikstjórn Valdísar Óskarsdóttur.

Brühl hefur vakið mikla athygli fyrir leik sinn í Tarantino-myndinni Inglourious Basterds sem nú er sýnd í kvikmyndahúsum borgarinnar.

- fgg / sjá síðu 62

SPURNING DAGSINS

Sigurður Ragnar, eru stelpurnar spenntar fyrir Eistunum?

„Þær eru spenntar, og vonandi er íslenska þjóðin jafn spennt."

Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur tilkynnt átján manna hóp fyrir leik kvennalandsliðsins gegn Eistlandi í undankeppni HM, sem fram fer hinn 17. september næstkomandi.

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Blönduóss uppvís að broti í starfi:

Fór inn á sjúkraskrár sjúklinga

HEILBRIGÐISMÁL Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Blönduóss hefur orðið uppvís að því að fara inn á sjúkraskrár fólks sem leitað hefur til lækna stofnunarinnar. Þetta staðfestir Matthías Halldórsson landlæknir.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafði forstjórinn aðgang að sjúkraskrám heilbrigðisstofnunarinnar af því að hann sá um tölvumál hennar og stofnaði meðal annars aðgang fyrir nýja starfsmenn og setti inn lykilorð þeirra.

„Forstjórar eru ekki heilbrigðismenntaðir og eiga ekki að hafa aðgang inn í sjúkraskrárnar,"

MATTHÍAS HALLDÓRSSON Embætti landlæknis rannsakaði málið.

útskýrir landlæknir. Persónuvernd barst kvörtun um óheftan aðgang forstjórans. Hún vísaði málinu til landlæknisembættisins þar sem fram fór rannsókn á því. Hún leiddi í ljós að forstjórinn hafði farið inn á sjúkraskrár í allnokkrum tilvikum.

Landlæknisembættið hefur komist að niðurstöðu í málinu, sem verður ekki greint frá að sinni. Verður hún send heilbrigðisráðuneytinu eftir helgi, því forstjórar heilbrigðisstofnana heyra undir ráðuneytið.

Fréttablaðið leitaði skýringa á þessu atferli forstjórans hjá honum síðdegis í gær. Hann sagðist ekki vilja tjá sig um málið því hann væri kominn í helgarfrí.

Brot gegn lögum um sjúkraskrár varða sektum eða fangelsi allt að þremur árum. - jss

Fyrrverandi forseti Taívans:

Dæmdur í lífstíðarfangelsi

TAÍVAN, AP Chen Shui-bian, fyrrverandi forseti Taívans, var í gær dæmdur til lífstíðarvistar í fangelsi af þarlendum dómstóli. Dómurinn er talinn marka þáttaskil í róstusamri stjórnmálasögu landsins.

Chen Shui-bian, sem var ötull baráttumaður fyrir sjálfstæði Taívans, var óvinsæll hjá kínverskum stjórnvöldum, sem aldrei hafa viðkennt sjálfstæði Taívans. Hann var einnig fyrirlitinn af Þjóðernisflokki Taívans, sem töldu skoðanir hans hættulegar.

Chen Shui-bien var forseti Taívans í tvö kjörtímabil, frá árinu 2000 til 2008. - kg

Tillögur tóbaksvarnarþings:

Tóbak verði tekið úr sölu

HEILBRIGÐISMÁL Tóbaksvarnarþing samþykkti í gær að leggja til við stjórnvöld að Ísland verði fyrsta landið í heiminum til að taka tóbak alfarið úr almennri sölu. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær.

Þá leggur tóbaksvarnarþing til að nikótín og tóbak verði skilgreind sem ávana- og fíkniefni samkvæmt lögum. Einnig að sölu tóbaks í matvöruverslunum og bensínstöðvum verði hætt og aldur til tóbakskaupa verði hækkaður í tuttugu ár.

Tóbaksvarnarþing hvetur jafnframt til þess að komið verði á fót embætti Tóbaksvarnarlæknis.

- kg / sjá síðu 10

Skotmörk í staðsetningartæki:

Hringferð þjófa stöðvuð í gær

LÖGREGLUMÁL Þrír Litháar á þrítugsaldri voru handteknir við Hagkaup í Borgarnesi í gær eftir að lögreglu var gert viðvart um grunsamlega tilburði þeirra.

Í bíl mannanna fannst meint þýfi úr Mosfellsbæ. Þar á meðal var staðsetningartæki sem færð höfðu verið inn í heimilisföng hátt í fjörutíu fyrirtækja um allt land. Lögregla telur mennina hafa ætlað í ránsferð um landið. Mennirnir, sem voru með bakpoka hannaðan til að komast framhjá eftirlitstækjum, könnuðust ekki við neitt misjafnt og var sleppt eftir yfirheyrslur. Lögregla hvetur fólk alls staðar til að læsa bílum og húsum. - gar

LANDSPÍTALINN

Ólafur leysir Björn af

Ólafur Baldursson hefur verið skipaður framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum til eins árs. Leysir hann Björn Zoëga af sem gegnir starfi forstjóra LSH næsta árið.

Skoða leiguhúsnæði fyrir yfirfull fangelsi

Dómsmálaráðherra og yfirvöld fangelsismála hafa nú til athugunar að leigja húsnæði fyrir afplánunarfanga þar sem fangelsin anna engan veginn boðunarlistum. Þá er lögð áhersla á að hraða afgreiðslu rafræns eftirlits og fleiri úrræða.

FANGELSISMÁL Dómsmálaráðherra og yfirvöld fangelsismála hafa nú til athugunar að leigja húsnæði þar sem vista megi afplánunarfanga. Ýmsir kostir eru í þeirri stöðu.

Þetta segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra. Fréttablaðið greindi frá því í gær að öll fangelsi á landinu eru nú yfirfull. 240 dæmdir brotamenn bíða á boðunarlista eftir því að hefja afplánun. Þeir sem lengst hafa verið á listanum hlutu dóm á árinu 2005.

Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, óttast að sleppa þurfi þeim mörgu innbrotsþjófum, sem lögreglan hefur verið að taka að undanförnu, á götuna eftir að þeir hljóti dóm þar sem ekki verði pláss fyrir þá í fangelsum hér.

„Það má alls ekki gerast að lögregla fari í víðtækar aðgerðir og nái þessum árangri en síðan verði skortur á fangaplássum til þess að menn fari út á götuna strax aftur. Það gengur ekki upp. Það er verið að huga að ákveðnum bráðabirgðalausnum í því sambandi, svo og lausnum til langframa."

Dómsmálaráðherra segir að auk þess að reyna að fjölga afplánunarplássum sé verið að huga að öðrum fullnustuúrræðum, svo sem rafrænu eftirliti og að fjölga þeim tilvikum þar sem hægt sé að fullnusta refsidóm með samfélagsþjónustu.

„Fangavist er ein leið afplánunar. Í rafrænu eftirliti eru menn með staðsetningartæki, sem er

HEGNINGARHÚSIÐ Í Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg voru sextán fangar vistaðir í gær. Tvísett var í fimm klefa. Fangelsið er á undanþágu til áramóta.

einnig mjög íþyngjandi. Hvað varðar síðarnefnda úrræðið er í mínum huga ekki verið að gefa afslátt á fullnustunni, þótt hún fari fram með öðrum hætti. En það er alveg ljóst líka að úrræði eins og samfélagsþjónusta og rafrænt eftirlit hentar ekki nema í ákveðnum tilvikum. Það verður að vanda sig við það í fyrsta lagi að ákveða hvers konar dómum er hægt að fullnægja með þessum hætti og hvaða

RAGNA ÁRNADÓTTIR

sakamenn eru til þess fallnir að geta fullnustað með þessu móti. Það er ekki hægt að leysa biðlistana með þessum úrræðum og því erum við að horfa til þess að reyna með einhverjum ráðum að fjölga fangaplássum."

Stefnt er að því að leggja fram frumvarp um rafrænt eftirlit á haustþingi, að sögn ráðherra. „Það liggur mjög á þessu. Þessi staða sem nú er uppi í fangelsismálum er algjörlega óviðunandi." Spurð hvort ekki væri einfaldast að byggja nýtt fangelsi eins og verið hefur á döfinni árum saman segir ráðherra hvorki slíka byggingu né stækkun Litla-Hrauns uppi á borðinu nú.

jss@frettabladid.is

Fundur í Madríd:

Chavez líkti Spánarkonungi við Castro

MADRÍD, AP Hugo Chavez, forseti Venesúela, gantaðist við Jóhann Karl Spánarkonung þegar þeir hittust í gær á stuttum fundi í Madríd. Chavez sagði konungi að nýja skeggið hans minnti sig á Fidel Castro, fyrrverandi leiðtoga Kúbu. Konungurinn svaraði því til að skeggið væri liður í viðleitni hans til breyta útliti sínu örlítið.

HUGO CHAVEZ

Spánn er síðasta landið sem Chavez heimsótti á ferð sinni til níu landa. Að fundinum loknum heimsótti Chavez bókabúð í Madríd, þar sem hópur mótmælenda gerði hróp að forsetanum og kallaði hann meðal annars morðingja og einræðisherra. - kg

Innbrot í fjóra gáma:

Sautján sófasett komin í leitirnar

LÖGREGLUMÁL Sófasett sem stolin voru úr gámum í Dugguvogi í vikunni fundust á Akranesi. Í gærkvöld voru þau allflest eða öll komin í leitirnar.

Fimm menn, allir íslenskir, voru handteknir í skemmu í Hafnarfirði í fyrrakvöld. Þar hafði fundist merkimiði af einu einu hinna stolnu sófasetta, og á honum var nafn verslunarinnar og tegundarheiti, en settin sjálf voru horfin. För eftir flutningabíl sáust við húsnæðið.

Mennirnir sem handteknir voru sættu yfirheyrslum í gær.

Samtals var sautján sófasettum stolið úr fjórum gámum við fyrirtækið Patta ehf. í Dugguvogi 2. - jss

Bæjarráð Kópavogs vill hætta við byggingu óperuhúss í bænum:

Óperuhús í Kópavogi slegið af

SVEITARSTJÓRNIR „Ef þetta gengur eftir þá liggur fyrir að óperuhúsið verður slegið af," segir Gunnsteinn Sigurðsson, bæjarstjóri Kópavogs, um samþykkt bæjarráðs frá því á fimmtudag um að leggja niður undirbúningsnefnd um byggingu óperuhúss í Kópavogi.

„Í ljósi aðstæðna sem öllum eru kunnugar er ljóst að fyrirhuguð áform um byggingu Óperuhúss eru að engu orðin. Íslenska óperan mun fá samastað í nýju tónlistarhúsi í Reykjavík. Áætlanir um að fjármagna byggingu hússins með fjárframlögum einkaaðila munu ekki ná fram að ganga sökum aðstæðna í efnahagslífi þjóðarinnar," sagði í tillögunni sem þrír af fimm bæjarráðsfulltrúum samþykktu á meðan tveir sátu hjá.

Enn á eftir að greiða atkvæði um málið í bæjarstjórn sem tekur

TILLAGA AÐ ÓPERU Bæjarstjórinn í Kópavogi vill flýta sér hægt varðandi það að hætta við óperuhúsið.

endanlega ákvörðun. Gunnsteinn segir að þrátt fyrir að aðstæður sé augljóslega gjörbreyttar og forsendur brostnar vegna efnahagshrunsins finnist sér að málið sé unnið of hratt og samráð skorti við þá sem átt hafi í samstarfi við bæinn um byggingu óperuhússins.

„Það væri kurteisara að gefa sér tíma til að ræða við þessa aðila áður en ákvörðun er tekin," segir bæjarstjórinn. Aðspurður segir hann óvíst hver afgreiðsla bæjarstjórnarinnar verður. - gar

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.is • sía

Kringlan

Opið til 18

Pússaðir lakkskór og sportskór með tökkum
og töfrandi úrval af jökkum og frökkum.

Mán til mið 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Komdu í heimsókn

GENGIÐ 11.09.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,62	124,22
Sterlingspund	206,44	207,44
Evra	180,51	181,53
Dönsk króna	24,247	24,389
Norsk króna	20,834	20,956
Sænsk króna	17,673	17,777
Japanskt jen	1,3592	1,3672
SDR	195,73	196,89

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 233,6504

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Siv Jensen gæti komist í lykilstöðu við stjórnarmyndun í Noregi:

Vill verða járnfrú Noregs

NOREGUR, AP Siv Jensen, leiðtogi Framfaraflokksins í Noregi, gæti komist í lykilstöðu við stjórnarmyndun að loknum þingkosningum á mánudag.

Samkvæmt skoðanakönnunum stendur hin rauðgræna ríkisstjórn Jens Stoltenbergs afar tæpt, en fátt bendir til að hægri flokkarnir nái meirihluta nema hafa Framfaraflokkinn með í stjórn.

Framfaraflokkurinn er hins vegar afar umdeildur bæði vegna róttækrar frjálshyggju og harkalegrar útlendingastefnu. Þótt Erna Solberg, leiðtogi Hægri flokksins, hafi sagst geta hugsað sér að mynda stjórn með Jensen, þá hafa hinir flokkarnir á hægri vængnum, Kristilegi þjóðarflokkurinn og frjálslyndi flokkurinn Venstre, sagt að það komi ekki til greina.

Jensen, sem virðist gera sér vonir um að verða eins konar Margaret Thatcher Noregs, segir af og frá að hún muni styðja nokkra ríkisstjórn, nema Framfaraflokkurinn sé innanborðs, sem þýðir að möguleikar á myndun minnihlutastjórnar verða afar takmarkaðir.

Dagblaðið Verdens Gang birti í gær skoðanakönnun þar sem spurt er hvaða forsætisráðherraefni flokkanna yrði skaðlegast Noregi. Nærri 59 prósent segja að

ERNA SOLBERG OG SIV JENSEN Leiðtogar stærstu stjórnarandstöðuflokkanna, Hægriflokksins og Framfaraflokksins, bera saman bækur sínar. NORDICPHOTOS/AFP

Siv Jensen yrði Noregi verst, en tæp 22 prósent nefna Jens Stoltenberg og rúm fimm prósent Ernu Solberg. - gb

Forseti Rússlands:

Bannar bjór í stórum dósum

MOSKVA, AP Að skipun Dmitrí Medvedev, forseta Rússlands, verður brátt gert ólöglegt að selja bjór í flöskum eða dósum sem eru stærri en 33 centilítrar í landinu. Er þetta talið fyrsta merkið um að forsetinn hyggist leggja mikla áherslu á að berjast gegn mikilli áfengisneyslu meðal þegna þjóðarinnar.

Medvedev hefur lýst áhyggjum sínum yfir áfengisneyslu og áhrifum hennar á heilsu þjóðarinnar. Rannsókn sem birtist í læknatímaritinu Lancet í júní sýndi fram á að dauða rúmlega helmings Rússa á aldrinum 15 til 54 ára megi rekja til áfengisneyslu. - kg

REIÐHJÓL Ferðamáti borgarstarfsmanna framtíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reykjavík gerð vistvænni:

Borgin gerir samgönguátak

SAMGÖNGUMÁL Fyrsta samgöngustefnan fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarráði á fimmtudag. Stefnunni er ætlað að gera samgöngur á vegum borgarinnar vistvænar, draga úr ferðaþörf og stuðla að bættu borgarumhverfi.

Stefnunni verður framfylgt með því að bjóða starfsmönnum samgöngusamninga í stað akstursstyrkja og fækka gjaldfrjálsum bílastæðum við vinnustaði borgarinnar. Reiðhjól og vistvænar bifreiðar munu standa starfsmönnum til boða vegna vinnuferða. Árlega verður hlutfall vistvænna ferða aukið, vistvænum farartækjum gert hærra undir höfði og dregið úr bílaumferð á vegum borgarinnar. - shá

ATHUGASEMD

Vegna skrifa í blaðinu í gær skal tekið fram að með orðum sínum í fréttum Stöðvar 2 á miðvikudag átti Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, við að nauðsynlegt væri að Alþingi breytti lögum um fjármálafyrirtæki til að gera þau skýrari en nú væri. Óheppilegt sé að þagnarskylduákvæði þeirra sé túlkað á mismunandi vegu.

Segir hund hafa étið læri af lifandi lambi

Fjárbóndi í Helgadal segir hunda hafa drepið hátt í sjötíu kindur í sveitinni á aðeins sjö árum. Tvö lömb voru drepin í vikunni. Bóndinn telur annað lambið hafa verið lifandi á meðan hundur át af því lærið. Óvíst er hver hundurinn er.

LANDBÚNAÐUR „Lambið hefur áreiðanlega verið lifandi þar til búið var að éta helminginn af lærinu," segir Hreinn Ólafsson, fjárbóndi í Helgadal ofan við Mosfellsdal.

Tvö lömb fundust dauð á þriðjudag við ána Köldukvísl, um fimm hundruð metra fyrir ofan Gljúfrastein. Talið er öruggt að þau hafi verið drepin af hundi. Að sögn Hreins er aðeins einn og hálfur mánuður frá því sex ær fundust drepnar af hundum í Seljadal ofan við Helgadal.

„Það eru þrír litlir fjárbændur hérna í dalnum og við erum búnir að missa sextíu til sjötíu fjár á sex eða sjö árum í hunda. Þetta er náttúrlega heimsmet," segir Hreinn.

HREINN ÓLAFSSON

Á bæjarskrifstofunni í Mosfellsbæ fékkst staðfest að sá fjöldi kinda sem Hreinn nefnir hefði verið drepinn af hundum í Mosfellsdal á undanförnum árum. Enginn vafi leiki á því að um hunda hafi verið að ræða.

Eins og áður kemur fram telur Hreinn lömbin tvo ofan við Gljúfrastein hafa verið lifandi meðan hundurinn át sig inn í þau. „Það er ekki skemmtilegur dauðdagi að láta hund drepa sig," bendir fjárbóndinn á. Hreinn kveðst hafa grun um hvaða hundur hafi verið að verki nú síðast. „En það er ekkert staðfest," ítrekar hann.

Að sögn Hreins hefur megnið af áðurnefndum sextíu til sjötíu tilvikum þar sem hundar hafa drepið fé í sveitinni verið upplýst. Eigendur hundanna eða tryggingar þeirra hafi þá greitt bætur fyrir kindurnar og hundarnir verið felldir. Síðast hafi tveir hundar verið drepnir fyrir þremur árum. „Þeir hafa verið skotnir hérna á túnunum á færi," upplýsir hann.

Hreinn segir mikinn fjölda hunda vera í sveitinni. „Ég gæti trúað að um þriðjungur þeirra sé látinn ganga laus og það er gallinn. Fólk verður að passa þetta betur. Lögreglan hefur engan tíma enda er hún á harðahlaupum á eftir sófasettum um allar jarðir," svarar Hreinn spurður hvað sé til ráða.

Lömb ánna sex sem drepnar voru í Seljadal fyrr í sumar eru enn ófundin að sögn Hreins. „Við finnum ekki lömbin og þangað til annað kemur í ljós höldum við að þeim hafi verið stolið," segir fjárbóndinn í Helgadal. gar@frettabladid.is

LAMB SEM HUNDUR DRAP Ömurleg aðkoma var að lambinu sem hundur drap ofan við Gljúfrastein í Mosfellsdal.

Ólafur R. Dýrmundsson:

Kjörinn í stjórn Evrópusamtaka

STJÓRNSÝSLA Doktor Ólafur R. Dýrmundsson, ráðunautur Bændasamtakanna á sviði lífræns búskapar og landnýtingar, var nýverið kjörinn í stjórn Búfjárræktarsambands Evrópu. Er þetta í fyrsta sinn sem Íslendingur er kjörinn í stjórn samtakanna.

ÓLAFUR R. DÝRMUNDSSON

Samtökin heiðruðu Ólaf á síðasta ári fyrir fræðistörf og langvarandi þjónustu.

Frá þessu er greint í Bændablaðinu. - bþs

Fjárhagsáætlun í Reykjavík:

Tillagna ríkisstjórnar beðið

REYKJAVÍK Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri segir ekki hægt að ljúka umræðum um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrr en tillögur ríkisstjórnarinnar um niðurskurð liggja fyrir. Þetta kemur fram í svari við fyrirspurn borgarráðs fulltrúa Samfylkingarinnar.

HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Þar segir Hanna Birna að ekki liggi fyrir hvernig boðaður 50 til 60 milljarða niðurskurður á útgjöldum ríkisins muni snerta sveitarfélögin. Miðað sé við að fjárhagsrammar einstakra stofnana liggi fyrir 17. september og umræðum um fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 verði lokið fyrir 1. desember. - kóp

Vellíðan án lyfja

með verkfærum sálfræðinnar

Fjögurra vikna árangursmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar til að takast á við vanlíðan, álag og spennu. Kenndar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða og depurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluaðferðir jafnframt kenndar.

Kennsludagar:
Mánudagar og fimmtudagar frá 20:00 til 21:45 auk eftirfylgdartíma, alls 16 klst.

KMS

Kennarar: **Oddi Erlingsson og Sóley D. Davíðsdóttir,** sérfræðingar í klínískri sálfræði.
Verð aðeins kr. 42.000.
Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga.
Næsta námskeið hefst mánudaginn 28. september n.k.

Skráning og fyrirspurnir í símum 5340110 og 5624444, oddier@simnet.is og kms@kms.is
Nánari upplýsingar: www.kms.is.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

SÓL OG 20 STIG
Hreint frábærar veðurhorfur verða á norðaustan og austanverðu landinu um helgina. Hægur vindur og bjartviðri með hita á bilinu 15-20 stig. Sunnanlands og vestan verður skýjað með köflum og súld með ströndinni sem færist í aukana síðdegis. Þá verður sumstaðar strekkingur á annesjum vestan til. Svipað veður á morgun.



Á MORGUN
8-13 m/s vestan til, annars hægari.

MÁNUDAGUR
5-13 m/s hvassast norðvestan til

HEIMURINN

Alicante	28°
Amsterdam	20°
Basel	21°
Berlín	22°
Billund	18°
Eindhoven	22°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	19°
Gautaborg	19°
Kaupmannahöfn	19°
Las Palmas	23°
London	22°
New York	21°
Orlando	31°
Osló	17°
París	21°
Róm	28°
Stokkhólmur	18°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Erikur
betra verð í Blómavali

Erikur!
3 stk að eigin vali
999 kr

Aðeins um helgina

Tilboð
Burkni, 50sm
1990 kr

Haustlaukar
magnpakkningar
1499 kr

Tilboð
Burkni, 25sm
899 kr

Haustið er tíminn

HELGAR TILBOÐ MÁLNING

10 ltr **5.999**

3 ltr **2.999**

7119960 7119961

Innimálning

999

Rúllusett + bakki
25 sm
7014822

89.990

FRÁBÆRT VERÐ
MIKIÐ ÚRVAL

Frystikista
272 ltr, 89,5 x 102 x 64,5 sm
1805487

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

KJÖRKASSINN

Ert þú fylgjandi fyrirhuguðum breytingum á Ingólfstorgi?

Já	16,9%
Nei	83,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Veldur plássleysi í íslenskum fangelsum þér áhyggjum?

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Seðlabankastjóri sem látinn var víkja snýr aftur í bankann eftir nokkra fjarveru:

Fær skrifstofu til að flokka skjöl sín

FÓLK Eiríkur Guðnason, sem lét af störfum sem seðlabankastjóri í lok febrúar, er nú snúinn aftur í bankann.

Að þessu sinni verður Eiríkur með starfsaðstöðu í skjalasafni Seðlabankans í Einholti þar sem hann hefur fengið skrifstofu til afnota. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum hyggst Eiríkur flokka skjöl frá bankastjóraferli sínum í bankanum. Eiríkur þekkir sögu Seðlabankans vel enda hóf hann störf þar fyrir fjórum áratugum og var bankastjóri í fimmtán ár, eða frá 1994 til ársins í ár eins og áður segir.

Eiríkur Guðnason fær aðstöðuna í Einholti aðeins tímabundið á meðan hann gengur frá og flokkar eigin skjöl. Í svari Seðlabankans kemur fram að bankastjórinn fyrrverandi vinni þetta starf í samráði við bankann og án þess að fá greidda fyrir það sérstaka þóknun.

Eiríkur lét af störfum í Seðlabankanum gegn eigin vilja eins og fram hefur komið. Í febrúar sagði hann meðal annars í bréfi til Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra að yfirlýsing hennar um skipulagsbreytingar í bankanum væri „furðuleg“ og miklum tíma vikurnar þar á undan hefði verið „eytt í óþarfa“ í stað þess að sinna brýnum verkefnum. - gar

EIRÍKUR GUÐNASON Flokkar nú og gengur frá skjölum frá fimmtán ára ferli sem seðlabankastjóri. Myndin er frá árinu 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ríkislögreglustjóri:

Fólk hugi að örygggi heimila

LÖGREGLUMÁL Vegna mikillar fjölgunar innbrota að undanförnu hvetur ríkislögreglustjóri almenning til að huga vandlega að öryggi heimila sinna og gera viðeigandi ráðstafanir til að torvelda innbrot.

Ríkislögreglustjóri minnir á mikilvægi nágrannavörslu. Mikilvæg forvörn felst í samvinnu og samheldni fólksins í landinu. Hið sama gildir um eigendur og stjórnendur fyrirtækja.

Alls hafa 25 manns verið handteknir vegna rannsóknarinnar en fólkið er allt af erlendum uppruna. - jss

Fundur forsætisráðherra:

Láta af andstöðu við aðildarviðræður

LJUBLJANA, AP Stjórnvöld í Slóveníu og Króatíu hafa samþykkt að átján ára löng landamæradeila ríkjanna muni ekki lengur hafa áhrif á aðildarviðræður Króata við Evrópusambandið. Þetta var tilkynnt eftir fund forsætisráðherra ríkjanna, Borut Pahor og Jadranka Kosor, í gær.

Slóvenía, sem á aðild að Evrópusambandinu, hefur staðið í vegi fyrir aðildarviðræðum Króata vegna landamæradeilunnar.

Króatía hefur samþykkt að krefjast ekki yfirráða yfir landsvæði sem þjóðirnar hafa deilt um meðan á aðildarviðræðunum stendur. - kg

Norðurál í Helguvík:

Þrír erlendir bankar fjármagna álverið

EFNAHAGSMÁL Hlutir í Century Aluminium hækkuðu um 1,45 prósent í gær í kjölfar þess að tilkynnt var um að Norðurál hefði náð samningi við þrjá erlenda banka um fjármögnun álversins í Helguvík.

Samkvæmt tilkynningu frá Norðuráli er um bankana BNP Paribas, Societe Generale og ING að ræða.

Áætlað er að álframleiðsla hefjist í Helguvík síðla árs 2011. Framleiðslugeta fyrsta áfanga álversins á að vera 90 þúsund tonn á ári en fullbyggt álver á að geta framleitt 360 þúsund tonn á ári. - kh

Telur tölvuútboð ekki svara kostnaði

Bæjarstjóri Akraneskaupstaðar vill frekar semja um tölvuþjónustu bæjarins en að bjóða hana út. Fyrirtækið sem sér um hana er í eigu sonar forseta bæjarstjórnar. Minnihlutinn segir meirihlutann heykjast á eigin samþykkt um útboð.

AKRANES Óvíst er hvort tölvuþjónusta Akraneskaupstaðar verður boðin út, líkt og bæjarráð fól bæjarstjóra að undirbúa fyrr í sumar. Fulltrúar minnihlutans gagnrýna þetta og segja eðlilegt að þjónustan sé boðin út.

Samningur er í gildi á milli bæjarins og fyrirtækisins Securstore. Það er í eigu Bjarna Ármannssonar, fyrrverandi forstjóra Glitnis, sem er stjórnarformaður, og Arnar Gunnarssonar, sonar Gunnars Sigurðssonar, forseta bæjarstjórnar.

Bæjarráð ákvað í fyrra að bjóða þjónustuna út, en hætti síðan við og samdi við fyrirtækið. Á fundi sínum 30. júní fól ráðið bæjarstjóra að undirbúa útboð á tölvuþjónustu. Á næsta fundi þar á eftir var honum einnig falið að leita eftir afslætti á öllum fyrirliggjandi samningum.

Sveinn Kristinsson, oddviti Samfylkingarinnar, segir ljóst á greinargerð bæjarstjóra, sem lögð var fram á fundi 3. september, að meirihlutinn ætli sér að framlengja samninginn. Þar sé útboðum fundið allt til foráttu, sem sé sérkennilegt, ekki síst á þessum sparnaðartímum.

Gísli S. Einarsson bæjarstjóri segir ólíklegt að útboð mundi skila bæjarfélaginu betri kjörum. Hann segir að kostnaður við samning um hýsingu og afritun sé um sex milljónir. Þar við bætist útseldir tímar vegna annarrar þjónustu. Hann segir fyrirtækið hafa boðið 25 prósenta lækkun á samningi. Bæjarráð taki afstöðu til þess hvort farið verði í útboð en sjálfur telji hann kostnað við það of mikinn miðað við ávinning.

Samfylkingin hefur farið fram á að kostnaður af samningi við Securstore sé metinn. Sveinn segir það lágmark áður en ákvörðun verði tekin um framlengingu samnings, þó að eðlilegast væri að fara í útboð. Kostnaður virðist vera um 26,5 milljónir á síðustu tólf mánuðum og samkvæmt innkaupareglum eigi því að fara í útboð.

Þá segir Sveinn óljóst hvort tilætlaður sparnaður við það að hætta við útboð í fyrra hafi náðst. „Mér sýnist miðað við þær greiðslur sem farið hafa í tölvumálin að þær hafi hækkað stórkostlega, en ekki lækkað.“ Sveinn óttast að verið sé að gefa fyrirtækinu stöðu til sjálftöku úr bæjarsjóði.

kolbeinn@frettabladid.is

AKRANES Tekist er á um hvort framlengja eigi samning um tölvuþjónustu bæjarins eða bjóða hana út. Minnihlutinn telur meirihlutann heykjast á samþykkt bæjarráðs um útboð. FRÉTTALBLAÐIÐ/GVA

GÍSLI S. EINARSSON

SVEINN KRISTINSSON

Námskeið við ofsakvíða

Leiðir hugrænnar afterlismeðferðar til að vinna bug á kvíðaköstum

- Færðu fyrirvaralaus kvíðaköst?
- Óttast þú að fá kvíðaköst?
- Forðastu aðstæður þar sem þú gætir fengið kvíðakast?

Sex vikna námskeið við ofsakvíða (felmtursröskun) er að hefjast á vegum sálfræðinga Kvíðameðferðarstöðvarinnar. Markmið námskeiðsins er kenna fólki árangursríkar leiðir til þess að fást við kvíðaköst.

KMS

Skráning fer fram á kms@kms.is eða í síma 822-0043 og lýkur skráningu 21. september n.k. en námskeiðin hefst 23. september.

Nánari upplýsingar má finna á www.kms.is en minnt er á önnur námskeið svo sem við félagsfælni.

Sunnudagssamkomur

Samkoma á hverju sunnudagskvöldi kl. 20:00 hjá KFUM og KFUK, Holtavegi 28.

allir hjartanlega velkomnir

KFUM KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi www.kfum.is

Neytendur: Enn um ljósaperur

Kostir sparperunar ótvíræðir



DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Arnar Þór Hafþórsson, forstöðumaður Lýsingarsviðs hjá Jóhanni Ólafssyni & Co (umboðsaðili Osram frá 1948), svarar Kristjáni Kristjánssyni, sem vitnað var í hér á fimmtudaginn. Kristján dró fram ýmislegt neikvætt við sparperur, en Arnar telur kostina miklu fleiri en gallana.

„Hvað fullyrðingu Kristjáns varðar að miklu meiri orku þurfi í að framleiða og jafnframt eyða sparperum þá er það rétt að einu leyti. Það þarf fimm sinnum meiri orku í að framleiða eina sparperu en eina glóperu. Það sem hann gleymir að minnast á er að sparperur duga 6-20 sinnum lengur en glóperur. Það segir sig því sjálft að orkukostnaður við framleiðslu á einni sparperu á móti 6-20 glóperum er margfalt minni,“ skrifar Arnar og bætir við: „Hvað kvikasilfursinnihald sparpera varðar þá inniheldur sparpera, frá gæðaframleiðanda, 2,5-3 mg af kvikasilfri. Í hefðbundnum kvikasilfurshitamæli eru 1.000 mg af kvikasilfri. Það má einnig benda á það að við framleiðslu á glóperum myndast kvikasilfursútblástur vegna raforkunotkunar. Sá útblástur/mengun er tvöfalt meiri en samanlagt kvikasilfursinnihald sparpera og kvikasilfursútblástur sem myndast vegna framleiðslu á sparperum.“

Varðandi förgun á sparperum segir Arnar hana í litlu frábrugðna förgun á rafhlöðum, hitamælum og öðrum „óhollum“ heimilisvörum. „Hvað almenna mengun og umhverfisvernd varðar er ágætt að hafa þetta í huga: Ein sparpera endist jafnlengi og tíu glóperur. Það mengar minna að framleiða eina sparperu en tíu glóperur. Þó að Ísland búi við vistvænan orkuiðnað erum við ekki ein í heiminum. Okkar framlag skiptir máli. Svo sparar þetta bara mikinn pening!“

SPARPERA Ódýr og góð, segir Arnar.

Amerískir dagar

ekta amerískt!

FERSKAR KALKÚNA BRINGUR
1.982 kr/kg.
Merkt verð 3.049.-

KALKÚNABRINGUR

SINNEPSGLJÁI
2 msk. acacia hunang
4 msk. fersk ítölsk steinselja
4 msk. grófkorna sinnep

Blandið hunangi, steinselju og sinnepi saman í skál

KALKÚNABRINGUR
800 g kalkúnabringur
200 g smjör
1/2 búnt salvía
salt

Saxið salvíu gróft. Brúnið kalkúnabringur á heitri pönnu og saltið. Blandið salvíunni saman við smjörið og setjið undir skinnið á bringunum eða gerið lítil göt í kjötið með hníf og stingið köldu smjörinu rétt undir yfirborðið. Setjið bringurnar í eldfast mót með loki og inn í 110°C heitan ofn og eldið þar til kjarnhiti mælist 65°C. Hellið sinnepsgljáanum yfir bringurnar þegar kjarnhiti er um 55°C. Látið standa í 12 mín. fyrir skurð.

BBQ OG BUFFALO VÆNGIR
359 kr/pk.
Merkt verð 679.-

WESTERN STYLE KJÚKLINGALUNDIR
1.885 kr/kg.
Merkt verð 2.899.-

BBQ KJÚKLINGALÆRI MEÐ LEGG
623 kr/kg.
Merkt verð 959.-

Gosdrykkir
Rótarbjór, Cream Soda, Diet Rótarbjór, Kirsuberja Pepsi, Mountain Dew Code Red, Sunkist, Vanilla Coke og Kirsuberja Coke

Nýtt á USA dögum

Smucker´s
- sultur og íssósur

Nýtt á USA dögum

Kix og epla og kanil Cheerios
– Þetta verður þú að prófa

599 kr/pk.
Verð áður 899.-

Coke 2 lítra, 4 í pakka
– Coke og Coke Light

Snyder´s
– geggjað amerískt snakk...

Loksins aftur á USA dögum

Starbucks kaffi
– ótrúlega vinsælt í Ameríku

Nýtt á USA dögum

Gatorade
– GE, X factor og Xtreme

Gildir til 20. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvaða útrásarvíkingur hefur bæst í hóp þeirra sem höfðað hafa mál á hendur fréttastofu Stöðvar 2?*
2. *Hversu mörgum sófasettum var stolið úr verslun Patta ehf. í vikunni?*
3. *Hvað heitir gabonski leikmaðurinn sem slegið hefur í gegn með knattspyrnuliði Grindavíkur í sumar?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62

Flest tilfelli á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi, en fæst í Vestmannaeyjum:

Rúmlega þúsund með svínaflensu

HEILBRIGÐISMÁL Á annað þúsund manns hafa nú veikst af svínaflensu hér á landi að því er talið er. Frá 29. júní til 6. september voru skráð samtals 1.078 tilfelli með inflúensulík einkenni, eða staðfesta inflúensu, í rafrænan gagnagrunn heilbrigðiskerfisins. Þar af voru 492 karlar og 586 konur. Flest tilfellin eru í aldurshópnum 15 til 34 ára. Flest eru skráð á Vesturlandi og á höfuðborgarsvæðinu en fæst í Vestmannaeyjum. Svo virðist sem faraldurinn sé fyrr á ferðinni á höfuðborgarsvæðinu og hann berist seinna út á land, að Vesturlandi frátöldu.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir að sjálfsagt séu tilfellin mun fleiri því það séu alls ekki allir sem leiti til læknis þótt þeir fái einkenni inflúensu.

Í byrjun september höfðu svo 176 manns greinst með svínaflensu á landinu, sem staðfest var á veirufræðideild Landspítala. Þar af voru 96 karlar og 80 konur. Ekki er vitað um alvarleg veikindi af völdum veirunnar hérlendis. Öll staðfest tilfelli síðastliðnar tvær vikur voru af innlendum toga.

Sóttvarnalæknir minnir á að handþvottur sé mikilvægasta sýkingavörnin, því snerting, bein og óbein, sé lang algengasta smitleið sýkla milli manna. -jss

HARALDUR BRIEM Ekki leita allir til læknis þótt þeir séu með einkenni inflúensu.

Fjórir í gæsluvarðhaldi:

Tóku amfetamín í kílóavís

LÖGREGLUMÁL Fjórir karlmenn hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 24. september að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Mennirnir, þrír á þrítugsaldri og einn undir tvítugu, eru grunaðir um aðild að innflutningi á fíkniefnum hingað til lands frá Danmörku.

Um er að ræða amfetamín í kílóavís.

Málið hefur verið unnið í samvinnu við dönsk lögregluyfirvöld en nokkur önnur lögregluembætti hérlendis auk tollyfirvalda hafa átt aðkomu að rannsókninni. - jss

UNDANTEKNING Laun lækkuðu í byggingariðnaði en hækkuðu í mörgum öðrum atvinnugreinum milli ársfjórðunga vegna samningsbundinna orlofsuppbóta.

Vinnumarkaður:

Þriðjungur með skert kjör

ATVINNA Ríflega þriðjungur launþega hefur tekið á sig skerðingu launa eða starfshlutfalls frá hruninu í október 2008.

Í Morgunkorni Íslandsbanka segir að þótt launakostnaður hafi hækkað lítillega í flestum atvinnugreinum á öðrum fjórðungi ársins skýrist það „einna helst af þeim orlofsuppbótum sem gerðar voru upp á tímabilinu“.

Í Morgunkorni segir að nokkuð ljóst sé „að staða launþega er orðin mun veikari en áður og hafa margir hverjir tekið á sig launalækkanir til þess að sleppa við uppsagnir. Flest bendir til að þróun í þessa átt komi til með að halda áfram á næstu mánuðum.“ - pg

Vilja að ríkið nýti nýja tekjumöguleika

Breytt skattlagning lífeyrissjóða, lægri stýrivextir, aðgerðir fyrir heimilin og skattlagning álfyrirtækja og útgerðarinnar eru stjórnarandstöðu ofarlega í huga. Hún vill frekar leita slíkra leiða en hækka skatta eins og stefnt er að.

SKATTAR Talsmenn stjórnarandstöðunnar vilja að ríkissjóður leiti nýrra tekna frekar en að hækka skatta um 28-30 milljarða króna á næsta ári eins og stefnt er að. Auk hærri skatta hyggur ríkisstjórnin á 33-35 milljarða niðurskurð.

Neytendasamtökin og fleiri hafa hvatt ríkið til að hækka beina skatta eins og tekjuskatt frekar en óbeina skatta og vörugjöld en þau síðarnefndu hafa áhrif á vísitölu og höfuðstól og greiðslubyrði lána. „Ég held að við þær aðstæður sem eru nú verði að blanda þessu talsvert saman,“ segir Árni Þór Sigurðsson, þingmaður VG. Hann segist vilja kanna leiðir til að takmarka áhrif skattahækkana á vísitölugrunn lána.

Þór Saari, þingmaður Borgarahreyfingarinnar, segist ósammála hugmyndafræði ríkisstjórnarinnar; ríkið eigi mikla ónýtta tekjumöguleika. Hann vill endurskoða samninga við álfyrirtæki og tryggja ríkinu tekjur af orkusölu. Eins vill hann afnema kvótakerfið. „Það er löngu kominn tími til að þjóðin njóti arðs af þeim auðlindum sem hafa ýmist verið gefnar útgerðinni eða leigðar erlendum stórfyrirtækjum á spottprís,“ segir Þór, en verði farið í skattahækkanir séu beinar skattahækkanir æskilegri en óbeinar vegna áhrifa á skuldir heimilanna.

Illugi Gunnarsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, og Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknar, leggja áherslu á að ná niður stýrivöxtum Seðlabankans og auka skatttekjur með auknum umsvifum í atvinnulífinu.

„Það verður að ná niður vöxtum Seðlabankans og fara í að nýta orkuauðlindir og aðrar auðlindir til að efla hagkerfið,“ segir Illugi. Birkir Jón útilokar ekki skattahækkanir í framtíðinni, „en þá verða heimilin að geta staðið undir því,“ segir hann og minnir á þá áherslu sem framsóknarmenn hafi lagt á að skuldir heimilanna verði lækkaðar. Það þoli enga bið.

Illugi leggur einnig áherslu á að ríkið nýti sér hugmyndir Sjálfstæðisflokksins og afli um það bil þrjátíu milljarða tekna á næsta ári með því að skattleggja inngreiðslur í lífeyrissjóði en hætti að skattleggja útgreiðslur eins og nú er gert. Það hafi engin áhrif á ráðstöfunartekjur launþega, þótt það dragi vissulega úr þjóðhagslegum sparnaði og dragi úr völdum og áhrifum lífeyrissjóða.

peturg@frettabladid.is

ALÞINGI Stjórnarandstaðan vill auka umsvif atvinnulífsins, skattleggja auðlindanotkun, lækka stýrivexti og grípa til aðgerða til að lækka skuldir heimilanna frekar en að hækka skatta eins og ríkisstjórnin telur nauðsynlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ræktun á lyfjaplöntum:

Ákvörðun um leyfi kærð

UMHVERFISMÁL Sjö samtök hafa kært þá ákvörðun Umhverfisstofnunar að veit Orf Líftækni hf. leyfi til útiræktunar á erfðabreyttum lyfjaplöntum á Íslandi. Þetta kemur fram í tilkynningu sem send var fjölmiðlum í gær.

Að kærunni standa Dýraverndunarsamband Íslands, MATVÍS, Náttúrulækningafélag Íslands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Neytendasamtökin, Slow Food Reykjavík og Verndun og ræktun.

Kærendur telja að ákvörðun Umhverfisstofnunar samræmist hvorki gildandi lögum um erfðabreyttar lífverur og sleppingar þeirra út í umhverfið né stjórnsýslulögum landsins. - kg

Stúdentaráð HÍ:

Fagnar ákvörðun ríkisstjórnar

MENNTUN Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja aukið fjármagn til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þetta kemur fram í ályktun sem ráðið sendi frá sér í gær.

Í ályktuninni kemur fram að Stúdentaráð hafi á undanförnum mánuðum bent ítrekað á þau bágu kjör sem námsmönnum bjóðast. Ráðið telji ákvörðun ríkisstjórnarinnar vera framfaraskref og samræmast að einhverju leyti því lokatilboði sem ráðið lagði fram í lánasjóðsviðræðunum fyrr í vor. Hækkunin sé þó ekki eins há og stúdentar höfðu vonað, en hér sé stigið skref í rétta átt að mannsæmandi lágmarkskjörum fyrir stúdenta. - kg

DÓMSTÓLAR

Ákærður fyrir flöskuárás

Tæplega þrítugur maður hefur verið ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, en honum er gefið að sök að hafa slegið mann í höfuðið með glerflösku. Sauma þurfti sex spor í höfuð þolandans eftir árásina. Hann krefst 685.500 króna í bætur.



* Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Hafa ber í huga að eign í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað eða lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra. Ríkisskuldabréf - Sjóður 5 og Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7, eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðanna. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Íslandsbanka hf., www.islandsbanki.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðanna og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

DÝRADAGAR Í GARÐHEIMUM

SMÁHUNDAFJÖR ALLA HELGINA!



- **Hundatískusýning**
  laugardag og sunnudag, kl. 14:30 og 15:30
- **Sýnikennsla í hundasnyrtingu**
  laugardag og sunnudag, kl. 14.00 til 16.00
- **Hundafimi í gróðurhúsinu**
  laugardag, kl. 14:00
- **Kerruhundar með krakka**
  laugardag, kl. 14:30
- **Dýravörukynningar**
- **Frábær tilboð**
- **...og lukkupottur**

þeir hundar sem eru á staðnum fá að prófa hundafimi!

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA: Með réttri fóðurgjöf og réttri hreyfingu verður hundurinn flottur - og eigandinn líka!

Nýtt!

10% afsláttur af garni um helgina!

GRÍPTU GARNIÐ Í GARÐHEIMUM!
HULDA HÁKONARDÓTTIR veitir prjónaráðgjöf
laugardag frá 13.00 til 16.00 og
sunnudag frá 14.00 til 16.00

Erikur og haustplöntur í úrvali!

Tilboð
3 Ericur
1.190kr

Haustlaukarnir komnir!

- Hvergi meira úrval
- Hver er laukur vikunnar
- Tilboð

Hefur þú kíkt á heimasíðuna okkar www.gardheimar.is - Námskeiðin eru hafin!

15% afsláttur af grillum

GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Ef þú vilt rækta upp villiblómaengi er gott að sá fyrir því á haustin. **Fræ mánaðarins** eru villiblómafræ.

Opið til 21.00 öll kvöld



FELUMYND DAGSINS Hann sést ekki vel á myndinni, þessi litli blettatígur í dýragarði í Basel sem horfir stórum augum á ljósmyndarann. Fyrir aftan þann litla er móðirin Msichana sem snýr baki í okkur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögregla rannsakar meintar pyntingar af hálfu leyniþjónustu Bretlands:

MI6 sökuð um pyntingar

LONDON, AP Breska lögreglan rannsakar nú ásakanir á hendur MI6-utanríkisleyniþjónustunni þar í landi, þess efnis að erlendir fangar í haldi leyniþjónustunnar hafi verið pyntaðir. Þetta er í annað sinn á síðustu mánuðum sem framkoma starfsmanna leyniþjónustu Breta er rannsökuð sérstaklega.

William Hague, þingmaður stjórnarandstöðunnar, bað utanríkisráðherrann David Miliband og forsætisráðherrann Gordon Brown skriflega um að rannsaka ásakanir breskrar þingnefndar á hendur leyniþjónustunni. Þar eru starfsmenn MI6 og MI5, innanríkisleyniþjónustu Bretlands, sakaðir um að hafa pyntað fanga í sinni vörslu í Pakistan, Egyptalandi og Guantanamo-fangabúðunum á Kúbu.

GUANTANAMO Meintar pyntingar bresku leyniþjónustunnar eiga meðal annars að hafa átt sér stað í fangabúðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Miliband, sem er æðsti yfirmaður MI6, segir í svarbréfi til Hague að leyniþjónustan hafi átt frumkvæði að því að málið yrði rannsakað. Það tengist ekki utanaðkomandi ásökunum. „Ríkisstjórnin fordæmir pyntingar. Við munum hvorki styðja slíkar aðgerðir né biðja aðra um að framkvæma þær fyrir okkur," segir Miliband í bréfinu, sem birt var í gær.

Lögregla staðfesti í gær að rannsóknin tengdist ekki máli Eþíópíumannsins Binyam Mohamed, sem rannsakað var í júlí. Mohamed heldur því fram að starfsmenn MI5 hafi látið pyntingar á sér afskiptalausar þegar hann var í haldi í Pakistan og Marokkó árið 2002. - kg

Náttúrufræðistofnun Íslands:

Lítið af frjókornum í ágúst

NÁTTÚRA Nýliðinn ágústmánuður mældist þriðji lægsti ágústmánuður hvað varðar heildarfjölda frjókorna síðan mælingar hófust árið 1988. Heildarfjöldi frjókorna í Reykjavík reyndist sá fjórði minnsti í 22 ár. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Í tilkynningunni kemur fram að algengast sé að lítið sé um frjókorn í september. Helst er að grasfrjó mælist, en þá yfirleitt í litlu magni eða innan við tíu frjókorn í rúmmetra lofts á sólarhring. Fæstir finni fyrir þeim frjókornum. - kg

Sjóðfélagafundur

Almenni lífeyrissjóðurinn boðar til sjóðfélagafundar mánudaginn 28. september 2009 á Grand Hótel Reykjavík kl. 17:15.

ANTONA BERGUR

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla stjórnar um rekstur og afkomu Almenna lífeyrissjóðsins.
3. Tillaga og ákvörðun um sameiningu Almenna lífeyrissjóðsins og Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka hf.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum.
5. Önnur mál.

Nánari upplýsingar og tillögur um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.
Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Rótgróið fyrirtæki í vanda:

Jóhanni Ólafs skipt í tvennt

VIÐSKIPTI Fyrirtækið Jóhann Ólafsson & Co hefur átt í vandræðum síðustu misseri og var því skipt upp fyrr á árinu.

Allar eignir og rekstur fóru yfir í GV-heildverslun, fyrir utan að Jóhann Ólafsson & Co hélt áfram með viðskipti á sviði lýsingar, undir nýrri kennitölu. Fyrirtækið flytur meðal annars inn Osram-ljósaperur.

GV fór síðan í þrot. Jón Árni Jóhannsson framkvæmdastjóri segir að þess sé vænst að eignir GV fari langleiðina upp í skuldir.

Ástæða þess að fór sem fór sé „gengisfall krónunnar og síversnandi kreppuástand".

Fyrirtækið Jóhann Ólafsson & Co var stofnað árið 1916. - kóþ

LÖGREGLUMÁL

Játaði rán í matvöruverslun

Karl um tvítugt hefur játað að hafa framið rán í matvöruverslun við Hlemm fyrr í vikunni. Maðurinn, hefur áður komið við sögu hjá lögreglu.

TÉKKLAND

Kosningum flýtt

Neðri deild tékkneska þingsins hefur samþykkt stjórnarskrárbreytingu svo flýta megi kosningum, sem haldnar verða jafnvel strax í nóvember. Efri deildin á eftir að samþykkja breytinguna, en búist er við þingslitum í næstu viku.

FRÁ TÓBAKSVARNAÞINGI Fjallað var um reykingar frá mörgum hliðum í gær og kom skýrt fram hversu fórnarkostnaður samfélagsins er gífurlegur vegna þeirra. Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra tók til máls. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Reykingar kosta 100.000 á hvern mann

Niðurstaða tóbaksvarnaþings er að einskis megi láta ófreistað til að draga úr reykingum hér á landi. Boð og bönn virka og þeim ætti að beita í ríkari mæli.

HEILBRIGÐISMÁL Samfélagslegur kostnaður vegna reykinga á ári svarar til þess að allir Íslendingar greiði um 94 þúsund krónur úr eigin vasa. Sígarettupakkinn þyrfti að kosta um 3.000 krónur ef reykingamenn ættu sjálfir að bera allan kostnað sem fellur á samfélagið árlega.

Þetta var meðal þess sem kom fram á tóbaksvarnaþingi Læknafélags Íslands í gær. Áætlað er að 36 þúsund Íslendingar reyki í dag; rúmlega tuttugu prósent þeirra sem hafa náð fullorðinsaldri. Kostnaður samfélagsins er áætlaður hátt í þrjátíu milljarðar króna á ári.

Í upphafi ráðstefnunnar gerði hópur lækna grein fyrir því að öfugt við almannatrú snertu tóbaksreykingar allar sérgreinar læknisfræðinnar með einum eða öðrum hætti.

Kristín Þorbjörnsdóttir heilsuhagfræðingur útskýrði að þegar kostnaður vegna reykinga væri reiknaður þyrfti að hyggja að mörgu. „Annars vegar er það kostnaður einstaklingsins sjálfs og hins vegar samfélagsins í heild. Þessi kostnaður liggur mjög víða og má nefna kostnað heilbrigðiskerfisins, eldsvoða, mengun, rusl, forvarnir og framleiðslutap vegna ótímabærra dauðsfalla og örorku."

Breskar rannsóknir sýna að 5,5 prósent heilbrigðiskostnaðar þar í landi er vegna reykinga. Séu þær tölur settar í íslenskan búning var þessi kostnaður á sjöunda milljarð hér á landi árið 2007, að sögn Kristínar.

> Níkótínneysla er hegðun sem má fyrirbyggja og nikótínfíkn er sjúkdómur sem hægt er að meðhöndla.
>
> **VALGERÐUR RÚNARSDÓTTIR**
> LÆKNIR HJÁ SÁÁ

Valgerður Rúnarsdóttir, læknir hjá SÁÁ, fjallaði um reykingar sem fíkn. „Nikótínneysla er hegðun sem má fyrirbyggja og nikótínfíkn er sjúkdómur sem hægt er að meðhöndla." Valgerður sýndi fram á að reykingar væru stærsta fyrirbyggjanlega ástæða dauðsfalla í vestrænum heimi en mun fleiri falla frá vegna reykinga en vegna slysa, hvaða nafni sem þau nefnast.

Valgerður varpaði því fram á þinginu að sjö prósent fullorðinna Íslendinga hefðu leitað sér aðstoðar á Vogi og ekki væri ofreiknað að önnur sjö prósent þyrftu á aðstoð að halda.

Níu af hverjum tíu þeirra sem kæmu á Vog reyktu, eins og tölur frá stofnuninni sýndu. Á þessu sæist að nikótínfíkn og fíkn almennt væru náskyld.

Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra flutti ávarp á þinginu og minnti á að 400 Íslendingar létu lífið af völdum reykinga árlega. Líta mætti á þá staðreynd í ljósi þess fórnarkostnaðar sem samfélagið bæri af umferðarslysum en árlega deyja tuttugu til þrjátíu manns lífið í umferðarslysum á Íslandi. svavar@frettabladid.is

Endurreisn
Sóknarfæri og samkeppnishæfni

Hilton Reykjavík Nordica
Föstudaginn 25. september kl. 9:00 – 11:30

20/20 Sóknaráætlun er ætlað að leggja grunn að nýrri sókn í íslensku atvinnulífi og samfélagi. Liður í því er að huga að lykilþáttum sem aukið geta samkeppnishæfni landsins.

Á morgunfundinum mun *Irene Mia* hagfræðingur og framkvæmdastjóri hjá Alþjóðaefnahagsráðinu og einn skýrsluhöfunda *The Global Competitiveness Report 2009 - 2010* fjalla um samkeppnishæfni Íslands út frá samkeppnisvísitölu Alþjóðaefnahagsráðsins (*World Economic Forum*).

Allir velkomnir - Skráning á nmi@nmi.is.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

HÁSKÓLI ÍSLANDS

20/20 SÓKNARÁÆTLUN

Ályktun Heimdallar:

Geri betur við erlenda fjárfesta

STJÓRNMÁL Stjórn Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna, skorar á stjórnvöld að gera betur í samskiptum við erlenda fjárfesta. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem stjórnin sendi frá sér í gær.

Í ályktun stjórnar Heimdallar eru stjórnvöld hvött til að huga vel að erlendri fjárfestingu inn í landið. Ýmis dæmi hafi komið upp nýlega þar sem viðbrögð stjórnvalda við óskum og erindum frá erlendum aðilum um að koma með fjármagn til landsins hafi verið lítil sem engin, og valdið því að hugmyndirnar renni út í sandinn. - kg

Færeyskir útgerðarmenn segja ESB-umsókn Íslendinga kalla á að Færeyingar geri upp hug sinn:

Færeyingar þurfa líka að ákveða sig

FÆREYJAR Fari Íslendingar inn í ESB líður ekki á löngu þar til við Færeyingar þurfum að gera upp hug okkar. Spurningin vaknar strax: hvað gerum við? Þetta mál er svo stórt að við eigum ekki að leyfa að það verði að pólitísku leikfangi. Við eigum að gera þetta upp við okkur sjálf.

Svo segir í pistli frá Reiðarafélagi Færeyja, sem er félag skipseigenda; útgerðarmanna.

Margir Færeyingar hafi ekki gert upp við sig hvort þeir styðji eða hafni aðild að ESB, enda hafi þeir ekki kannað kosti þess og galla.

Félagið hafi skoðað áhrifin á sjávarútveginn. Styrkir til sjávarútvegs freisti margra, enda komi ESB-styrkirnir illa við samkeppnisfærni Færeyinga.

Á hinn bóginn mæli margt í móti. Nýlegt dæmi sé af ágreiningi um veiðarfæri, þar sem Frakkar hafi valtað yfir Íra, en Írar höfðu mótmælt ákveðnum lagabreytingum, með vísan til þess að þær þýddu að meira yrði veitt af smáfiski.

„Þetta er umhugsunarvert. Hvað gera Íslendingar þegar þeir komast í sömu aðstæður og Írar?“ er spurt í pistlinum.

Leiddar hafi verið líkur að því að hvorki Íslendingar né Færeyingar fái sérsamninga. Ákvörðunarvaldið verði í Brussel.

Færeyingar þurfi að skoða hvað þeir vilji gera í þessum málum, því fyrr, því betra. - kóþ

FRÁ FÆREYJUM Færeyingar fylgjast nánar með ESB-aðildarumsókn Íslendinga en margar aðrar þjóðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mál Hosmany Ramos:

Framsalsgögnin hafa borist

LÖGREGLUMÁL Dómsmálaráðuneytinu hafa borist framsalsgögn frá brasilískum stjórnvöldum vegna lýtalæknisins Hosmany Ramos sem handtekinn var hér á landi um miðjan ágúst. Að sögn Hilmars Ingimundarsonar, lögmanns Ramos, verður gæsluvarðhalds krafist yfir honum síðar í dag. Ramos var dæmdur í þrjátíu daga fangelsi þegar hann framvísaði vegabréfi bróður síns í Leifsstöð og lýkur afplánun þess dóms á morgun.

HOSMANY RAMOS

Skömmu eftir handtökuna varð ljóst að brasilísk stjórnvöld myndu leggja fram beiðni um framsal Ramos en gögnin hafa verið lengi á leið hingað til lands. Dómsmálaráðuneytið staðfesti hins vegar í samtali við fréttastofu Vísis að þau væru nú komin. - bl

Sjúkraliðafélag Íslands:

Hafa áhyggjur af ástandinu

HEILBRIGÐISMÁL Fulltrúar Sjúkraliðafélags Íslands funduðu með fulltrúum frá heilbrigðisráðuneytinu og Landlæknisembættinu í gær. Tilefnið var að lýsa yfir áhyggjum sínum af ástandinu í heilbrigðismálum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Sjúkraliðafélaginu.

Í tilkynningunni segir að áhyggjurnar beinist meðal annars að því að þegar auknar byrðar leggist á sífellt færri starfsmenn skili það sér í verri þjónustu við skjólstæðinga. Sérstaklega hafi kvartanir borist af slæmu ástandi varðandi hjúkrun aldaðra. - kg

Dómsmálaráðuneytið:

Öryggisverðir noti hunda

LÖGREGLUMÁL Rætt hefur verið um að öryggisverðir fái heimild til þess að beita varnarhundum þar sem starf þeirra fer fram á fáförnum stöðum. Hins vegar hefur ekki komið til tals í dómsmálaráðuneytinu að öryggisverðir fái heimild til að beita valdbeitingartækjum. Þetta hefur fréttastofa Vísis eftir Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra.

Samkvæmt lögreglulögum er heimild til valdbeitingar bundin við þá sem hafa lögregluvald, auk fangavarða. Dómsmálaráðherra segir að nú standi yfir vinna um breytingar á lögum um öryggisþjónustu, sem miði að því að skilgreina hlutverk lögreglumanna og öryggisvarða. - jhh

FEGURÐ HIMINGEIMSINS Geimferðastofnun Bandaríkjanna birti í vikunni nýjar myndir frá sjónaukanum Hubble, sem hefur verið endurnýjaður. Hér sést fyrirbæri í geimnum sem minnir helst á viðkvæmt fiðrildi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir karlmenn og kona handtekin, grunuð um fíkniefnasölu í Borgarfirði:

Tóku tuttugu kókaínskammta

LÖGREGLUMÁL Lögregla lagði hald á tuttugu skammta af hvítu efni sem talið er vera kókaín, auk lauss efnis og íblöndunarefnis í tveimur íbúðum í Reykjavík á miðvikudagskvöld. Tveir karlmenn og ein kona voru handtekin á staðnum og færð til skýrslutöku. Þeim var sleppt að því loknu.

Það var lögreglan í Borgarnesi sem fékk grunsemdir um að fíkniefni væru á leiðinni upp í Borgarfjörð og að þau væru ætluð til sölu þar. Hún fékk lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og sérsveit Ríkislögreglustjóra í lið með sér. Farið var í tvær húsleitir í Reykjavík þar sem fíkniefnin fundust, þar á meðal skammtarnir sem búið var að pakka inn í smásöluumbúðir.

Einn einstaklingurinn sem handtekinn var í tengslum við málið var einnig tekinn fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna. Hinir handteknu hafa tengsl upp í Borgarnes.

Enn er ekki ljóst hversu mikið magn fíkniefna um er að ræða, þar sem rannsóknarniðurstöður þar að lútandi liggja ekki fyrir, meðal annars á sundurgreiningu hvíta efnisins og íblöndunarefnanna. Þá er eftir að yfirheyra fólkið sem handtekið var. Lögregla heldur áfram rannsókn málsins.

- jss

BORGARNES Lögreglan í Borgarnesi fékk pata af fyrirhugaðri fíkniefnasölu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Viðskipta- og hagfræðingar:

Launamunur kynja minnkar

KJARAMÁL Kynbundinn launamunur viðskipta- og hagfræðinga hefur dregist saman á milli ára, úr 7,5 prósentum í fyrra í 3,5 prósent í ár. Þetta kemur fram í könnun sem Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga lét gera.

Þar kemur fram að miðgildi mánaðarlauna félaga er nú 581 þúsund, sem er rúmlega átta prósentum hærri upphæð en í fyrra. Hjá konum nemur þessi upphæð 547 þúsund krónum, sem er níu prósentum hærra en í fyrra, en hjá körlum 636 þúsund krónum, sem er hækkun um sex prósent. Atvinnuleysi á meðal félagsmanna er þrjú prósent.

- kóp

Í tilefni af 15 ára afmæli Subway á Íslandi bjóðum við alla báta, gos og meðlæti á 15 ára gömlu verði!
15 ÁRA
SUBWAY
Gildir laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. sept. 09

Stúlkur máttu þola illa meðferð á Bjargi

Konur sem voru vistaðar á stúlknaheimilinu Bjargi á barns- og unglingsárum sínum vitna um harðræði og kynferðislega áreitni á heimilinu. Starfskonur þess hafna slíkum ásökunum. Vistheimilanefnd dregur orð kvennanna ekki í efa.

FÉLAGSMÁL Vistheimilanefnd segir að meiri líkur en minni séu á að sumar viststúlkur á stúlknaheimilinu Bjargi hafi mátt þola illa meðferð í formi tiltekinna líkamlegra athafna og kynferðislegrar áreitni af hálfu einhverra starfskvenna heimilisins.

Framburður viststúlkna annars vegar og starfskvenna Bjargs hins vegar um illa meðferð og ofbeldi á heimilinu stangast algjörlega á en nefndin segir í skýrslu sinni, sem birt var á þriðjudag, að frásagnir stúlknanna séu í meginatriðum trúverðugar. Þá er bent á að starfskonurnar hafi persónulegra hagsmuna að gæta. Það kunni að skýra framburð þeirra.

Hjálpræðisherinn starfrækti stúlknaheimilið Bjarg á Seltjarnarnesi frá 1965 til 1967. Dvöldu þar samtals tuttugu stúlkur um lengri eða skemmri tíma. Tilefni vistunar var einkum ætluð aðkoma að lögbrotum, útivist um nætur, skróp í skóla, drykkja eða aðrir hegðunarerfiðleikar.

Þær konur sem nefndin ræddi við sögðu allar að dvölin á Bjargi hefði verið þeim erfið og að þeim hefði almennt liðið illa þar. Auk aðskilnaðar við fjölskyldur nefndu þær erfið samskipti við starfsfólk, strangan aga, frelsisskerðingu og refsingar sem ástæður vanlíðanarinnar.

Flestar kvennanna sögðu að þær hefðu verið beittar líkamlegu ofbeldi af hálfu starfsfólks. Töluvert hefði borið á hótunum af hálfu starfsmanna og þær mátt sæta einangrunarvist á Upptökuheimilinu í Kópavogi eftir strok af Bjargi. Samskipti þeirra við fjölskyldur hefðu verið takmörkuð; heimsóknir undir eftirliti, bréf ritskoðuð og setið yfir símtölum.

BJARG Hjálpræðisherinn starfrækti stúlknaheimili á Seltjarnarnesi í rúm tvö ár. Því var lokað síðla árs 1967 í kjölfar lögreglurannsóknar sem upphófst eftir strok einnar stúlkunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjórar af þeim sjö konum sem komu til viðtals við nefndina greindu frá því að þær hefðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu tiltekinna starfskvenna. Hefðu þær kysst stúlkurnar tungukossum og strokið þeim innanklæða.

Þær starfskonur sem nefndin ræddi við þvertóku fyrir lýsingar kvennanna. Samskiptin hefðu almennt verið góð og allar ráðstafanir sem gripið hafi verið til hafi verið með hag stúlknanna í huga. Ásökunum um ofbeldi var vísað á bug.

Þrátt fyrir að Vistheimilanefnd telji meiri líkur en minni á að sumar stúlknanna hafi mátt þola illa meðferð af hálfu einhverra starfskvenna Bjargs dregur hún ekki þá almennu ályktun að starfskonur hafi kerfisbundið og reglulega beitt viststúlkur illri meðferð eða ofbeldi.

bjorn@frettabladid.is

Njóttu dásemda haustsins!

Sæluhelgi á Icelandairhotel Klaustri
18.-20. september

Gönguferðir, slökun, sérvalinn matseðill og gisting

Fáðu nánari upplýsingar í síma 487-4900

ICELANDAIRHOTELS KLAUSTUR

ÞÓRSMÖRK
Parka
Verð: 68.800 kr.

Ný sending komin í verslanir!

SVANUR
Dúnúlpa
Verð: 27.800 kr.
Einnig til í dökkbrúnu.

Stærðir: 74, 86 og 92
Kósý, vindheld og vatnsfráhrindandi.

BRAGI
Parka
Verð: 38.000 kr.

Ný sending komin í verslanir!

15 ára verðlisti
aðeins í 2 daga!
laugardaginn 12.
og sunnudaginn
13. september 2009

15 ÁRA

SUBWAY

1994 - 2009

Í tilefni af 15 ára afmæli Subway á Íslandi bjóðum við alla báta, gos og meðlæti á 15 ára gömlu verði!

Gildir laugardag og sunnudag.

18
Subway staðir
um allt land

SUBWAY

Komdu við á einhverjum af 18 Subway veitingastöðum sem þú finnur um allt land.

Faxafeni • Kringlunni • Smáralind • Austurstræti • Hringbraut 121 • Spönginni Grafarvogi • Hamraborg Kópav.
Dalbraut 1 Akranesi • Kaupvangsstræti Akureyri • Miðvangi Egilsstöðum • Eyrarvegi 2 Selfossi • Hafnargötu Keflavík
• Fitjum Njarðvík • N1 Ártúnshöfða • N1 Borgartúni • N1 Hringbraut • N1 Reykjavíkurv. Hfj. • N1 Mosfellsbæ

Opið allan sólarhringinn á N1 Ártúnshöfða og N1 Hringbraut

EYÐILEGGING Fáeinum klukkustundum eftir hrun Tvíburaturnanna í New York stóð þessi maður við rústirnar og hrópaði hvort einhver þyrfti á aðstoð að halda. NORDICPHOTOS/AFP

Átta ár frá falli turnanna tveggja

Bandaríkjamenn minntust í gær hryðjuverkanna haustið 2001 á vettvangi árásanna bæði í New York og Washington með einnar mínútu þögn. Þúsundir manna komu saman í New York, en við Pentagon í Washington hitti Barack Obama aðstandendur fórnarlamba hryðjuverkanna. Hann sagði Bandaríkjamenn ekki unna sér hvíldar fyrr en höfuðpaurar árásanna hefðu verið handteknir.

Eftir að hópi hryðjuverkamanna hafði tekist að gera stórfelldar árásir á nokkrar helstu byggingar Bandaríkjanna hinn 11. september 2001 sögðu ráðamenn Bandaríkjanna hvað eftir annað að heimurinn yrði aldrei samur.

Árásirnar kostuðu alls nærri þrjú þúsund manns lífið. Að morgni 11. september það ár rændu hryðjuverkamennirnir fjórum farþegaflugvélum. Tveimur þeirra var flogið á Tvíburaturnana í New York og einni á byggingu varnarmálaráðuneytisins, Pentagon, en sú fjórða hrapaði niður skammt frá bænum Shanksville í Pennsylvaníu.

Innan fárra vikna réðust Bandaríkin inn í Afganistan og felldu talibanastjórnina, sem hafði veitt hryðjuverkasamtökum Osama bin Laden aðstöðu til að undirbúa árásir af þessu tagi.

Þótt átta ár séu liðin hefur höfuðpaurinn Osama bin Laden þó enn ekki fundist. Ekki er einu sinni vitað hvort hann er lífs eða liðinn, en sé hann á lífi er talið líklegast að hann sé í felum í Pakistan, skammt frá landamærum Afganistans, hugsanlega fársjúkur.

Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði í gær að Bandaríkjamenn myndu ekki unna sér hvíldar fyrr en þeir hryðjuverkamenn sem ábyrgðina bæru hefðu verið handteknir: „Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að gera Bandaríkin örugg."

Obama tók í fyrsta sinn í gær sem forseti þátt í hinum árlegu minningarathöfnum sem Bandaríkjamenn efna til á þessum degi.

Í kosningabaráttunni hafði Obama lagt mikla áherslu á þau mistök sem fyrri stjórn hefði gert í beinu framhaldi af hryðjuverkunum haustið 2001. Hann tók oftar en ekki undir gagnrýni víðs vegar að um að viðbrögðin hefðu getið af sér pyntingar, leynifangelsi, vanhugsað stríð í Írak og svo harðar öryggisráðstafanir heima fyrir að almenn mannréttindi væru í hættu.

Í ávarpi sínu í gær minntist Obama hins vegar ekki mikið á slíkt, heldur lagði áherslu á sorgina og samstöðu þjóðarinnar. Þó sagði hann að Bandaríkjamenn ættu að nota tilefnið til að endurnýja hinn sanna anda þessa dags: „Ekki getu mannsins til illra verka, heldur til góðverka. Ekki viljann til að eyðileggja, heldur hvötina til að bjarga, þjóna og byggja upp."

Í New York hefur engin bygging enn risið á staðnum þar sem Tvíburaturnarnir stóðu. Deilur af ýmsu tagi hafa tafið verkið, en áformað er að reisa þar svokallaðan Frelsisturn sem á að verða eins konar minnismerki um atburðina.

Dálítið uppnám varð í Washington í gær þegar sjónvarpsfréttir bárust af því að skotum hefði verið hleypt af þegar bátur á ánni Potomac sigldi inn á bannsvæði. Síðar kom þó í ljós að þarna var um æfingu á vegum strandgæslu Bandaríkjanna að ræða.

gudsteinn@frettabladid.is

ÁTTA ÁRUM SÍÐAR Þessi mynd var tekin í gær þar sem Tvíburaturnarnir stóðu í New York. Framkvæmdir við Frelsisturninn vænt-anlega eru ekki mjög langt á veg komnar. NORDICPHOTOS/AFP

ÞAKIN ÖSKU OG RYKI Marcy Borders var þakin ösku og ryki þegar hún leitaði skjóls í skrifstofubyggingu stuttu eftir að annar Tvíburaturnanna hrundi. NORDICPHOTOS/AFP

MINNINGARATHÖFN Í HELLIRIGNINGU Barack Obama strýkur regnið framan úr sér við Pentagon, byggingu varnarmálaráðuneytisins, þegar hann heilsar aðstandendum fórnarlamba árásanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRELSISTURNINN VÆNTANLEGI Í staðinn fyrir Tvíburaturnana, þar sem Heimsviðskiptamiðstöð var til húsa, er verið að reisa Frelsisturn sem hér má sjá líkan af. NORDICPHOTOS/AFP

Umhverfisdagur N1 við Bíldshöfða 2

Renndu við og gerðu bílinn þinn umhverfisvænni

Það verður mikið um að vera á þjónustustöð og þjónustuverkstæði N1, Bíldshöfða 2, í dag sem eru fyrstu útsölustaðir N1 sem eru reknir samkvæmt umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001. Við kynnum m.a. vistvænar vörur og eldsneyti, framsækna umhverfisstefnu, metanbíla frá Heklu og Grænu tunnuna frá Íslenska gámafélaginu sem verður á frábæru tilboði fyrir Viðskiptakortshafa. Hægt verður að prófa rafmagnsvespu auk þess sem við bjóðum upp á kaffi og með því, Kristal frá Ölgerðinni, sælgæti frá Freyju og óvæntan glaðning fyrir börnin!

Komdu og kynntu þér málin í dag frá 14-17.

ÓKEYPIS VISTVÆN SKOÐUN FYRIR BÍLINN

- Loftþrýstingur í dekkjum mældur
- Ástand frjókornasíu/loftsíu mælt
- Slit og ástand hjólbarða mælt
- Mengunarmæling

15-20% afsláttur af vistvænum vörum í dag

FREYJA Egils

SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS

Meira í leiðinni

Menningarstarf
í Kópavogi

Lista- og menningarráð Kópavogs auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna/viðburða á sviði menningar og lista í Kópavogi. Einstaklingar, félagasamtök og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum. Styrkþegum ber að skila greinargerð um nýtingu styrks eigi síðar en 6 mánuðum eftir úthlutun.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum umsóknareyðublöðum fyrir 10. október nk., ásamt fylgiskjölum.

Eyðublöðin fást í Þjónustuveri Kópavogsbæjar, Fannborg 2, og á heimasíðu Kópavogs, www.kopavogur.is

Lista- og menningaráð Kópavogs veitir styrki til menningarstarfs í Kópavogi tvisvar á ári, í nóvember og maí.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Umsóknum skal skilað til:

Lista- og menningarráð Kópavogs
Starfs- og verkefnastyrkir
Fannborg 2
200 Kópavogi

Nánari upplýsingar veitir deildarstjóri menningarmála, Linda Udengård í síma 570 1500 eða linda@kopavogur.is

FRÉTTASKÝRING: Gjaldeyrishöft og gengi íslenskrar krónu

JOSEPH STIGLITZ Segir gjaldeyrishöft geta gert mikið gagn til að viðhalda stöðugleika, þótt þau séu ekki fullkomin. Hann mælir með því að stjórnvöld haldi uppboð á íslensku krónunni og nálgist þannig hægt og bítandi raunverulegt gengi hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stórhættulegt er að fikta í gengi krónu

Hagfræðingurinn Joseph Stiglitz varar við því að reynt sé að hafa áhrif á gengið með því að selja gjaldeyri. Enn hættulegra sé að halda því uppi með háum vöxtum. Krónan eigi að fara á uppboð, til að finna raunvirði hennar.

Nóbelsverðlaunahafinn Joseph Stiglitz segir það stórhættulegt þegar stjórnvöld reyna að hafa áhrif á gengi gjaldmiðils síns með því að selja erlendan gjaldeyri, í þeirri trú að gjaldmiðill landsins sé of lágt skráður.

„Þetta hefur verið mörgum löndum afar dýrkeypt veðmál, því þau hafa gjarnan rangt fyrir sér og gjaldmiðillinn lækkar síðan enn meira. Ég er því afar tregur til að mæla með þessari leið," segir hann. Þó megi ef til vill gera þetta í undantekningartilfellum, til að mýkja smásveiflur á genginu.

Seðlabanki Íslands seldi gjaldeyri fyrir 2,5 milljarða í júní, þegar heildarvelta á markaðinum nam 6,2 milljörðum. Í júlí seldi bankinn fyrir helmingi minna, en óvíst er með inngrip í ágúst. Þau hafa þó verið einhver.

Hræddari við hærri vexti

Enn varasamara er, að mati Stiglitz, þegar reynt er að hafa áhrif á gengið með háum stýrivöxtum til að laða fjármagn að landinu. „Þetta rústar efnahaginn og eykur halla ríkissjóðs, sem dregur svo úr trúverðugleika," segir hann.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri útilokaði ekki, í viðtali við Reuters-fréttastofuna á mánudag, að hækka stýrivexti.

Þegar Stiglitz er spurður hvort ekki gæti verið réttast að afnema gjaldeyrishöft að fullu og láta krónuna finna eigið jafnvægi, segist hann hafa fullan skilning á því sjónarmiði:

„Það myndi kosta aðeins meiri verðbólgu og þegar þú lítur á fórnarskiptin, þá yrði sá kostnaður, sérstaklega til lengri tíma litið, ekki jafn streituvaldandi og hann er í dag." Hins vegar telur hann mikilvægara að halda fullu atvinnustigi.

Gjaldeyrishöft geri sitt gagn

Stiglitz segir að gjaldeyrishöftin séu réttlætanleg, að því gefnu að þau beri árangur.

„Sú staðreynd að gengið heldur áfram að lækka sýnir ekki endilega að gjaldeyrishöftin virki ekki. Þetta er eins og stífla í fjallshlíð, þegar er úrhelli á tindinum. Hún dregur úr flóði niður á láglendið. Þessi jákvæðu áhrif koma fram, jafnvel þótt vatnið renni að einhverju leyti fram hjá stíflunni, enda er henni ekki ætlað að koma í veg fyrir að vatnið fari niður. Henni er ætlað að gera rennslið stöðugra, að draga úr eyðileggjandi áhrifum flóðsins."

Eins séu gjaldeyrishöftin ekki til að stöðva fall krónunnar alveg, heldur halda henni í jafnvægi. „Ég tel líklegt að sá stöðugleiki sé nokkurs virði," segir Stiglitz.

Ávallt sé matsatriði hvað allt þetta kosti og hvaða valkostir séu í boði. Ekki síst hversu langt niður gengið megi fara. Hins vegar sé til leið til að komast að því, og á sama tíma afla tekna fyrir ríkissjóð.

Uppboð á krónum

„Hér er tvöfalt gengi. Uppboð á krónum væri jákvætt verkfæri sem stuðlar um leið að jafnvægi; því meira sem boðið er upp, því meira nálgast verðið raunvirði krónunnar.

Slík uppboð gefi líka til kynna hversu mikill þrýstingurinn er á gjaldmiðilinn, hverju sinni.

Hann segir að núverandi stefna Seðlabanka Íslands byggist á hugsunarhætti seðlabanka almennt. Þeir trúi því líklega að krónan sé of lágt skráð. „En það er áhættusamt veðmál."

ÞURFUM AÐ FINNA ÚTGÖNGULEIÐ

Ekki er hægt að afnema gjaldeyrishöftin í bráð, en nauðsynlegt er að innleiða útgönguáætlun, segir Lilja Mósesdóttir, hagfræðingur og þingmaður VG.

Gjaldeyrishöft sem fela í sér laglegar hindranir á útstreymi fjármagns haldi ekki nema í stuttan tíma og síðan hefjist eltingaleikur löggjafarvalds við svindlara. Alþingi hafi nú þegar breytt lögunum og þurfi líklega að breyta þeim aftur í næsta mánuði.

Árlegir vextir af útgönguleið stjórnvalda, gjaldeyrisvarasjóði; lán upp á 640 milljarða, jafnist á við framlag ríkis til landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytis, sautján milljarða.

Dugi ónotaður varasjóður ekki til eigi að nota hann til að kaupa krónur og styrkja þannig krónuna. Vegna mikils erlends fjármagns í kerfinu séu „allar líkur" á að sjóðurinn hverfi fljótt.

„Útgönguleiðin sem ég vil að við förum er að afnema lögin um gjaldeyrishöft og taka tímabundið upp skatt á útstreymi fjármagns," segir Lilja.

Jafnhliða þurfi að afnema verðtryggingunna til að koma í veg fyrir að gengislækkunin fyrst eftir afnám haftanna leiði til verulegrar hækkunar á skuldum landsmanna. Þessi tímabundna ráðstöfun brjóti ekki í bága við EES.

Uppboðsleið Stiglitz gæti tryggt að gengismunurinn sem nú er, og skattlagning á honum, félli í skaut innlendum aðilum í stað erlendra. Skatturinn gæti verið stigbreytilegur eftir því hvenær peningarnir fara út úr landinu.

„Skattlagningin gæti verið þannig að þeir fjármagnseigendur sem vildu fara strax út með allt sitt fjármagn greiddu þrjátíu prósent af fjármagnsútstreyminu í skatt. Þeir sem biðu fram á næsta ár greiddu tuttugu prósent og þeir sem færu ekki út fyrr en eftir þrjú ár gætu lækkað skatthlutfallið niður í tíu," segir hún.

Þannig mætti hindra frekara gengishrun og kjararýrnun og um leið afla ríkinu tekna, allt að 165 milljarða.

Komi skattlagning ekki í veg fyrir mikið gengishrun þurfi að virkja áætlun um einhliða upptöku annars gjaldmiðils. Enda telur fjármálaráðuneytið að landið muni ekki uppfylla Maastricht-skilyrði, fyrir upptöku evru, um hámarksskuldsetningu ríkisins fyrr en eftir 34 ár.

Lilja segir að OECD-skýrsla hafi leitt í ljós að best færi á myntsamstarfi við Svíþjóð.

LILJA MÓSESDÓTTIR

FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR PRASTARSON
klemens@frettabladid.is

www.ellingsen.is

15–50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STANGVEIÐIVÖRUM

LOKADAGUR ÚTSÖLU

Á STANGVEIÐIVÖRUM

Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í gæða veiðibúnað á góðum afslætti – veiðidögum Ellingsen lýkur í dag, laugardag. Stangir, hjól, línur, flugur, vöðlur, jakkar og annar fatnaður á hreint frábæru verði. Heimsþekkt gæðamerki sem bregðast þér ekki þegar á reynir.

REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16

AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

skoðun

greinar@frettabladid.is

Lög og réttur eru bara lúxus.

Grunur, rannsókn, dómur og typt

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, kallar ný saksóknaraembætti til að rannsaka og ákæra menn grunaða um lögbrot „ambögu“ og „skipulagslega órökrétt“ og lýsir vantrú sinni á það fyrirkomulag að stofna og styrkja myndarlega ný saksóknaraembætti: það valdi skörun á viðfangsefnum og rugli í rannsóknum á sakamálum. Gagnrýni Helga er málefnaleg: það er ekki trúverðugt að á sama tíma og skorið sé „myndarlega“ niður í rannsóknardeildum efnahagsbrota sé hlaupið til og fjármunum ausið í sérstaka saksóknara.

Á sama tíma og rannsóknarefni í efnahagsbrotum hjá embætti Helga hafi á þremur mánuðum aukist um 40 prósent, ræði embættismenn í alvöru að skera enn frekar niður fjárveitingar til embættis hans. Helgi er að vinna vinnuna sína. Hann kemur gagnrýni sinni fram á opinberum vettvangi, en hætt er við að stjórnkerfið kunni því framtaki miður vel.

Og í vikunni, þegar afkastamikil erlend glæpagengi komast undir manna hendur, heyrast örvæntingaróp úr fangelsunum; þau eru gamaldags, þau bjóða upp á sáralitla von til betrunar, þau eru yfirfull og langir biðlistar dæmdra manna liggja fyrir. Meðferðarúrræði eru í boði og nýtast dæmdum mönnum sem leita eftir þeim, en verstir eru biðlistarnir; dæmdir menn verða að bíða og bíða eftir fullnustu dómsins, sumir snúa til betri vegar en eiga dóminn eftir, aðrir bæta bara við brotaskrána meðan þeir eru úti.

Á sama tíma eru lögreglumenn að gefast upp á viðamiklum skyldum sínum. Þar hefur stjórnvaldið komið málum svo fyrir að lögreglan er ekki lengur fær um að sinna verkefnum sínum, jafnvel þótt allir þeir lögreglumenn sem sinni skrifstofuvinnu séu munstraðir á vaktir.

Svo er komið í dóms- og löggæslumálum lýðveldisins að við höfum ekki lengur efni á lögum og rétti.

Þetta ástand er merkilegur áfangi þroska fyrir hinn stóra kristilega borgaraflokk á Íslandi sem hefur lengst allra starfandi stjórnmálaflokka haft lög og rétt í hávegum. Sjá, hér eru afrek okkar. Og ekki síður fyrir alla þá kjósendur sem hafa fylkt sér um Sjálfstæðisflokkinn, sumir hverjir alla sína kjörréttartíð; þetta gátum við – því á endanum bera kjósendur ábyrgð á fulltrúum sínum og þeirra verkum eða verkleysi.

Bananalýðveldið Ísland, hrávöruframleiðandinn, er komið að fótum fram réttarfarslega – seinagangur dóms- og réttarkerfisins minnir mest á ríki, liðin og starfandi, sem okkur þykir fjarstæða að líkjast.

Er nema von að dauf sé sú von almennings að skipulagt rán fyrir opnum tjöldum á eigum annarra sem hefur fest þjóðina alla í skuldafestar fái nokkurn tíma þá rannsókn og meðferð sem þarf, þannig að brotamenn taki út hegningu sína með lögformlegum hætti? Þeir munu sitja uppi, sekir eða saklausir, alla ævi sína með sök að allra dómi eftir hrakfarir þessara sögulegu tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

SPOTTIÐ

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Hver á að borga brúsann?

Umræður um kostnaðargreiðslur Landsvirkjunar til sveitarfélaga sem liggja að Þjórsá hafa verið sérkennilegar í meira lagi. Þær sýna vel hvernig ómálefnalegar umræður geta leitt menn í blindgötu.

Óumdeilt er að sveitarfélög hafa mikinn kostnað af skipulagsvinnu þegar stórfyrirtæki á borð við Landsvirkjun hafa hug á framkvæmdum. Spurningin er: Hver á að bera þann kostnað.

Vel má vera að gildandi lagaákvæði séu að einhverju leyti óskýr um þetta efni. Ekki verður þó séð að þau girði fyrir að þeir sem áhuga hafa á stórframkvæmdum greiði fyrir kostnað sem fellur utan við almenna skipulagsvinnu í viðkomandi sveitarfélögum.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Pólitískir andstæðingar virkjana í neðri hluta Þjórsár hafa hins vegar snúið umræðunni á þann veg að látið er í veðri vaka að slíkar kostnaðargreiðslur jafnist á við mútur. Tilgangurinn er trúlega tvíþættur; annars vegar að grafa undan trausti og hins vegar að búa til tafaleiki í stjórnkerfinu.

Hin hliðin á þessum óábyrga málflutningi er sú að almennir útsvarsgreiðendur verða þá að standa undir þeim aukakostnaði sem af slíkum framkvæmdum hljótast. Það er bæði ósanngjarnt og óskynsamlegt.

Engin sanngirni er í öðru en að orkufyrirtækin greiði allan kostnað sveitarfélaga af þessu tagi. Þó að þessar greiðslur séu ekki hátt hlutfall af virkjanakostnaði væri óskynsamlegt að leysa fyrirtækin undan þeirri byrði.

Það er í þágu náttúruverndar að allur kostnaður við virkjanir komi fram hjá orkufyrirtækjunum sjálfum. Það er forsenda fyrir því að unnt sé að meta kostnað á móti ávinningi. Í alla staði er eðlilegra að þessi kostnaður lendi á kaupendum raforkunnar en skattgreiðendum.

Verndun og nýting náttúruauðlindanna er mikil jafnvægislist. Sú umræða þarf að fara fram með gildum rökum á báða bóga. Í þessu tilviki hefur verið þyrlað upp moldryki til að villa mönnum sýn. Það skaðar heilbrigða umræðu.

ÁHRIFAVALD OG ÁHRIFALEYSI

Við myndun núverandi ríkisstjórnar í febrúar voru skipaðir tveir ráðherrar utan við þingflokka ríkisstjórnarinnar. Þó að utanþingsráðherrar hafi áður setið í ríkisstjórnum var þetta nýmæli að því leyti að hvorugur þessara ráðherra virtist hafa virk pólitísk tengsl eða sérstakt bakland í samfélaginu.

Hefur þetta gefist vel eða illa? Segja má að reynslan sé ekki slæm. Hitt verður heldur ekki sagt að þessi skipan mála hafi orðið til bóta. Um allar pólitískar ákvarðanir sem einhverju skipta eru þessir ráðherrar háðir ákvörðunum stjórnarflokkanna. Í reynd sýnast þeir því vera eins konar millistig milli stjórnmálamanna og embættismanna.

Skipun utanþingsráðherranna hefur um leið dregið athygli að þeim veruleika að með fjölgun ráðherra við ríkisstjórnarborðið hefur þeim fækkað sem hafa þar raunveruleg pólitísk áhrif. Þetta hefur verið að gerast á tveimur áratugum og einu gildir hvaða flokkar eiga í hlut.

Í sumum ríkisstjórnum síðustu ára hafa einungis flokksformennirnir verið með raunverulegt áhrifavald ráðherra. Í núverandi stjórn sýnast bæði heilbrigðisráðherrann og utanríkisráðherrann fylla þennan flokk. Það þýðir að átta ráðherrar standa utan við hann.

Af þessari þróun má draga þá ályktun að tími sé kominn á róttæka uppstokkun á skipulagi stjórnarráðsins. Vel gæti farið á því að ákveða í stjórnarskrá að ráðherrar gætu ekki verið fleiri en átta og ekki færri en fjórir.

Hvenær á að semja?

Dómsmálaráðherra kallaði í vikunni eftir þverpólitísku samstarfi um fjármál ráðuneytisins. Þetta ákall varpar ljósi á þá staðreynd að ríkisstjórnin hefur enn ekki komið neinu af stærri málum sínum fram án meiri eða minni aðstoðar utan frá.

Ástæðan er ekki tæpur meirihluti. Miklu fremur innbyrðis veikleikar af ýmsum toga. Við slíkar aðstæður eiga stjórnarandstöðuflokkar yfirleitt tveggja kosta völ: Annar er sá að láta stjórnarflokkana engjast í klípunni. Hinn er sá að nota tækifærið til að ná áhrifum og knýja fram breytingar á stjórnarstefnunni.

Báðir þessir kostir geta verið fyllilega málefnalegir. Sjálfstæðisflokkurinn notaði fyrri kostinn í stjórnarskrármálinu með árangri. Hann notaði síðari kostinn í Icesave-málinu og styrkti stöðu sína til muna. Í því máli tapaði Framsóknarflokkurinn hins vegar frumkvæðisstöðu fyrir þá sök að hann var ekki tilbúinn að semja þegar árangur lá á borðinu.

Hvorn kostinn velja stjórnarandstöðuflokkarnir þegar þeir svara kalli dómsmálaráðherrans? Hér verður engum getum að því leitt. Svari þeir jákvætt hljóta þeir að gera kröfur um aðild að ríkisfjármálastefnunni í heild. Með því gætu þeir komið sér í þá stöðu að gera hvort tveggja í senn að sýna ábyrgð og hafa áhrif.

Komi sú staða upp eru aftur á móti allar líkur á að formenn stjórnarflokkanna taki fram fyrir hendurnar á dómsmálaráðherranum og segi: Hingað og ekki lengra. Niðurstaðan er sú að útspil dómsmálaráðherrans hefur í raun ekkert pólitískt gildi. Það er í besta falli veikburða tilraun til að fá frest á að horfast í augu við raunveruleikann. Það sýnir líka hversu mikilvægt er að ráðherrar hafi marktækt pólitískt umboð.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Ég mótmæli í mínu nafni kjaraskerðingum aldraðra

UMRÆÐAN
Erling Garðar Jónasson skrifar um málefni eldri borgara

Sérlega er þarft í núinu, þegar allt er komið á hausinn, gjaldþrota af völdum stórsnillinga í stjórnvaldi íslenskrar þjóðar á síðasta áratug að hafa í frammi aga og umvöndun við gamalmenni þjóðarinnar.

„Ekki í mínu nafni“ segir eftirlaunamaður sem ekki hefur náð lífeyrisaldri, að nafni Þorkell Helgason, um skrif allmargra eldri borgara um eignarnám núverandi ríkisstjórnar með skerðingu tryggingarbóta og ofurskattlagningu. Aldraðir eiga ekki að vera með neitt væl segir Þorkell, þið eigið að þakka fyrir og þegja. Það geri ég, og minn sannleikur er sannari en sannleikur „alls kyns talsmanna“ aldraðra og þar að auki á ekki að nota orð við smíði bónarbréfa sem særa siðaða fulltrúa stjórnvaldsins segir Þorkell. Vel má svo vera, en þá fyrst þegar Þorkell hefur náð lífeyrisaldri og þroska, og reynir á eigin skinni meðhöndlun stjórnvaldsins og „sannleika“ sem flestir „eldri borgarar“ hafa upplifað og mótmæla harðlega, verður sérgreind Þorkels án efa að miklu gagni fyrir siðvæðingu eldri borgara í baráttuham.

ERLING GARÐAR JÓNASSON

Innlögn Þorkels í þessa umræðu er gáskafull, stórskemmtileg og um leið mjög gagnleg fyrir framhaldsumræðu um þessi mál, og það gerir ekkert til þótt hún sé í föðurlegum umvöndunartón þess sem einhvern tíma hefur haft allmikið undir sér og búi yfir, að eigin mati, dýpri fórnarlund og réttlætiskennd en við hin mörgu sem gagnrýnt hafa núverandi stjórnvöld. Aðalatriðið er að með henni fæst örlítil innsýn inn í hugsanagang í stjórnarráði íslensku þjóðarinnar, sem hefur verið krónískur frá upphafi nútíma sköpunarsögu þess. Hugsanagang sem er jarðbundinn við „kapítalisma andskotans“ þar sem sérvaldir einstaklingar og hópar fái fjárhagslega sérmeðferð og vernd m.a. á kostnað almennings og þá þess eftirlaunahóps sem nú lifir.

Að mínu mati virðist hugsun Þorkels vera, að í stakasta lagi sé að stjórnmálaflokkar svíki öll sín fyrirheit ef þau hindra hefðbundin vinnubrögð Arnarhválsmafíunnar. Engin okkar sem erum á áttræðisaldri eða eldri hefur náð þeim aldri óbarin(n) af hagsmunagæslu niðurgreiðslna, gengisfellinga og ótal annarra hliðrunarlausna. Í minni gagnrýni á velferðarvakt núverandi ríkisstjórnar hef ég einkum dvalið við það óréttlæti sem felst í því að misnota tryggingarkerfi sem við höfum greitt iðgjald til með iðgjaldi og síðar í okkar skatti.

Við höfum lifað við sérsniðnar tilhliðranir fyrir einstakar atvinnustéttir sem sérlega er auðvelt að greina í sögu almenna tryggingarkerfisins. Tryggingargjaldið var fellt inn í og falið í skattkerfinu til að hlífa skattleysisstéttum við nefgjaldsforminu sem upphaflega var iðgjaldsform tryggingarkerfisins. Þar með var þetta kerfi eyðilagt sem tryggingarkerfi og gert að ölmusukerfi fyrir fingralanga stjórnvalds hugsuði eins og raun ber vitni. Við Þorkell og aðra sömu skoðunar segi ég þetta; ekkert ólokið verk sem vinna þarf, lætur okkur eldri borgara sitja friðar stól, jafnvel nú á ævikvöldi.

Höfundur er formaður Samtaka aldraðra

Orkuleysi stjórnarformannsins

UMRÆÐAN
Sverrir Jakobsson svarar grein Guðlaugs G. Sverrissonar

Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, skrifar grein í Fréttablaðið fimmtudaginn 10. september þar sem hann sakar undirritaðan um rangfærslur. Manni bregður óneitanlega nokkuð við slík stóryrði en mér til léttis sé ég að stjórnarformaðurinn virðist hafa mislesið grein mína. Þar ræddi ég um einhliða gengisáhættu Orkuveitunnar vegna láns til Magma fyrir 70% verðsins. Stjórnarformaður virðist hafa mislesið skrif mín þar sem hann ræðir gengisáhættu af allri sölunni. Mér þykir raunar miður að hann hafi ekki einbeitt sér meira við lesturinn þar sem fólk sem les greinar okkar beggja kynni að halda að svar hans væri útúrsnúningur þar sem hann vildi ekki ræða lánakjörin efnislega. Það getur örugglega ekki verið ástæðan.

SVERRIR JAKOBSSON

Annar misskilningur í grein Guðlaugs er einkennilegri þar sem hann virðist rugla saman eins og hálfs árs samningsferli annars vegar og hins vegar hinum örstutta tíma sem líður frá því að samningurinn er kynntur almenningi og þangað til afgreiða á hann í borgarstjórn. Það er því rétt að minna á að þótt hann hafi lengi vitað um innihald samningsins þá vissum við eigendur Reykjavíkur ekki af því fyrr en núna í september.

Þetta er hugsanlega einnig skýringin á því hvers vegna hann hefur ekki heldur skilið þær athugasemdir sem bæði minnihlutinn í stjórn OR og fulltrúar ríkisins hafa gert við vinnubrögð stjórnarmeirihluta Orkuveitunnar. Hér gildir nefnilega ekki að „þjóð veit þá þrír vita“. Við hin getum ekki myndað okkur skoðun á svona samningi þó að Guðlaugur og félagar hans í meirihlutanum hafi lesið hann.

Ég hef vissar áhyggjur af einbeitingarskorti stjórnarformanns Orkuveitunnar þegar kemur að því að lesa og skilja gagnrýnin skrif á störf hans. Ég held að hann hljóti að stafa af orkuleysi og að stjórnarformaðurinn þurfi á fríi að halda. Borgarbúar ættu að sjá sóma sinn í að senda hann í langt frí sem allra fyrst.

Höfundur er sagnfræðingur.

Ungt fólk mótar framtíðina

UMRÆÐAN
Bryndís Gunnlaugsdóttir og Eggert Sólberg Jónsson skrifa um þing ungra framsóknarmanna

BRYNDÍS GUNNLAUGSDÓTTIR

EGGERT SÓLBERG JÓNSSON

Nú um helgina, dagana 12.-13. september, fer fram sambandsþing Sambands ungra framsóknarmanna í Mosfellsbæ. SUF hefur allt frá stofnun verið hreyfiafl í íslensku samfélagi, uppspretta nýra hugmynda og staður þar sem margir leiðtogar landsins hafa stigið sín fyrstu spor.

Eitt af hlutverkum SUF er að efla framgang ungs fólks innan Framsóknarflokksins. Framsóknarmenn hafa alla tíð verið duglegir við að treysta ungu fólki til forystustarfa. En líklega aldrei hafa framsóknarmenn treyst ungu fólki jafn vel og í vetur þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var kjörinn formaður flokksins aðeins 33ja ára að aldri. Birkir Jón Jónsson sem kjörinn var varaformaður var þá aðeins 29 ára.

Í dag er þingflokkur framsóknarmanna yngstur allra flokka á þingi. Meðalaldurinn er rúmlega 39 ár. Þingflokkurinn er langyngsti flokkur þingsins, tæplega 10 árum yngri að meðaltali en þeir næstu. Meðalaldur allra annarra þingflokka er yfir 48 ár. Þannig eru þeir allir eldri að meðaltali en elsti þingmaður Framsóknarflokksins.

Það er erfitt að meta árangur ungs fólks innan stjórnmálaflokka eftir fjölda ungra þingmanna. Engu að síður sýnir sú upptalning sem hér hefur farið fram að ungu fólki innan Framsóknarflokksins er treyst til ábyrgðarstarfa. Þrátt fyrir að gefið hafi á bátinn og gustað hafi um hann hafa ungir framsóknarmenn ekki gefið eftir þann einbeitta vilja sinn að berjast fyrir hagsmunum ungs fólks.

Fram undan eru erfiðir tímar en tækifærin eru einnig mörg. Nú gefst íslensku þjóðinni tækifæri til þess að öðlast nýja sýn á þau gildi og venjur sem eru við lýði í þjóðfélaginu. Nú er tækifæri til þess að byrja upp á nýtt. Hvernig viljum við að íslenskt þjóðfélag verði? Hvernig viljum við að íslenskir stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar starfi? Ljóst er að innan allra stjórnmálaflokka hefur það því miður oft á tíðum átt sér stað að flokksskírteini frekar en hæfni hefur ráðið við skipun í embætti og störf, að kunningjaþjóðfélagið hafi stjórnað en ekki hæfileikar. Þetta er eitt af því sem ungt fólk í öllum stjórnmálaflokkum verður að berjast gegn. Flokksskírteini á alls ekki að vera lykill að starfi eða embætti, en að sama skapi má flokksskírteini ekki hefta hæfileikaríkt fólk. Hæfni skal ávallt ráða för.

Við viljum hvetja alla unga framsóknarmenn til að taka þátt á sambandsþingi SUF um helgina. Einnig viljum við bjóða öllum áhugasömum til að mæta á opinn fund í hádeginu á laugardaginn þar sem fjallað verður um kunningjaþjóðfélagið og kreppuna. Unga fólkið er framtíðin og það er okkar að læra af reynslu fortíðarinnar og tryggja að sömu mistökin gerist ekki aftur.

Bryndís er formaður SUF og Eggert er varaformaður.

Í tilefni af 15 ára afmæli Subway á Íslandi bjóðum við alla báta, gos og meðlæti á 15 ára gömlu verði!
Gildir laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. sept. 09
15 ÁRA SUBWAY 1994 - 2009

Fjölbreyttar lóðir í boði í Reykjavík fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Nú bjóðum við ný hagstæð lánakjör, 85% lán til 8 ára á 4% vöxtum. Kynntu þér málin á nýjum lóðavef Reykjavíkurborgar og veldu þinn stað.

Umsóknarfrestur á lóðum í Úlfarsárdal og við Reynisvatnsás er til 25. september nk.

Nánar á **www.reykjavik.is/lodir**

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 12-14 | Þjónustusími 411 1111 | www.reykjavik.is/fer

Hvað með börnin?

UMRÆÐAN
Íris Birgis Stefánsdóttir og Magnús F. Ólafsson skrifa um félagsmál

ÍRIS BIRGIS STEFÁNSDÓTTIR

MAGNÚS F. ÓLAFSSON

Tilgangur þessarar greinar er að vekja athygli á mikilvægi þess að á tímum efnahagskreppu sé þörfum barna og fjölskyldna mætt með markvissum og viðurkenndum úrræðum. Fagna ber nýútkominni skýrslu nefndar um sálfélagsleg viðbrögð (NSV) við efnahagskreppunni. Þar er lögð áhersla á að íslensk yfirvöld læri af reynslu Finna eftir efnahagsþrengingar sem riðu yfir þjóðina upp úr 1990 og endurtaki ekki þau mistök að skera niður í geðheilbrigðisþjónustu og félagsmálum. Nefndin leggur til að áhersla verði lögð á að nýta ódýr hópúrræði, þétta barnaverndarstarf, efla stoðþjónustu skóla, styrkja heilsueflingarstarf og virkja kraft frjálsra félagasamtaka. Í málefnum barna og fjölskyldna er fjallað um mikilvægi þess að efla þjónustu mæðra- og ungbarnaverndar, þjónustu félagsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðinga í grunn- og framhaldsskólum. Foreldrafærninámskeið eru nefnd sem möguleg leið til að styrkja foreldra í uppeldi barna sinna en þessi þáttur hefði þó mátt fá meira vægi í skýrslunni. Á krepputímum er álag á fjölskyldur vegna atvinnuleysis og fjárhagserfiðleika staðreynd sem stjórnvöldum ber skylda til að mæta með ábyrgum hætti. Ef ekki er brugðist við er fyrirséð að líkt og hjá Finnum verði afleiðingarnar fjölgun barnaverndarmála og aukin tíðni ororku vegna geðrænna vandkvæða hjá þeim börnum sem nú eru að vaxa upp. Það er skoðun undirritaðra að fyrst og fremst þurfi að efla nærþjónustuna og þau hópúrræði sem þegar eru til staðar. Standa þarf vörð um stoðþjónustu leik- og grunnskóla, þjónustumiðstöðvar og heilsugæslustöðvar hverfanna.

Foreldranámskeið

Rannsóknir hafa sýnt fram á þá tilhneigingu að foreldrafærni minnki og að samskipti foreldra og barna verði neikvæðari á viðvarandi álagstímum sem þessum. Því er brýnt að styrkja foreldrafærni, þar með fjölskyldur og börn, því slíkt hefur óumdeilanlegt forvarnargildi. Foreldrafærninámskeið geta lagt sitt af mörkum í því að sporna við hliðstæðri þróun hér og varð í Finnlandi. Hægt er að benda á gagnreynd hópúrræði fyrir foreldra eins og Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar, SOS! Hjálp fyrir foreldra og PMT foreldrafærni. Einnig býðst foreldrum að sækja sérhæfðari námskeið um uppeldi barna með ADHD- og COPE-námskeið. Þetta eru allt námskeið sem eru byggð á vísindalegum grunni og kenna aðferðir sem samkvæmt rannsóknum hafa sýnt góðan árangur. Tryggja þarf sem best aðgengi og halda kostnaði foreldra í lágmarki.

Þjónusta við börn

Niðurskurður í menntamálum má ekki bitna á þjónustu við börn með frávik í þroska eða hegðunar- og tilfinningaraskanir. Þau börn sem þegar glíma við þessa erfiðleika eru í meiri áhættu en önnur börn að þróa með sér langvarandi geðræna erfiðleika. Af mannúðarsjónarmiðum eingöngu ætti að hlífa þeim sérstaklega en því ber að halda til haga að það er einnig fjárhagslega hagkvæmt fyrir samfélagið að sinna vel þörfum þessara barna snemma á lífsleiðinni til að koma í veg fyrir aukinn kostnað síðar. Því þarf að sjá til þess að börnum bjóðist í sama mæli og áður, ef ekki auknum, faglegur stuðningur við nám, hegðun og líðan í skólakerfinu. Hér er átt við úrræði eins og sérkennslu, þjónustu stuðningsfulltrúa, PBS-verkefnið sem er gagnreynd aðferðafræði til að styðja við jákvæða hegðun í skólum og Hugur og heilsa sem er forvarnarverkefni gegn þunglyndi auk sérfræðiþjónustu þjónustumiðstöðva og skólaheilsugæslu. Fylgjast þarf skipulega með líðan og hegðun skólabarna, til dæmis með reglulegum skimunum, og vísa á sérfræðiþjónustu Þjónustumiðstöðva, Þroska- og hegðunarstöðvar, Barna- og unglingageðdeildar og Greiningar- og Ráðgjafarstöðvar, eftir því sem við á. Þar bjóðast ýmis einstaklings-, fjölskyldu- og hópúrræði sem mikilvægt er að halda áfram að standa vörð um.

Hér hefur verið bent á úrræði ætluð börnum og foreldrum sem undirrituðum finnst mikilvægt að nýta vel til að hlúa að þessum hópi á þrengingatímum. Upptalningunni er ekki ætlað að vera tæmandi en vert væri þó að stjórnvöld létu gera formlega úttekt á gagnreyndum úrræðum sem bjóðast hér á landi. Fylgjast þarf náið með áhrifum efnahagskreppunnar á börn og þjónustu við þau og veita stjórnvöldum aðhald í þessum efnum. Það er samfélagsleg skylda okkar allra að vernda börnin okkar fyrir þeim skaða sem yfirstandandi efnahagsþrengingar geta hugsanlega valdið þeim og standa vörð um hagsmuni þeirra og velferð. Allir geta verið sammála um mikilvægi þessa og nú þarf að láta verkin tala. Því skorum við á stjórnvöld að setja fram vel skilgreinda aðgerðaáætlun í þessum mikilvæga málaflokki sem byggir á gagnreyndum úrræðum eins og þeim sem hér hafa verið nefnd.

Höfundar eru sálfræðingar og starfa á Þroska- og hegðunarstöð heilsugæslunnar.

Greiðslur runnu til einstaklinga

UMRÆÐAN
Sigurður Jónsson gerir athugasemd við ummæli

SIGURÐUR JÓNSSON

Ég er undrandi að sjá að oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps heldur því blákalt fram að greiðslur frá Landsvirkjun vegna óbókaðra funda sveitarstjórnarmanna hafi ekki runnið til einstaklinga.

Landsvirkjun greiddi sveitarsjóði meðal annars fyrir óbókaða fundi sveitarstjórnar sem var svo áfram greitt til kjörinna sveitarstjórnarmanna og fékk hver kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn 200 þúsund krónur. Það er því rangt sem oddviti heldur fram að einstaklingar hafi ekki fengið greiðsluna frá Landsvirkjun.

Höfundur er fyrrverandi sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

KEA

LONDONLAMB

1.259 kr/kg

~~2.099~~ kr/kg

40% afsláttur

Frábært verð!

BLÓÐMÖR 4stk.
Frosin og ósoðin

449 kr/kg

~~748~~ kr/kg

GOÐI

40% afsláttur

52% afsláttur

GOÐI

FERSKUR GRÍSABÓGUR
1/2 pakkaður

398 kr/kg

~~830~~ kr/kg

38% afsláttur

GOÐI

LIFRAPYLSA 4stk.
Frosin og ósoðin

495 kr/kg

~~798~~ kr/kg

OLITALIA ÓLÍFUOLÍA 1l

798 kr/stk.

TILBOÐ

Spaghetti 250g fylgir frítt með!

50% afsláttur

FERKST KJÚKLINGAHAKK

395 kr/kg

~~790~~ kr/kg

ICEBERG

129 kr/kg

~~258~~ kr/kg

50% afsláttur

Nýtt í öllum Nettó verslunum

HILL KEX 150g
Burboun Creams eða Custard Creams

69 kr/pk.

~~79~~ kr/pk.

www.markonnun.is

HILL FAMILY CREAM 600g

249 kr/pk.

~~289~~ kr/pk.

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 10. - 13. september eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.

www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál

Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Grænlenski kórinn
Erinnap Nipaa
13., 14. og 15. sept.

Erinnap Nipaa, blandaður kór frá Qaqortoq á suðvestur Grænlandi, heldur þrenna tónleika á Íslandi dagana 13. til 15. september.

- Seltjarnarneskirkja, sunnudaginn 13. sept. kl. 20:00.
- Norræna húsið, mánudaginn 14. sept. kl. 20:00.
- Tónlistarhúsið á Akranesi, þriðjudaginn 15. sept. kl. 15:00.

Á efnisskránni eru eingöngu grænlenskir söngvar sem aðdáendum tónlistar og kórsöngs á Íslandi hefur sjaldan eða aldrei gefist kostur á að heyra.

Með kórnum kemur fram 73 ára trommudansari, Jerimias Sanimuinaq, og sýnir forna grænlenska trommudansa.

Stjórnandi er Jens Adolfsen.
Aðgangur er ókeypis.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS KOM

Stuðningsaðilar

Góður orðstír Íslands

UMRÆÐAN
Stefán Jón Hafstein skrifar um ímynd Íslands

STEFÁN JÓN HAFSTEIN

Þegar nýkjörið þing Malaví kom saman eftir kosningar í vor sté í pontu einn af nýjum þingmönnum landsins. Okoma-atani þingmaður flutti jómfrúarræðu sína og fjallaði um framlag Íslands til að bæta lífskjör fátæks fólks í héraðinu Mangochi í suðurhluta landsins. Hann nefndi sérstaklega barnaskóla sem Íslendingar hafa byggt. Í héraðinu eru 300 þúsund börn á grunnskólaaldri, helmingur þeirra, eða 150 þúsund börn, læra ekki í yfirbyggðum skólastofum heldur þar sem forsælu er að finna undir trjám. Kennarar eru í mesta lagi með færanlega töflu til að krota á. Börnin sitja á jörðu og mörg hafa hvorki stílabækur né blýanta. Þar sem þó eru skólastofur myndu flestir Íslendinga halda að væru gripahús. Þeir tuttugu skólar sem Íslendingar hafa byggt eða endurgert eru afburðaskólar að því er lýtur að umgerð og búnaði. Þingmaðurinn nefndi líka vatnsbólin sem Íslendingar gera og sjúkrahúsið við Apaflóa þar sem nú rís ný fæðingardeild.

Skömmu áður höfðu nemendur við einn hinna nýju skóla flutt eldheitar þakkarræður um Ísland. Ungar stúlkur komu hver á fætur annarri og fluttu undirbúnar ræður um hvað það skipti miklu máli að fá að ganga í alvöru skóla og hversu þakklátar þær væru Íslendingum. Aðrir krakkar dönsuðu og sungu og kennarar með, barðar voru bumbur og á meðan sátu héraðshöfðingjar, foreldrar, prestar og biskupar, háembættismenn og nokkrir fulltrúar Íslands og fylgdust með. Svo var gengið stofu úr stofu og dáðst að nýjum húsgögnum, skólabekkjum og borðum. Sunnudagsútgáfa The Malawi Times birti opnugrein um ólík kjör tveggja ungra skólastúlkna. Greinin nefndi að önnur stúlknanna gengur í skóla sem Íslendingar hafa endurbyggt og stefnir hátt, hin lærir sínar lexíur í rústum af gamalli skólastofu upp á skarðan hlut; blaðið harmar mjög að æska landsins fái ekki jöfn tækifæri til mennta. Á fundi með utanríkisráðherra Malaví, fulltrúa hinnar nýkjörnu ríkisstjórnar, kom fram að menntun er nú í öðru sæti á forgangslista stjórnvalda, aðeins matvælaframleiðsla er ofar enda skiljanlegt í landi þar sem hungursneyð er þekktur ógnvaldur.

Að afla sér vina

Íslendingum hefur verið margt betur gefið á liðnum árum en afla sér vina erlendis. Svo mjög að fólk furðar sig á heima. Eigum við enga vini? Ekki einu sinni á Norðurlöndunum? Það er auðvitað ekki beinlínis fallið til vinsælda að valda fólki ómældu fjárhagstjóni: Ríkjum, fyrirtækjum, sveitarfélögum, einstaklingum sem spara til elliáranna og líknarfélögum; svo miklu tjóni að Íslendingar telja algjörlega óraunhæft að þeir geti nokkurn tíma goldið, aðrir verði að bera þær byrðar. Það er heldur ekki beinlínis gæfulegt þegar á bjátar að hafa hreykt sér hátt, svarað þeim vinum er til vamms sögðu með steigurlæti og hroka og segja þeim að fara í endurmenntun sem vöruðu við. Enn fremur hefur sannast að það er ekki líklegt til vegsauka á alþjóðavettvangi að standa skælandi með allt niður um sig, útbíuð þjóð og illa lyktandi í eigin klúðri eftir taumlaus veisluhöld. Þannig að sú vinafæð Íslendinga sem er þeim mörgum sjálfum nánast óskiljanleg þarf ekki að vera svo óskiljanleg þeim útlendingum sem grannt fylgjast með.

En það eru vinir

Á undanförnum árum hafa mörg af okkar fremstu og bestu gert sér dælt við stór alþjóðleg nöfn í heimi fjármála, stjórnmála og jafnvel þotulífs. Hér í Afríku eru fáir svoleiðis. Það er skiljanlegt að í hamslausu gróðæri komist tötrum klædd skólabörn í Afríku ekki á þann glæsta lista sem Íslendingar líta upp til. Samt tek ég eftir því að Norðmenn og Svíar, oft Finnar og stundum Danir hafa aflað sér valdalítilla vina í þessum hluta heimsins. Í litlum smábæ í norðurhluta Namibíu er til dæmis Marti Athissari-gata, sú eina sem er merkt í öllum bænum. Í höfuðborg Namibíu er Olof Palmestræti, þar sem flestar markverðar götur heita eftir afrískum hetjum. Þetta er vegna þess að bæði Svíar og Finnar börðust fyrir hina forsmáðu og fátæku gegn kynþáttaskilnaðarstefnu. Ég heyri alloft talað vel um Norðmenn hér í Malaví, þeim er annt um góða stjórnsýslu og lýðræði og styrkja myndarlega. Og við Íslendingar erum á blaði þó í smáu sé. Þegar litið er yfir þunnskipaðar raðir Íslandsvina í veröldinni eru það einmitt fátæk börn sem tala skærum rómi um ágæti lands og þjóðar. Lands sem þau vita líkast til ekki hvar er og þjóðar sem þau kunna ekki frekari deili á en öðrum „útlendingum“. Og hvað græðum við á því? Ekki neitt. Loksins eitthvað sem hald er í.

Höfundur starfar fyrir ÞSSÍ í Malaví.

Fólksfækkun í hallæri, gæfuspor eða skref til glötunar?

UMRÆÐAN
Jón Þorvaldur Heiðarsson skrifar um fólksfækkun

JÓN ÞORVALDUR HEIÐARSSON

Geta lands til að standa undir greiðslum til annarra landa, afborgunum af lánum, skaðabótum eða einhverju slíku, ræðst fyrst og fremst af því hversu mikið landið getur flutt út af vörum og þjónustu umfram það sem flutt er inn. Í sinni einföldustu mynd má líta á landið sem svartan kassa og horfa eingöngu á hversu mikið fer inn í kassann af verðmætum og hversu mikið kemur út úr kassanum af verðmætum. Ef meira kemur út af verðmætum en fer inn er um viðskiptaafgang að ræða sem landið getur notað til þess að greiða öðrum. Ef það er ríkið sem þarf að greiða til erlendra aðila þarf ríkið að búa sér til kerfi til að ná til sín þessum viðskiptaafgangi frá einstaklingunum. Það er gert með sköttum. En hvað gerist nú ef fólkinu inni í kassanum fækkar, í þessu tilfelli ef fólkinu á Íslandi fækkar? Til þess að svara spurningunni þurfum við fyrst að gera okkur grein fyrir hvaða verðmæti þetta eru sem fara til og frá landinu.

Hvaða áhrif hefur fólksfækkun á útflutning?

Hver er útflutningurinn frá Íslandi? Fyrst má telja sjávarafurðir, verður minni fiskur veiddur ef fólki fækkar á Íslandi? Nei. Verður minna af áli framleitt ef fólki fækkar? Nei. Munu færri ferðamenn koma til landsins vegna þess að þar búa 300 þús. manns en ekki 320 þús.? Nei. Hvað þá með almennan útflutning á hinu og þessu svo sem í þekkingargeiranum? Munu fyrirtæki eins og Össur, Marel og CCP draga úr útflutningi sínum ef fólki fækkar? Það er vandséð að svo verði. Þessi fyrirtæki ættu að geta boðið starfsmönnum sínum ágæt laun þar sem þau fá tekjur í erlendri mynt. Það góð að starfsmennirnir fari ekki eða auðvelt sé að fá góða starfsmenn í þeirra stað. Almennt er líklegt að útflutningur fyrirtækja – sem áður voru að íhuga að flýja landið vegna of sterkrar krónu – minnki ekki þegar krónan er orðin lág og allur innlendur kostnaður hefur lækkað um helming í alþjóðlegu samhengi. Jafnvel þótt gjaldmiðilsvandamálið hafi ekki verið leyst. Þetta á einnig við um þau fyrirtæki íslensk sem eru í samkeppni við útflutning. Það er því vandséð að fólksfækkun hafi veruleg áhrif á útflutning, streymi verðmæta út úr kassanum ætti að vera svipað og áður.

Hvaða áhrif hefur fólksfækkun á innflutning?

Hluti af innflutningnum er hráefni og stoðvörur fyrir atvinnulífið svo sem súrál fyrir álverin og olía fyrir sjávarútveginn. Sá innflutningur mun ekki minnka þótt fólki fækki. Að öðru leyti er innflutningurinn almennar vörur til daglegs lífs. Matvæli, fatnaður, bensín á heimilisbílinn, lyf og svo mætti lengi telja. Mun þessi innflutningur minnka ef fólki fækkar? Já. Mikið af innflutningnum er í beinu sambandi við fjölda íbúa á landinu. Það er því líklegt að fólksfækkun verði til þess að minna verði flutt inn til landsins af almennum vörum en ella.

Eykst eða minnkar viðskiptaafgangur með fólksfækkun?

Fljótt á litið er því líklegt að fólksfækkun verði til þess að straumur verðmæta til landsins minnki en straumur verðmæta frá landinu verði svipaður. Með öðrum orðum að útflutningur umfram innflutning aukist. Ef horft er á fólksfækkun frá þessum sjónarhóli er ekki líklegt að hún minnki möguleika landsins á því að ná sér út úr erfiðleikunum. Það geti beinlínis verið þveröfugt, fólksfækkun hjálpi landinu til að ná sér aftur á strik vegna þess að viðskiptaafgangur (útflutningur umfram innflutning) eykst.

Þetta má ekki skilja sem hvatningu til fólks að koma sér í burtu, málið er flóknara en svo. Fólksfækkun getur t.d. haft þau slæmu áhrif að hæft fólk í þjónustustéttum svo sem í heilbrigðiskerfi og menntastofnunum hverfi á braut og geri það að verkum að þjónustan við íbúa landsins versni. Á móti kemur að fólk sem flytur til útlanda er ekki horfið okkur að eilífu. Þetta fólk er okkur auðlind á margan hátt. Stór hluti fólksins sem fer í hallæri snýr til baka þegar ástandið batnar, í mörgum tilfellum með meira fjármagn með sér en það fór með frá landinu. Í öllu falli er ekki ástæða til að mála skrattann á vegginn þó fólki fækki á Íslandi næstu misserin. Ég hef að minnsta kosti ekki áhyggjur af því.

Höfundur er hagfræðingur og lektor við Háskólann á Akureyri.

Meðan ríkið sefur

UMRÆÐAN
Jón Þór Ólafsson svarar grein Jónínu Michaelsdóttur

Flest ríki í heiminum í dag hafa tekið sér einkaleyfi á beitingu ofbeldis innan sinna landamæra. Mistakist ríkjum það eins og raunin er með Írak og Afganistan eru þau kölluð „misheppnuð ríki“ (failed states). Ríkið réttlætir sína einokun á ofbeldi sem nauðsynlega til að vernda frelsi ríkisins og til að tryggja réttlæti innan þess.

Stofnendur Bandaríkjanna voru ekki á sama máli. Um vantraust þeirra á ríkisvaldinu verður ekki villst í orðum fyrsta forseta Bandaríkjanna George Washington: „Eins og eldur er ríkisstjórn hættulegur þjónn og hræðilegur herra.“ Fyrir þeim var nauðsynlegt fyrir öryggi frjáls ríkis að borgarar þess stofnuðu sjálfstæðar sveitir vopnaðra manna (militias) og þann rétt borgaranna bundu þeir í stjórnarskrána. Þar að auki hefur rétturinn til borgaralegrar handtöku lengi verið bundinn í lögum á Vesturlöndum og á Íslandi frá 1991. Svo réttlætingin fyrir

JÓN ÞÓR ÓLAFSSON

því að borgararnir vakni og taki völdin í sínar hendur er vel greypt í réttlætisvitund og lög Vesturlanda.

Fyrri ríkisstjórnir sváfu á verðinum meðan bankamenn með aðstoð Seðlabankans spiluðu stærstu svikamyllu Íslandssögunnar. Núverandi ríkisstjórn sefur á meðan svikahrapparnir skjóta undan þjóðarauðinum. Sagan hefur kennt okkur að þegar ríki sem áskilur sér einkaleyfi á ofbeldi sefur á meðan réttlætisvitund borgaranna er ítrekað misboðið þá vakna þeir og taka til sinna ráða. Ráðin sem borgararnir grípa til hafa alltaf reynst misvel til að ná fram réttlæti, en Íslendingar myndu ekki í dag skvetta rauðri málningu ef ríkið svæfi ekki á meðan svikahrappar skjóta undan þjóðarauðinum.

Höfundur er borgari.

Svæðisbundið samstarf ríkja og hnattvæðingin

UMRÆÐAN
Elvar Örn Arason skrifar um alþjóðamál

Áundanförnum áratugum hefur svæðisbundið samstarf ríkja farið ört vaxandi um víða veröld. Í flestum tilfellum eru það nágrannaþjóðir með náin menningarleg, söguleg og viðskiptaleg tengsl sem koma á fót svæðisbundnu samstarfi. Fyrir utan Evrópusambandið eru NAFTA í Norður-Ameríku, ASEAN í Suðaustur-Asíu og Mercosur í Suður-Ameríku þekktustu dæmin um ríkjasamstarf.

Ein helsta skýringin er talin vera hnattvæðingin, sem hefur haft í för með sér aukin viðskiptatengsl og samskipti á milli samfélaga og hagkerfa heimsins. Oft er talað um að heimurinn sé að minnka, þar sem atburðir í fjarlægum löndum geta haft víðtæk áhrif hinum megin á hnettinum. Ein frétt sem berst á örskotsstund heiminn á enda getur haft áhrif á ímynd og orðstír Íslands. Önnur skýring á þessari þróun er svokölluð dómínóáhrif, sem lýsa sér þannig að þegar nokkur ríki taka sig saman og hefja samstarf með það að leiðarljósi að styrkja efnahagslega stöðu sína eru önnur ríki knúin til að gera slíkt hið sama. Marghliða viðskiptaviðræður á vettvangi alþjóðlegra stofnanna á borð við Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) hafa enn frekar ýtt undir þessa þróun. Enn aðrir telja að hnattvæðingin hafi getið af sér nýtt alþjóðakerfi, þar sem fjölmargir aðrir gerendur en þjóðríkin hafi komið fram á sjónarsviðið. Því má líta á svæðisbundið samstarf ríkja sem viðbrögð við flóknu samspili sem á sér stað milli þjóðríkja, alþjóðastofnana, félagasamtaka og fjölþjóðafyrirtækja.

ESB hefur gengið lengra í stjórnmálalegri og efnahagslegri samvinnu en áður hefur þekkst. Þessa þróun verður einnig að skoða í samhengi við þær breytingar sem átt hafa sér stað á umliðnum árum með auknu flæði hugmynda, fólks, vöru og fjármagns. Afleiðingar hnattvæðingarinnar eru ekki að öllu leyti jákvæðar. Nýjar ógnir eins og loftlagsbreytingar, smitsóttir og alþjóðleg glæpastarfsemi

ELVAR ÖRN ARASON

þekkja engin landamæri og alþjóðleg samvinna er eina leið ríkisstjórna til að vinna bug á þeim. Alþjóðlega fjármálakreppan er nýlegt dæmi um hversu berskjölduð ríki eru gagnvart frjálsu flæði fjármagns milli landamæra.

Í hnattvæddum heimi eru alþjóðamál heimamál og öfugt. Ríkin þurfa oft á tíðum að taka virkan þátt í alþjóðasamstarfi til að ná árangri innanlands. Með inngöngu í ESB afsala ríkin sér hluta af fullveldi sínu til yfirþjóðlegra stofnana sambandsins en á móti fá þau aukna hlutdeild og vægi á alþjóðavettvangi. Í mörgum tilfellum veitir alþjóðleg samvinna smáríkjum efnahagslegt og pólitískt skjól fyrir neikvæðum áhrifum hnattvæðingarinnar. Og hlutfallslegur ávinningur þeirra af svæðisbundnu samstarfi er oft meiri en stærri ríkja. Margt bendir til þess að innganga Íslands í ESB og upptaka evru muni tryggja efnahagslegan stöðugleika og renna stoðum undir efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar til lengri tíma litið. Með því að ganga inn í evrusvæðið mun Ísland njóta hagræðis af trúverðugleika evrópska seðlabankans.

Ísland hefur tekið virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi af ýmsu tagi, fyrst á vettvangi Norðurlandaráðs og EFTA, og segja má að með EES-samningnum hafi Ísland fengið aukaaðild að ESB. Þróun alþjóðakerfisins tekur hins vegar örum breytingum og því þarf sífellt að endurmeta hagsmuni, ógnir og tækifæri. Eftir að Danmörk, Finnland og Svíþjóð gerðust aðilar að ESB hefur samstarf Norðurlandanna beinst í ríkari mæli að Brussel. Ísland ætti að skipa sér í sveit með þeim og leggja sitt af mörkum við að gæta sameiginlegra hagsmuna smáríkja á norðlægum slóðum. Ísland hefur langtum fleiri tækifæri til að vinna hagsmunum sínum brautargengi með virkri alþjóðlegri samvinnu.

Höfundur er MA í alþjóðafræði.

Á ruggustólnum á Stóra Aðalbergi

Þau **Flosi Ólafsson** og **Inga Lind Karlsdóttir** tengjast svo margvíslegum böndum að það er engu líkara en að um einhvers konar yfirnáttúrulegan þráð sé að ræða. Hann saknar hennar á skjánum enda finnst honum hún snarboruleg, sniðug og langsætust sjónvarpskvenna. Hún ber ekki síður taugar til hans, svo sterkar að vinnuheiti ófæddra barna hennar í móðurkviði hefur alltaf verið Flosi. ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** hitti þau Ingu Lind og Flosa sem settust í ruggustól í stað rökstólanna þessa vikuna.

Flosi Ólafsson stórleikari stendur úti á hlaði heimilis síns að Stóra Aðalbergi í Reykholtsdal og mætir blaðamanni og ljósmyndara Fréttablaðsins skælbrosandi með opinn bjarnarfaðminn. Í sveitinni býr Flosi með lífsförunaut sínum, Lilju Margeirsdóttur, sem stendur þétt við hlið síns manns, þarna í hlaðinu sem endranær. Stuttu eftir að inn er komið banka Inga Lind Karlsdóttir og eiginmaður hennar, Árni Hauksson, upp á. Hún fær ekki síðri móttökur frá Flosa. „Ji, hvað ég er ánægð að fá að knúsa þig. Mig hefur langað til að gera það í mörg ár," segir hún og þannig hefjast góðar samræður sem eiga eftir að teygja sig yfir allan eftirmiðdaginn.

Engum þeim sem lesið hefur pistla Flosa hefur dulist að hann er ákaflega vel kvæntur. Lilja hefur töfrað fram úr erminni mikið hlaðborð, fullt af súpu, brauði, laxi og ostum. Hersingin sest að snæðingi og Inga og Flosi hefja sínar samræður, á meðan hinir demba sér í kræsingarnar. Myndir þekja veggi heimilisins og þar er lítil stúlka oft í aðalhlutverki sem verður að umtalsefni.

Flosi: „Þetta er langömmubarnið okkar. Hún er klók þessi, get ég sagt ykkur. Þegar hún var fjögurra ára settist hún einu sinni á móti mér og sagði við mig: „Afi, átt þú ekki rauðskjóttan fola uppi á Breiðabólsstað sem er voða fallegur og góður?" Og ég svaraði: „Jú, það gæti vel verið að ég ætti hann." Þá leit hún í augun á mér og sagði: „Væri þér ekki sama þó ég fengi hann þegar þú ert dáinn?"

Inga: „Og hverju svaraðir þú eiginlega?

Flosi: „Það þurfti nú ekki einu sinni að svara þessu. Hún afgreiddi þetta bara alveg um leið."

Langsætasta pían

Flosi: „En hvernig er það, ætlar þú ekkert að fara í sjónvarpið aftur Inga mín? Þú ert langsætasta pían af þeim öllum. Ég er aðdáandi þinn, ég verð að segja eins og er."

Inga Lind: „Jæja, og hafðirðu þá kannski bara slökkt á hljóðinu og horfðir bara?"

Flosi: „Nei, aldeilis ekki. Það er eitthvert líf í þér, einhver grallaraskapur og hispursleysi sem er ekki endilega útlitinu að þakka, þó það hjálpi nú til. Mér leiðast nefnilega teprulegar stelpur. Og það er alveg voðalega leiðinlegt að hafa greppitrýni fyrir augunum. En það er bara framkoman og andblærinn yfir þér sem er svo heillandi. Þú ert eitthvað svo hispurslaus og grallaraleg."

Inga Lind: „Þakka þér fyrir, Flosi, ég sé það að ég þarf að koma hingað í heimsókn oftar. En það getur vel verið að ég fari aftur í sjónvarpið. Maður veit aldrei í þessum bransa hvar maður endar. Þetta er svo lifandi miðill þetta sjónvarp og alltaf eitthvað að gerast. En þessa dagana þykir mér ágætt að vera í móðurhlutverkinu. Svo er ég líka nýbyrjuð í listfræði í Háskóla Íslands. Er einmitt að lesa svolítið um hann Dieter Roth, sem ég sé að þið eigið mikið eftir."

Flosi: „Já, hefurðu verið að læra um hann Dieter vin minn? Hann var voðalega mikill vinur okkar og skemmtilegur karakter."

Inga Lind: „Svona eins og þú?"

Flosi: „Já, hann náði næstum því að vera eins skemmtilegur og ég."

Í sömu sveit

Inga Lind: „Ég þekki Reykholtsdalinn vel því ég var í sveit hérna þegar ég var lítil. Á Breiðabólsstað."

Flosi: „Hvað ertu að segja? Við eigum Breiðabólsstað! Sonur okkar er bóndi þar."

HVER VILL EKKI SITJA Í FANGINU Á FLOSA? Flosi Ólafsson var einu sinni með þátt í sjónvarpinu sem hét Á ruggustólum. Ljósmyndara þótti því afbragðshugmynd að rökstólaparið sæti saman á ruggustólnum hans Flosa. Það þótti hvorki Flosa né Ingu Lind nokkuð tiltökumál. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Inga Lind: „Hvað segirðu? Ég var þarna þegar ég var átta ára. Það eru orðin 21 ár síðan."

Nú heyrist niðurbældur hlátur af hinum enda borðsins, þar sem eiginmaður Ingu situr. „Hvað segirðu, hvað ertu gömul?" spyr hann og glottir.

Inga: „Nei heyrðu, þetta er sennilega nær 25 árum. En það er ekkert að marka mig. Mér finnst ég alltaf vera töluvert yngri en ég er. Eiginlega finnst mér ég vera átján ára. Svo skil ég ekkert í því þegar ég hitti átján ára fólk sem ber jafnvel virðingu fyrir mér og talar við mig eins og ég sé fullorðin. Ég skil þetta ekki. Ert þú ekki líka svona, Flosi?"

Flosi: „Nei, ég er alveg svakalega ellihrumur. Ég er alveg að drepast úr þessari helvítis elli. Það er ekkert púður í manni lengur. En ég er andlega hress, því er ekki að neita, en afar hrumur."

Inga Lind: „Bíddu nú hægur, þetta passar nú ekki alveg, varstu ekki að leika í kvikmynd?"

Flosi: Jú, jú, ég er búinn að leika í tveimur kvikmyndum í sumar. En ég er hættur að lesa handritin. Ég fæ bara setningarnar sem ég á að fara með og læri þær utan að."

Inga Lind: „Önnur þeirra heitir Laxdæla Lárusar, er það ekki?"

Flosi: „Jú! Hvernig veist þú það eiginlega?"

Inga Lind: „Heldurðu að ég fylgist ekki með? Heldurðu að það sé bara þú sem fylgist með mér? Ég veit sko margt um þig."

Hundrað laxar, mest silungur

Inga Lind: „Heyrðu mig, ég gleymdi alveg að smakka á laxinum. Er hann hérna úr ánni?"

Flosi: „Já, laxinum segirðu. Það var nú sveitungi minn sem var spurður að því hvernig hefði veiðst í Reykjadalsá í sumar. Karlinn svaraði því til að það hefðu veiðst um hundrað laxar, mest silungur."

Inga Lind: „Já, þessi var góður. Við Árni stelum þessum frasa,

við förum svo mikið í veiði. Ert þú ekkert að veiða?“
Flosi: „Nei, við höfum ekkert mátt vera að því út af hestunum. Hann Óli sonur okkar er með um sjötíu hesta núna og okkar hestar eru í þeim hópi. Við förum orðið lítið á bak. En Lilja fer reyndar svolítið ennþá, hún er svo helvíti hörð. En ég verð áttræður eftir nokkrar vikur og á orðið erfitt með að hlaupa fyrir hestana.“
Inga Lind: „Ætlarðu að halda upp á afmælið þitt?“
Flosi: „Nei, ætli ég nenni því nokkuð.“
Inga Lind: „Þér finnst kannski leiðinlegt að hitta fólk?“
Flosi: „Ég er orðinn svo kresinn á fólk. Ég er ekki svona sætur og skemmtilegur nema við fólk sem ég nenni að tala við. Aðdáendur mínir myndu þyrpast að, fölnaðar blómarósir og seníl gamalmenni.“
Inga Lind: „Athyglisverður aðdáendahópur það.“
Flosi: „Þú hlýtur að þekkja þetta.“
Inga Lind: „Það eru rosalega fáir sem þyrpast að mér úr þessum hópi. En nei, ég veit ekki til þess að ég eigi neinn sérstakan aðdáendahóp.“
Flosi: „Þú hlýtur að eiga það. Það er bara óhugsandi annað. Svona snarboruleg stelpa eins og þú.“

Sjónarsviptir að Helga

Þegar hér er komið sögu býður Lilja föruneytinu upp á kaffi í stofunni, á meðan Flosi og Inga tylla sér inn í bókaherbergi Flosa til að ræða málefni líðandi stundar.
Flosi: „Ég skrapp niður í blómaskála til að kaupa mjólk í dag og skoðaði þar Fréttablaðið í dag. Þar var á tveimur stöðum verið að fjalla um hann Helga Hóseasson. Mér fannst frekar auðvelt að skilja hann Helga. Honum fannst hann hafa verið settur á skuldbindingaklafa þegar hann var ómálga barn og hafði ekki þroska til að taka á sig skuldbindingar. Þegar maður horfir á þetta núna finnst manni að maðurinn hafi haft nokkuð mikið til síns máls með skírnina. Barnið fær svo tækifæri til að staðfesta skírnina með fermingunni. En þá er barnið ennþá barn.“
Inga Lind: „Þarna er ég sammála þér. Ég hef haldið margar ræður um þetta á mínu heimili og þyki sennilega frekar óþolandi. En börnin eru of ung í dag til að taka þessa ákvörðun. Þeim er ekki treystandi til að kjósa stjórnmálaflokk þrettán ára gömlum. Af hverju eiga þau að geta kosið sér leiðtoga lífs síns? Ég er helst á því að þetta sé bara gróðabissness hjá kirkjunni. En það er óhætt að segja að það er sjónarsviptir að karlinum. Mér þætti flott verkefni fyrir nemendur Listaháskólans að gera minnisvarða um hann. En mér finnst ekki að Reykjavíkurborg ætti að eyða peningum í þetta núna. Og ég held ekki að Helgi Hóseasson hefði fílað það ef hið opinbera væri að búa til styttu af sér. Heldurðu það?“
Flosi: „Ja, ég skal ekki segja. En hver sem borgar fyrir það finnst mér vel mega vera þarna einhver grjóthnullungur sem vegagerðin má ekki ryðja úr vegi. Bara nógu stór. Mér finnst að öllum hafi hlýnað fyrir brjóstinu þegar þeir sáu kallinn. Það var eitthvað gott við hann.“

Afsökunarbeiðni afkomenda

Flosi: „Að vissu leyti er ég í sömu stöðu og hann Helgi Hóseasson. Það er nefnilega búið að gera dálítið við mig, að mér óspurðum. Einhver af þessum elskulegu afkomendum mínum hefur í einhverju bríaríi sett mig inn á eitthvað sem heitir Facebook. Og nú er enginn stundlegur friður, það hleðst allt niður af Facebook. Ég fæ póst frá aðdáendum og fólki sem kallar sig vini mína. Þetta er hreinasta plága. Ég kann bara ekki nógu mikið á tölvuna til þess að varpa þessu fyrir róða.“
Inga Lind: „Þau ættu að biðjast afsökunar, barasta. Og hjálpa þér að sleppa.“
Flosi: „Afkomendur mínir? Já, þeir ættu að gera það.“
Inga Lind: „Þessi Facebook getur verið hættuleg. Maður þarf að passa að láta hana ekki ná tökum á sér. Nokkur af þessum fimm börnum sem ég á fengu að vera með Facebook. Og ég sé hvernig þau límast svo við þetta. Þau eru svo ómótuð krakkarnir og það er svo auðvelt að hafa áhrif á þau.“
Flosi: „Já, þú átt öll þessi börn, ekki nema átján ára.“
Inga Lind: „Já, ég á fimm börn. Það er svolítið skemmtilegt frá því að segja að við hjónin höfum alltaf verið með vinnuheiti þegar ég geng með börnin og veit ekki kynið. Og vinnuheitið á ófædda fóstrinu er alltaf Flosi.“
Flosi: „Þú meinar þetta ekki! Er vinnuheitið á börnunum þínum Flosi?“
Inga Lind: „Já, finnst þér þetta ekki magnað?“
Flosi: „Jú, þetta er ekkert annað en telepatí.“
Inga Lind: „Já, við erum greinilega mjög andlega tengd.“

Að vera skotin

Flosi og Lilja hafa verið saman í sextíu ár og það sést langar leiðir hversu lukkuleg þau eru með hvort annað. Það er því varla hægt að ljúka samræðunum öðruvísi en að spyrja að því hvernig þau hafi viðhaldið ástarblossanum í gegnum öll þessi ár.
Flosi: „Þetta byggist einfaldlega á því að vera nógu skotinn í þeim sem maður er með. Og maður heldur alveg áfram að vera skotinn, jafnvel þótt úr manni fari allir lífskraftur. Við Lilja höfum búið hér í Reykholtsdalnum í tuttugu ár og það er svo ósköp notalegt. Gamall karl og gömul kerling sem búa saman uppi í sveit. Þetta er svakalega gaman. Við erum notalegt samhengi, við Lilja.“
Inga Lind: „Miðað við það sem þú segir þarf ég ekki að hafa áhyggjur af því að maðurinn minn hætti að vera skotinn í mér, þó að ég fái hrukkur og grá hár. Það er gott að vita.“
Flosi: „Nei, væntanlega ekki, ef þið eruð bara nógu skotin í hvort öðru. Svo er það annað að mér finnst Lilja svo skemmtileg. Mér finnst hún hreinasta uppgötvun. Það er það eina sem ég get fundið jákvætt við helvítis ellina, hvað maður laðast elskulega að þeim sem maður er með.“

Dagur er að kveldi kominn í sveitinni og tími til kominn fyrir gestina að bruna aftur í bæinn. Flosi leysir fólkið út með árituðum bókum og heiðurshjónin fylgja hersingunni úr garði og kveðja með orðunum „komiði endilega sem fyrst aftur“.

➜ VÍSUR FÚSA Í SKRÚÐ UM FLOSA

Þau Flosi og Inga tengjast eins og fram kemur á margan hátt. Meðal annars í gegnum frænda Ingu og stórvin Flosa, Sigfús Jónsson, eða Fúsa í Skrúð eins og hann er jafnan kallaður. Sá hefur ort margar vísur um Flosa sem fjalla margar hverjar um leti hins síðarnefnda. Hér eru nokkur dæmi látin fylgja.

Eitt er víst að Flosa finnst
Feikilega gaman
Að gera sem allra allra minnst
Alveg dögum saman

Sefur alltaf árdegis
iðkar blundinn miðdegis
sofnar aftur síðdegis
og sefur framtil hádegis.

Á miðjum degi kappinn kemst
Knapplega úr fleti
Ég held að það sé fyrst og fremst
Fyrir djöfuls leti.

Bræðralag eða bófagengi?

Vélhjólasamtökin **Hells Angels** eru komin með annan fótinn til Íslands. Lögreglan er áhyggjufull en Vítisenglarnir sjálfir telja slíkar áhyggjur með öllu óþarfar. *Stígur Helgason* kynnti sér íslenska klúbbinn og tengsl hans við Vítisengla.

Þegar rætt er við háttsetta íslenska lögreglumenn um vélhjólasamtökin Hells Angels er óhætt að fullyrða að verulega þungt sé í þeim hljóðið. Vítisenglar eru enda skilgreindir víða um heim sem skipulögð glæpasamtök. Þeir hafa nýlega haslað sér völl á Íslandi og lögregla óttast að þeir gætu hleypt aukinni hörku í íslenska undirheima. Í ljósi reynslu erlendra starfsbræðra forðast lögreglumenn meira að segja að ræða um samtökin undir nafni.

Sjálfir segja Vítisenglar af og frá að þeir stundi skipulagða glæpi, þótt finna megi skemmd epli í öllum hópum, og saka yfirvöld um hræðsluáróður. Hells Angels sé ekkert annað en bræðralag venjulegra stráka og manna sem einbeiti sér fyrst og síðast að því að aka mótorhjólum og passa upp á sig og sína.

Veita ekki viðtöl

Eins og fram hefur komið hlaut vélhjólaklúbburinn Fáfnir á dögunum stöðuhækkun í Hells Angels-samtökunum og kallast nú Hells Angels Prospect. Af því tilefni gaf Ríkislögreglustjóri út heljarinnar yfirlýsingu um ógnirnar sem að þjóðfélaginu steðjuðu vegna þessa og lagði til að klúbbar af þessu tagi yrðu hreinlega bannaðir með lögum.

Einar „Boom“ Marteinsson, nýr forseti hinna tilvonandi Vítisengla, neitaði að veita Fréttablaðinu viðtal vegna þessarar umfjöllunar; sagði að það væri stefna klúbbsins að veita ekki viðtöl. Einar vildi heldur ekki gefa upp hversu margir meðlimir klúbbsins væru, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru skráðir meðlimir eitthvað í kringum tuttugu talsins.

Ekki fæst uppgefið hver skilyrðin fyrir inngöngu eru, fyrir utan það að vera karlmaður og á Íslandi þarf að hafa ástríðu fyrir Harley Davidson-hjólum. Annars konar hjól eru tekin í sátt sums staðar annars staðar í heiminum.

Líkt og í öðrum Hells Angels-klúbbum ríkir ákveðið skipulag í þeim íslenska. Forseti er æðstur, og næst honum standa varaforseti, gjaldkeri og ritari. Önnur embætti tíðkast einnig, til dæmis eins konar agavörður (e. sergeant at arms), sem sér um að menn hagi sér með friði og spekt á fundum og samkomum.

Hafa kennt sig við Vítisengla lengi

Þrátt fyrir að Fáfnisliðar hafi einungis nýlega verið kenndir við Hells Angels opinberlega er það ekki spánnýtt fyrir þeim sjálfum. Þeir hafa árum saman haft það markmið að ganga til liðs við samtökin og raunar er það svo að fyrir hálfu öðru ári gerðust þeir opinberir áhangendur Vítisengla og tóku þá þegar upp nafnið Hells Angels Hangaround eins og tíðkast með klúbba í slíkri stöðu. Fáfnisnafnið var því í raun lagt af fyrir nokkru, þótt það væri enn notað í almennri umræðu.

Til þess svo að öðlast Prospect-stöðuna þurftu þeir að kynnast erlendum Vítisenglum betur og vinna fyrir þá ýmis verk, til dæmis sinna gæslu á samkomum og afgreiða á bar. Næsta stig er að verða fullgildir Vítisenglar. Sjálfir vita þeir ekki hvenær það verður, en Ríkislögreglustjóri hefur sagt í tilkynningu að það gæti orðið strax á næsta ári.

Getur hafa verið leiddar að því innan lögreglunnar að tugmilljónasvik nokkurra ungra manna úr Íbúðalánasjóði hafi verið að undirlagi Fáfnisliða, jafnvel til að liðka fyrir stöðuhækkun klúbbsins hjá Vítisenglunum. Samkvæmt heimildum blaðsins hefur lögreglan nú horfið frá þessari skoðun og lítur svo á að svikin hafi líklega verið verk áhangenda Fáfnis, sem vildu ganga til liðs við klúbbinn. Þrátt fyrir það hefur Fréttablaðið eftir áreiðanlegum heimildum að einn fullgildir meðlimur Fáfnis, eldri bróðir eins ungu mannanna, hafi verið handtekinn vegna málsins og yfirheyrður eftir húsleit á heimili hans. Honum var síðan sleppt.

VÍGALEGUR Með nafnbótinni Prospect fengu hinir íslensku tilvonandi Vítisenglar heimild til að bera hluta merkis Hells Angels á vestum sínum. Þeir hafa nú saumað landsmerkið neðst á vestin og MC í hvítum ferhyrningi rétt fyrir ofan, eins og sjá má á myndinni. Fullgildir meðlimir fá síðan að hafa „Hells Angels“ saumað efst, á móti landsmerkinu, og Höfuð dauðans, opinbert merki Vítisenglanna, í miðið. Það má sjá hér til hliðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ítrekaðar komur háttsettra Engla

Vélhjólaklúbburinn Fáfnir, nú Hells Angels Prospect, er að verða þrettán ára gamall. Klúbburinn blés til mikils fagnaðar í mars sem frægt var þegar hann flutti úr klúbbhúsi sínu til margra ára við Frakkastíg í nýtt húsnæði í Hafnarfirði.

Þá greip lögregla til viðamikilla ráðstafana til að koma í veg fyrir að erlendir Vítisenglar kæmust í opnunarhófið, með þeim rökum að koma svo margra félaga úr skilgreindum skipulögðum glæpasamtökum í einu ógnaði þjóðaröryggi og allsherjarreglu. Nálega öðrum tug var vísað frá landinu og íhuga þeir nú réttarstöðu sína vegna málsins. Veislan fór með öllu friðsamlega fram.

Þetta var ekki í fyrsta sinn sem hópi Vítisengla var vísað frá landinu. Þá eru einnig fjölmörg dæmi um það að háttsettir Vítisenglar, einkum frá Norðurlöndum, hafi komið hingað til lands á síðustu mánuðum og árum að taka út störf Fáfnis og skemmta sér. Meðal þeirra er Leif Ivar Kristiansen, forseti Vítisenglanna í Noregi, sem vakti athygli hérlendis í kringum teitina í mars með ummælum þess efnis að ef íslensk yfirvöld vildu stríð þá myndu þau fá stríð.

Óttast átök í undirheimunum

En það er ekki endilega stríð við íslensk yfirvöld sem lögreglan hérlendis óttast mest, heldur að hugsanlega slái í brýnu á milli Vítisenglanna og gengja og glæpahópa sem þegar eru umsvifamiklir í undirheimum Íslands. Dæmin að utan eru sannarlega til staðar, þótt meðlimir Hells Angels telji margir hverjir að þau hafi verið blásin óþarflega upp.

Og þá þarf ekki að leita lengra en til Norðurlandanna. Skemmst er að minnast stríðsins sem geisaði í fyrrahaust á milli Vítisengla og gengja af annarri kynslóð innflytjenda í Kaupmannahöfn. Þau átök hófust þegar meðlimur áhangendaklúbbs Hells Angels skaut annarrar kynslóðar innflytjanda til bana með vélbyssu. Í kjölfarið hófust heiftarleg átök þar sem handsprengjum var meðal annars kastað að höfuðstöðvum Hells Angels og nokkrir særðust alvarlega í skotárásum.

Þá er ógleymt stóra mótorhjólagengjastríðið í Skandinavíu um miðjan tíunda áratuginn, þar sem Hells Angels og Banditos kljáðust heiftarlega með þeim afleiðingum

Forvitnileg foringjaskipti á tímamótum

Samtökin Hells Angels Prospect eiga sér nokkurra ára sögu hér á Íslandi. Þau hétu áður Fáfnir, eða Fafner MC, og lutu lengst af stjórn Jóns Trausta Lútherssonar, dæmds ofbeldismanns sem varð landsfrægur að endemum þegar hann réðst á hóp lögreglumanna í Leifsstöð árið 2003 og gekk í kjölfarið berserksgang á ritstjórnarskrifstofum DV vegna umfjöllunarinnar um málið.

Jón Trausti hefur síðan hlotið dóma fyrir ofbeldisverk, meðal annars að ganga í skrokk á manni ásamt félaga sínum úr Fáfni, og míga síðan yfir hann.

Samhliða því að klúbburinn fékk stöðu prospect-klúbbs yfirgaf Jón Trausti forsætið og varaforsetinn til margra ára, Einar ‚Boom‘ Marteinsson, kenndur við barinn De Boom Kicker í Hafnarstræti, tók við. Þessar vendingar hafa að vonum vakið athygli. Spurt er hvers vegna Jón Trausti hættir í klúbbnum þegar hann er við það að ná sínu höfuðmarkmiði og er loks kominn með annan fótinn inn í Hells Angels.

Raunin er hins vegar sú að Jón Trausti átti ekki frumkvæðið að viðskilnaðinum, heldur naut hann ekki lengur trausts félaga sinna. Þeim þótti hann ekki hafa það til að bera sem einkenna þyrfti forseta Hells Angels-klúbbs, væri of bráður og bærist of mikið á. Þeir vildu að hann hætti og hann sá sér þann kost vænstan að hlíta þeim óskum.

Jón Trausti er nú fluttur til Noregs og það er samdóma álit heimildarmanna blaðsins að hann kunni að eiga erfitt uppdráttar þegar og ef hann snýr aftur heim. Hann hafi bakað sér marga óvildarmenn hérlendis og það geti reynst honum illa nú þegar hann hefur ekki lengur bakland í klúbbnum.

NÝI FORSETINN Einar „Boom“ Marteinsson var áður varaformaður við hlið Jóns Trausta en er nú tekinn við af honum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

GAMLI FORSETINN Jón Trausti varð oft umfjöllunarefni fjölmiðla vegna slæmrar hegðunar. Hér sést hann trylltur í Leifsstöð árið 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

að ellefu létu lífið, tæplega áttatíu morðtilraunir voru gerðar og á annað hundrað særðust. Víða annars staðar hafa félagar í Hells Angels verið dæmdir fyrir alvarlega glæpi.

Heróín veldur áhyggjum

Samkvæmt heimildum blaðsins úr lögreglunni hræðast menn helst hugsanleg átök Vítisenglanna við þá sem fyrir eru á fleti í íslenskum glæpaheimi, til dæmis gengi frá Austur-Evrópu og eins aðra Íslendinga. Strax árið 2007 munaði minnstu að illa færi þegar hópur þekktra íslenskra handrukkara knúði dyra í félagsheimili Fáfnis grár fyrir járnum, vopnaður kylfum, rörum og öðrum bareflum, og Fáfnisliðar, með Jón Trausta Lúthersson fremstan í flokki, mættu hópnum enn grárri ef eitthvað er. Málið var þó að lokum leyst friðsamlega.

Vítisenglarnir hafa einnig verið bendlaðir mjög við sölu og dreifingu fíkniefna á Norðurlöndum og hefur lögregla hér áhyggjur af því að markaður með fíkniefni kunni að breytast þegar samtökin hafa náð fullri fótfestu á landinu. Er þar einkum horft til heróíns, en heróínneysla er orðin víðtækt vandamál á Norðurlöndum, einkum í Noregi, á meðan efnið þekkist varla hérlendis. Óttast menn nú að það kunni að breytast.

Leynilegt samfélag með eigin lög og reglur

„Þegar við breytum rétt man það enginn. Þegar við breytum rangt gleymir því enginn.“ Þetta eru óformleg einkennisorð vélhjólasamtakanna Hells Angels, sem lögregla telur eitt illvígasta gengi svokallaðra útlægra vélhjólamanna í veröldinni.

Talsverð leynd hefur ríkt í kringum samtökin allt frá upphafi, eins og tíðkast með önnur bræðralög á borð við Frímúrararegluna. Þannig er til dæmis ekki ljóst hvenær samtökin urðu til, en talið er að það hafi gerst á fimmta eða sjötta áratugnum í Kaliforníu í Bandaríkjunum þegar nokkrir vélhjólaklúbbar runnu saman í einn.

Fáir meðlimir samtakanna hafa tjáð sig opinskátt um veru sína þar, enda er það litið hornauga, svo ekki sé meira sagt, að ljóstra upp leyndardómum Englanna. Þeir eru þó til sem hafa leyst frá skjóðunni að einhverju marki, og einn þeirra er Ralph „Sonny“ Barger, einn af stofnmeðlimum Vítisengla í Oakland í Kaliforníu, sem skrifað hefur fjórar bækur um samtökin. Sonny er orðinn eins konar átrúnaðargoð Vítisengla um heim allan, og vísar forseti hinna tilvonandi Vítisengla á Íslandi til dæmis til skrifa hans þegar spurt er um stefnu og viðhorf meðlima samtakanna.

Félagsmenn líkja reglum samtakanna við boðorð Biblíunnar, hvorki meira né minna. Í þeim er meðal annars kveðið á um að hver Vítisengill skuli hjálpa öðrum lendi hann í vandræðum, enginn Vítisengill megi bera víurnar í annars konu og að Vítisenglar skuli ekki kljást innbyrðis. Þá segjast þeir halda samninga mjög í heiðri – ekki megi ganga á bak orða sinna jafnvel þótt þeir gætu það hæglega í krafti stöðu sinnar.

Inntökuskilyrðin eru skýr: Enginn getur sótt um aðild án ökuskírteinis og aðgangs að ökufæru mótorhjóli. Umsækjendur mega ekki vera barnaníðingar og ekki hafa sótt um starf sem lögreglumenn eða fangaverðir.

Þá eru fíklar sem ekki hafa stjórn á eigin lífi ekki velkomnir í samtökin og eiga brottrekstur yfir höfði sér. Einungis karlar eru velkomnir, enda segir sagan að MC í nafninu Hells Angels MC, sem nú er álitið standa fyrir Motorcycle Club, hafi upphaflega staðið fyrir Men's Club.

Meðlimir samtakanna eru taldir vera vel á fjórða þúsund á heimsvísu, í ríflega hundrað klúbbum í 29 löndum. Þeir eru að langstærstum hluta hvítir á hörund. Vítisenglar kalla sig stundum 1 prósent gengi, og bera sumir merki því til stuðnings á vestum sínum. Með 1 prósenti er vísað til frægra ummæla forsvarsmanna Samtaka vélhjólamanna í Bandaríkjunum þess efnis að 99 prósent þeirra sem ækju mótorhjólum væru löghlýðnir borgarar.

En hvernig stendur á því að samtök, sem ekki gangast við því að vera glæpagengi, skuli vilja kenna sig við það prósent samfélagsins sem er ólöghlýðið? Þetta skýra þeir með anarkískum rökum; þeir vilji ekki vera skilyrtir af yfirvaldinu og hafi með samtökunum búið til nýtt samfélag – utan þess hefðbundna, sem lúti eigin lögum og reglum. Þeir gæti þess hins vegar í hvívetna að ganga ekki á rétt annarra.

Þrátt fyrir baráttu yfirvalda víðast hvar gegn Vítisenglunum hefur almenningsálitið sums staðar snúist á sveif með þeim, einmitt vegna þessarar lífspeki. Sumir líta á þá sem hálfgerðar hetjur, táknmynd frjálslyndis, bræðralags og tryggglyndis. Í Danmörku voru til dæmis ritaðar greinar í röðum í þarlend dagblöð þegar deilan við gengi annarrar kynslóðar innflytjenda stóð sem hæst í fyrra, þar sem Vítisenglum var lýst sem fórnarlömbum deilunnar og að þeir hefðu fátt unnið til saka annað en að spyrna fótum við uppgangi stórhættulegra glæpagengja. Aðrir, minnugir æði vafasamrar fortíðar klúbbsins, lýsa Vítisenglum sem samfélagsplágu.

Vítisenglar um allan heim



Á þessu korti má sjá þau lönd þar sem Vítisenglar halda úti starfsemi. Auk klúbbsins á Íslandi hefur einn klúbbur í Póllandi nú stöðu Prospect-klúbbs.

KVÖLDKAFFIÐ Borðstofan er búin fallegum húsgögnum, ljósum og listaverkum. Allt eru það gjafir frá góðu fólki. Sama er að segja um gólfefnin í húsinu.

ÞÓRANNA „Þið verðið að doka aðeins við eftir rabarabarakökunni sem er að koma úr ofninum."

NÝBYGGING BERGMÁLS Borið verður í húsið og lóðin lagfærð fyrir veturinn.

VINABANDIÐ Hélt uppi fjöri í íþróttahúsi Sólheima.

NOTALEGT Fólk getur auðveldlega látið fara vel um sig í setustofunni.

Í BORÐSTOFUNNI Öllu er fallega fyrir komið.

Hver dagurinn öðrum betri

Frá húsi líknar-og vinafélagsins Bergmáls að Sólheimum í Grímsnesi berst bökunarilmur út á hlað. Gestir þess eru flestir á balli í íþróttahúsi staðarins en þeirra bíður kvöldhressing sjálfboðaliðanna í eldhúsinu. *Gunnþóra Gunnarsdóttir* kíkti í heimsókn.

Ballið er búið rétt fyrir tíu og Bergmálsvinir tínast í hús, það orð notar Kolbrún Karlsdóttir, formaður félagsins, um dvalargesti. Hún er ein þeirra sem dansaði þetta kvöld við undirleik Vinabandsins og býður að sjálfsögðu hljómsveitarfólki til kaffidrykkjunnar. Það eru launin því hér er allt gert í sjálfboðavinnu. Einn söngvarinn, Jón Hilmar Gunnarsson, færir eldhúsdömunum þrjú forláta skurðarbretti og önnur tvö undir stórar tertur. Svona er andinn á þessu heimili. Allt er gert af góðum hug enda segir Kolbrún að einu lög félagsins séu faðmlög.

Gott hjartalag og hjálpfúsar hendur

Bergmál hefur í sextán ár boðið langveiku fólki til hvíldar- og hressingardvalar í eina viku að vori og aðra að hausti. Gistiheimili að Sólheimum í Grímsnesi hefur verið leigt til starfseminnar en í sumar tók félagið sitt eigið hús á staðnum í notkun. Það var að mestu byggt af sjálfboðaliðum og er allt hið glæsilegasta. Nú þegar hafa þrjár hvíldarvikur verið haldnar þar og einni slíkri er við það að ljúka þegar blaðamaður er á ferð. „Ég er svo gæfusöm að lifa í landi þar sem býr fólk með gott hjartalag og hjálpfúsar hendur. Það hefur ýmist lagt fram peninga, byggingarefni eða starfskrafta sína. Þannig hefur þetta gerst," segir Kolbrún og býðst til að sýna blaðamanni nýja húsið. Þegar haft er orð á að þá sé verið að tefja hana frá gestunum svarar hún hlæjandi: „Þeir eru nú búnir að hlusta á malið í mér í heila viku. Heldurðu að það sé ekki nóg fyrir þá?"

Í húsinu er pláss fyrir 28 í tveggja manna herbergjum með snyrtingu og hugsað fyrir hverju smáatriði. Rúllugardínurnar ná til dæmis út á veggina svo fólk vakni ekki með sólina í augum klukkan þrjú að nóttu yfir sumarið. Skrifborð er á milli rúmanna og hillur í hvorum enda þess jafngilda náttborðum. Sængurfatnaðinn valdi Kolbrún í Ameríku og flutti heim með góðra manna hjálp. Hann er þeirrar gerðar að efnið er úr 70 prósent silki og 30 prósent bómull öðrum megin en hinum megin úr 100 prósent bómull. „Ef fólk svitnar þá snýr það silkinu að sér en bómullinni ef því er kalt. Svo er heilsufarslegt atriði að rúmfötin séu svolítið hressandi útlits þannig að fólki líði vel þegar það kemur inn," segir Kolbrún.

Baðherbergið er sömuleiðis búið þægindum sem henta starfseminni, gólfið er til dæmis stamt og klósettsseturnar lokast mjúklega svo að herbergisfélaginn raski ekki ró hins.

KOLBRÚN „Ég er svo gæfusöm að lifa í landi þar sem býr gott fólk," segir hún.

Allt frítt fyrir dvalargesti

Gestirnir dreifa sér um híbýlin, sumir ganga til hvílu, aðrir inn í setustofuna, spjalla saman og grípa í handavinnu. Allir sem blaðamaður nær tali af ljúka lofsorði á dvölina á Sólheimum. „Það er alveg dýrðlegt að vera hér," segir Inga Edith Karlsdóttir og í sama streng tekur Ólafur sem hefur bæði kynnst því að vinna í húsinu og vera þar í veikindafríi. Hann segir Kolbrúnu algera kraftaverkakonu. Mörgum byggingarstjórum hafi hann kynnst en hún skari fram úr.

„Það er ekki hægt annað en vera Bergmálsvinur þegar maður er búinn að kynnast starfseminni," segir Ágúst Karlsson. „Það var mælt með því að við hjónin færum hingað. Konan mín er veik. Okkur fannst nú fyrst að við ættum frekar að vera heima en létum til leiðast og sjáum ekki eftir því. Hér er hver dagurinn öðrum betri. Það er unun að sjá hvað fólk er samstillt og ánægt og það á bæði við um dvalargesti og starfsfólk," segir hann og nefnir líka hljóðfæraleikara, einsöngvara og kóra sem komið hafi fram á kvöldvökum á hverju kvöldi."

Kolbrún tekur undir að þeir séu ófáir skemmtikraftarnir í landinu sem hafi glatt Bergmálsvini gegnum tíðina endurgjaldslaust og jafnframt alla á Sólheimum því kvöldvökurnar séu þeim opnar. „Það er ábyggilega hægara að telja upp þá listamenn þessarar þjóðar sem eru ekki búnir að koma," segir hún og getur þess líka að fagfólk hafi gefið nudd, djúpslökun, handsnyrtingu og fleira sem verða má til þæginda.

„Hér er allt frítt fyrir dvalargesti. Þannig bara er það og verður. Þó erum við sköttuð eins og hótel, það finnst okkur svolítið sérkennilegt því við komum aldrei í lífinu til með að hafa tekjur af þessari starfsemi," segir Kolbrún en kveðst samt ætla að leigja húsið út til félaga Öryrkjabandalagsins á tímabilum til að hafa upp í rekstrarkostnað þess og þá fyrir vægt verð.

Bergmál, með sína 42 félagsmenn, mun halda áfram að efna til hvíldarvikna af og til og dekra við sitt fólk enda telur Kolbrún það forréttindi. „Við erum aldrei glaðari en þegar okkur tekst að gleðja einhvern sem þarf þess með," segir hún. - „Ég fann það ekki upp. Það hefur verið vitað lengi."

Gólfefni á góðu verði – fyrir alla alltaf!

MÚRBÚÐARVERÐ



Gólf, svört 30x60cm

2.790 kr. m²



Vegg, Princess, svört, 20x45cm

2.350 kr. m²

Vegg, hvít glans 20x25cm

1.550 kr. m²



Vegg, Princess, hvít, 20x45cm

2.790 kr. m²



Gólf, marmarabeige, 30x60cm

3.490 kr. m²

Vegg / gólfflísar, ljósgrá, beige og brún yrjótt 15x15cm

2.290 kr. m²

Gólfflísar 3 litir 33,3 x 33,3cm

1.590 kr. m²

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Gólf, marmarabeige, 60x60cm

3.290 kr. m²

Gólf, Beige 30x30cm

1.990 kr. m²



Gólf, Regina, brún 33,3x33,3cm

2.390 kr. m²

Nú borgar sig að gera gæða- og verðsamanburð!

Flísalím pr. 25kg frá

2.695 kr.

Rakamembra 7kg

4.995 kr.

Fúga 2kg

595 kr.



Martinelli, 3 stafa Eik Natur 2200x189x14mm

3.790 kr. m²



Merbau 2200x189x14mm

4.790 kr. m²



New plastparket, Dökk eik, rakavarið 1214x193x8,3mm

1.995 kr. m²

***Reykjavík** Kletthálsi 7.*
Opið virka daga kl. 8-18
laugard. 9-16

***Suðurnes** Fuglavík 18.*
Opið virka daga kl. 8-18,
laugard. 10-14

***Akureyri** Furuvellir 15.*
Opið virka daga kl. 8-18,
laugard. 10-14

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Mótmælandi Íslands allur

Helgi Hóseasson smiður varð í lifanda lífi dæmi um mann sem hélt uppi stöðugum mótmælum um það sem honum þótti miður í samfélagi mannanna. Hann smíðaði sér eigin táknheim með heitum og nafngiftum og beindi andófi gegn forystu í utanríkismálum og borgaralegri réttarskerðingu en fyrir betra lífi í heiminum til handa öllu mannkyni. Í upphafi var andóf hans einskorðað við þau mannréttindi að verða leystur undan skírnarsáttmála þjóðkirkjunnar sem hann hafði sem barn og unglingur gengist við. *Páll Baldvin Baldvinsson* skoðar nokkrar myndir frá mótmælaferli Helga.

Skyrslettur á forseta Íslands og konu hans, biskup Íslands og þingmenn við setningu Alþingis hinn 10. október 1972 voru ekki fyrstu mótmæli Helga. Þegar hann fluttist til Reykjavík rúmlega tvítugur að aldri árið 1940 tók hann að leita þess réttar síns að verða leystur undan skírnarsáttmála sem hann hafði staðfest þrettán ára unglingur. Ráðamenn og forráðamenn Þjóðkirkjunnar skelltu skollaeyrum við beiðnum hans. Hann kærði þá biskup Íslands fyrir mannréttinda- og stjórnarskrárbrot. Málið fór fyrir Hæstarétt og var þar vísað frá. Helgi sendi árið 1964 öllum þingmönnum bréf um mál sitt og átti eftir að senda þingmönnum mörg bréf til viðbótar. Mál hans fór fyrir Mannréttindadómstól Evrópu en var vísað frá. Hann tók að mótmæla við kirkjulegar athafnir, bæði fyrir söfnuði og við kirkjur, og var þá oft tekinn úr umferð. Hann ónýtti sáttmála sinn fyrir söfnuði í Dómkirkjunni í október 1966. Hagstofan neitaði að breyta skráningu á ónýtingu sáttmálans. Við ítrekun í bréfi til allra þingmanna svöruðu tveir menn honum: Bjarni Benediktsson og Lúðvík Jósepsson, og lýstu sig vanmáttuga að hjálpa honum.

Við þingsetningu 1971 kynnti Helgi sér aðstæður við þinghúsið og árið eftir fór hann í bæinn í strætó með úthrært skyr og sérbúinn hanska til að sletta skyri á gönguna frá Dómkirkjunni eftir hina hefðbundnu messu fyrir setninguna. Eftir sletturnar þrjár á forsetann, frú Halldóru, biskup og þingmenn var hann handtekinn og hafður í haldi í nokkra daga, sagði hann í viðtali við Mannlíf árið 1997. Hann fastaði, líka á Kleppi þar sem hann var vistaður og greindur af geðlæknum. Hann var síðar látinn sæta geðrannsókn.

Á áttunda áratugnum hélt Helgi mótmælum áfram, sletti tjörublöndu á Stjórnarráðið sem hann kallaði „gamla tukthúsið við Lækjartorg“ og þinghúsið. En allt kom fyrir ekki. Árið 1982 var hann ásakaður um að hafa brennt til grunna kirkjuna sem hann var skírður í og neitaði hvorki né játti þeirri sök.

Síðustu árin varð mótmælastaða Helga daglegur viðburður og æ pólitískari. Hann tók sér jafnan stöðu á Langholtsveginum og stóð þar lengi dags. Hann tók saman bók um baráttu sína og heimildarmynd var gerð um hana. Hann var afar kjarnyrtur maður, jafnvel fornyrtur, og hafði sérstakan orðaforða sem hann beitti í málsvörnum sínum.

Nú verður þessi látni baráttujaxl og kommúnisti lagður til hinstu hvílu og ofurvald íslensku þjóðkirkjunnar stutt lögum og reglum íslenska lýðveldisins mun um síðir koma honum í vígða mold, því hinum trúlausu eru engin grið gefin, jafnvel ekki út fyrir gröf og dauða. Frjáls vilji má sín lítils mót bókstafnum. Lífsbarátta Helga Hóseassonar sannar það eftirminnilega.

MÓTMÆLANDI ÍSLANDS Helgi heima með nokkur af spjöldum sínum sem hann fór með víða en stóð oftast með á Langholtsveginum. Nú hefur galleríisti í Reykjavík keypt nokkur þeirra og kallar þau listaverk.

BINDINDISMAÐUR Á EITUR Helgi neytti hvorki víns né tóbaks og var reglumaður um allt í sínu lífi. Hér mótmælir hann tóbaki og bendir á skaðsemi þess.

SNÚINN NIÐUR Helgi liggur í götunni og yfir honum eru fimm lögregluþjónar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HELGI HÓSEASSON HÚSASMIÐUR MÓTMÆLIR Fyrsta gusan fallin og önnur í loftinu. Hvorki heiðursvörður lögreglu né þingmenn bregðast við en frú Halldóra sýnir viðbrögð.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HELGI HÓSEASSON HÚSASMIÐUR MÓTMÆLIR Lögreglumenn hlaupa til, þingmenn frá hægri bregðast við: Ólafur Jóhannesson, Einar Ágústsson, Magnús Kjartansson, Magnús Torfi Ólafsson, Magnús Jónsson, Hannibal Valdimarsson, Gunnar Thoroddsen lokar augunum, Lúðvík Jósepsson beygir sig fram og lengst til hægri í hópnum eru Þórarinn Þórarinsson og að baki honum Matthías Mathiesen og Gils Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Takk fyrir komuna!

Við þökkum þeim fjölmörgu sem lögðu leið sína í stöðvar Landsvirkjunar í sumar, kynntu sér raforkuframleiðslu og sáu skemmtilegar sýningar.

Hlökkum til að sjá ykkur aftur næsta sumar.

Landsvirkjun

PIPAR • SÍA • 91462

NÚÐLUSÚPA FYRIR ALLAN PENINGINN Krisana í Mai-Thai stillir sér upp. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SLAPP VIÐ HRUNIÐ Sjálandshverfið er smart.

Erlendis í Reykjavík

Á sumum stöðum á höfuðborgarsvæðinu er auðvelt að láta sér líða eins og maður sé í útlöndum. Þar býðst framandi upplifun og sitthvað sem maður er ekki alveg vanur úr íslenska hversdagsleikanum. *Dr. Gunni* kannaði málið í fylgd *Gunnars V. Andréssonar* ljósmyndara.

Útlönd þýða framandi umhverfi og nýjar upplifanir. Eitthvað nýtt og ferskt. En það þarf ekki að leita langt yfir skammt því „erlenda“ upplifun má fá víða á Íslandi, til dæmis í Drafnarfellinu í Efra-Breiðholti. Þar er pólska búðin Mini-market, stærsta búð sinnar tegundar á Íslandi. Í kringum mann heyrast framandi tungumál og vörurnar í hillunum eru öðruvísi en maður er vanur, enda fluttar beint inn frá Póllandi. Hinn brosmildi Piotr „Pétur“ Jakubek er annar eigandi búðarinnar. „Þegar ég fékk lamb í fyrsta skipti á Íslandi voru bornar fram sykraðar kartöflur með. Ég hafði aldrei séð annað eins og hugsaði: Hvers konar vitleysingaþjóðfélag er ég nú kominn í? Síðan komst ég á bragðið og elska sykraðar kartöflur í dag,“ segir hann og vill meina að margir komist á svipaðan hátt á bragðið hvað pólska matinn varðar. Mini-market hóf starfsemi sína árið 2005 en flutti í núverandi húsnæði 2007.

Piotr fer með mig um búðina og sýnir mér hvað er til. Hér fást um 300 vörutegundir sem hann flytur inn frá Póllandi. „Þetta er eina búðin hér um slóðir svo fólkið í Æsufellinu er farið að færa sig upp á skaftið og borðar pólskan mat,“ segir hann, en bætir við að „venjulegur“ matur sé einnig til í bland. „Við erum með tólf tegundir af sinnepi, súrar gúrkur, ýmsar tegundir af síld og alls konar niðursuðumat,“ segir Piotr. „Og Prins-Póló, auðvitað. Meira að segja grænt!“ Hann bendir mér á upplýsingavegg þar sem hanga handskrifaðar tilkynningar og auglýsingar á pólsku. „Eins og þú sérð er búðin einnig eins konar félagsmiðstöð fyrir Pólverja og aðra Austur-Evrópubúa. En hingað eru allir velkomnir. Að sjálfsögðu.“

ALVÖRU TURN Kópavogur er ekkert sveitó lengur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

New York í Kópavogi

Eftir að rúllustigum fjölgaði á landinu varð fátt meira „erlendis“ en háhýsi. Í góðærinu girtu menn sig í brók á þessu sviði og upp risu tveir þokkalegir skýjakljúfar, Höfðatorgsturninn sem er 70 metrar á hæð og Deloitte-turninn á Smáratorgi, sem er sjö metrum hærri. Alls konar starfssemi er í turninum og hann er vissulega tilkomumikill að sjá í bæjarmynd Kópavogs. Að hugsa sér að þarna var ekkert nema mói og urð fyrir örfáum árum!

Íslensku turnarnir eru náttúrulega algjörir tittir í samanburði við alvöru háhýsi og væru líklega notaðir sem bílskúrar á Manhattan. Fimm og hálfan Deloitte-turn þyrfti til að ná upp í Empire State, hæsta turn New York (381 m). Wikipedia nefnir ekki nema 82 hæstu háhýsin á Manhattan og skýjakljúfurinn sem er í 82. sæti er 183 metra hár! Kannski spýta Íslendingar í lófana á þessu sviði í næsta góðæri, hvenær svo sem það nú verður.

Nútíminn í Garðabæ

Vinsælt er að fara í sunnudagsbíltúr um ný hverfi, enda gaman að sjá borgina vaxa og verða til. Síðustu árin hljóp ofvöxtur í byggingariðnaðinn svo sums staðar er hreinlega sorglegt að rúnta um auð stræti brostinna drauma. Sjálandshverfi í Garðabæ rétt slapp við kreppuna, eða það sýnist manni allavega. Göturnar heita framandi nöfnum eins og Langalína og Strikið og hverfið lítur eiginlega nákvæmlega eins út í alvöru og á teikningunum frá arkitektastofunni, litlu stílhreinu trén eru á sínum stað. Þetta er flott, nútímalegt og „lífsstílslegt“ hverfi og einhvern veginn „erlendis“. Þó stutt sé í náttúruna vantar kannski bara helst einhverja starfsemi í hverfið til að fylla það lífi.

Asía á Hlemmi

Hlemmur er eitt „íslenskasta“ fyrirbæri landsins. Það er eins og þar sé alltaf árið 1986; fólk að norpa eftir strætó í endalaust hryssingslegu veðri. Hinum megin við Laugaveginn leynist matvöru- og gjafavöruverslunin Mai-Thai, sem aftur á móti er gríðarlega „erlendis“. Afgreiðslustúlkurnar Linda og Krisana eru hressar og leiðbeina viðskiptavinum. Það þarf þó varla því kúnnarnir – asískir innflytjendur í meirihluta – virðast á heimavelli. Hér eru hillur sligaðar af undarlegum, framandi og óvæntum matvörum; allt frá fiski og grænmeti yfir í gos, nammi og snakk. Maður verður bara að prófa sig áfram. Það er ekkert víst að allir kunni að meta engiferkaramellur og kryddað þarasnakk. Svo til að gera búðina enn þá skrítnari fást hér líka þungarokksbolir, taílensk teiknimyndablöð og ferðasauna.

Þegar ég horfi eftir rekkunum, anda að mér krydd-ilminum og hlusta á kúnnana ræða málin á framandi tungumálum, á ég auðvelt með að ímynda mér að ég sé kominn í hverfisbúð í Bangkok. Það skemmir þó aðeins fyrir að Flosi Ólafsson er að syngja „Það er svo geggjað að geta hneggjað“ í útvarpinu!

MEÐ PULSUR FRÁ KJÖTPÓL Piotr Jakubek í Mini-market er léttur á því. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

TÓLF TEGUNDUR AF SINNEPI Viðskiptavinur Mini-market í þungum þönkum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ferðalög
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG]
SEPTEMBER 2009

Beint flug til Taílands
Ævintýrin færast nær Íslendingum
10

Borgarferðir í haust
Spennandi kostir í boði
BLS 4

FERÐIN TIL PANAMA

Fjölmiðlamaðurinn góðkunni Þorfinnur Ómarsson lagði land undir fót í sumar og hélt ásamt unnustu sinni, Ástrós Gunnarsdóttur, til Panama, þar sem þau dvöldu í nokkra mánuði. Hér segir Þorfinnur frá landinu fjarlæga sem við Íslendingar þekkjum svo lítið.

Panama er að mörgu leyti skemmtileg blanda af Rómönsku-Ameríku og ýmsum einkennum sem við þekkjum frá Bandaríkjunum. Þjóðtungan er spænska, þó með sérstaklega sterkri mállýsku sem er fullkomlega óskiljanleg við fyrstu kynni. Íbúar eru þó vanir erlendum hreim og ættu að skilja hefðbundna spænsku. Annars er enska mjög almennt tungumál, mun útbreiddari en í öðrum Mið-Ameríkuríkjum.

Reyndar virðast Panamabúar hafa lært ýmsan ósiðinn af Bandaríkjamönnum og minnir margt af því á amerísk áhrif á Íslandi. Þannig ekur efnað fólk um á allt of stórum bílum, aðallega stórum glæsijeppum sem það hefur enga þörf fyrir, ekki frekar en Jón og Gunna í Garðabænum. Þetta verður til þess að þrengja að gangandi vegfarendum, en lítið tillit er tekið til þeirra sem eru fótgangandi. Auk þess eru Panamabúar tillitslausir í umferðinni og því skal fara með gát, bæði á fæti og í akstri á vegum úti.

Veðurblíða og fullkominn sjór

Panama nýtur einstakrar veðursældar allt árið um kring. Meðalhitinn rokkar frá 33 upp í 36 stig, þannig að breytingin er nánast engin. Lega landsins rétt norðan við miðbaug veldur því að sólargangur er svipaður allt árið og árstíðirnar fjórar þekkjast ekki nema af afspurn.

Hins vegar skipta Panamabúar sínum veðrakerfum í tvennt; ýmist er rigningartímabil eða ekki. Hið svokallaða rigningartímabil er frá maí og allt fram í október eða jafnvel nóvember, en þá tekur við tíma-

FRAMHALD Á BLS. 8

MIÐBAUGUR *ÞAÐ HEITASTA Í ...*
HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

Anna Margrét Björnsson skrifar

AÐ HALDA Á VIT ÆVINTÝRANNA

Í Ferðalögum í dag skrifar Þorfinnur Ómarsson stórskemmtilega grein um Panama í Suður-Ameríku en hann og sambýliskona hans, Ástrós Gunnarsdóttir dansari, lögðu land undir fót í vor og hyggjast dvelja í Suður-Ameríku í vetur. Ég dáist afskaplega mikið að því þegar Íslendingar, sem oft eru værukærir og hræddir við að breyta út frá norminu, taka svona snilldarákvarðanir og halda á vit ævintýranna. Vísan hefur margoft verið kveðin um að fylgja ástríðum sínum vegna þess að annars eigi maður alltaf eftir að sjá eftir því. Auðvitað er líka ekki skrýtið að á þessum erfiðu tímum séu margir samlandar mínir sem nenna ekki eða geta ekki verið lengur á Íslandi og sjá betri tækifæri og fleiri ævintýri handan hafsins. En kreppan hefur ekki stöðvað ferðalöngun Íslendinga. Það kom okkur á Fréttablaðinu á óvart síðustu helgi að birta frétt um að fullbókað væri í margar ferðir til útlanda og að Íslendingar flykkist í stríðum straumum til útlanda, hvort sem það er í borgarferðir eða langferðir til annarra heimsálfa. Það er greinilega sterkara í okkur að reyna að lyfta okkur upp og breyta um umhverfi en að stynja yfir prísunum. Oft er líka sagt að ógöngur eins og við Íslendingar höfum gengið í gegnum kalli á breytt lífsviðhorf þar sem fólk endurskoðar gildi sín og tekur jafnvel ákvarðanir sem breyta lífi þess. Sumir skipta um vinnu, aðrir skilja eða eignast börn, og sumir ákveða jafnvel að flytja sig um set, flytja úr landi eða fara í heimsreisu til fjarlægra landa, á staðinn sem þá langaði kannski alltaf að fara á en áttu alltaf eftir. Það er ekkert eins heilnæmt og breytingar, við mannskepnurnar erum sem betur fer gerðar þannig að við eigum nokkuð auðvelt með að kljást við breytingar, nýtt fólk og nýtt umhverfi. Ég hvet því sem flesta til að hrista aðeins upp í hversdagsleikanum og kíkja á alla þá spennandi kosti sem ferðaskrifstofur og flugfélög eru að veita okkur í haust og vetur. Og fyrir þá sem hafa sem minnst milli handanna er líka alveg dásamlegt að breyta til og skreppa út fyrir borgarmörkin til að njóta lífsins í faðmi ástvina.

ferðalög kemur út mánaðarlega
með helgarblaði Fréttablaðsins.
Ritstjóri Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is*
Útlit Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir
Forsíðumynd Strönd á eyju við Panama
Pennar Þorfinnur Ómarsson, Hólmfríður H Sigrðardóttir
Ljósmyndir Fréttablaðið,Þorfinnur Ómarsson
Auglýsingar Benedikt Freyr Jónsson bfj@365.is

Eldað fyrir framan þig Japanskur kokkur steikir kobe-nautakjöt á grillinu á Benihana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FRÆGASTI JAPANSKI VEITINGASTAÐUR HEIMS?

Benihana nýtur gífurlegra vinsælda í London en þar er boðið upp á mat sem er eldaður beint fyrir framan gestina á eldheitu grilli.

Þegar Benihana opnaði fyrst í New York á sjöunda áratugnum var japönsk matseld næstum því óþekkt í hinum vestræna heimi. Eins þótti afskaplega merkilegt að upplifa „teppanyaki"-matseldina á staðnum en þá eldar japanskur kokkur matinn á borðinu beint fyrir framan þig.

Slíkt kallast „hibachi"-grill en þá er framreitt alls kyns kjötmeti, grænmeti og fiskur sem er marinerað í japönskum sósum og kryddum. Sérstaklega þjálfaður kokkur leikur listir sínar fyrir framan gesti, sker hráefnið á undursamlegum hraða, skellir því á grillið og svo beint á diskinn, allt með tilheyrandi japönskum hrópum og köllum. Benihana opnaði í London á tíunda áratugnum og hefur notið stöðugra vinsælda allar götur síðan.

Í London er að finna tvö útibú, í Chelsea- og Piccadilly-hverfinu auk Swiss Cottage en allir staðirnir skarta klassískri japanskri hönnun svo að manni líður alveg eins og maður sé staddur í Tókýó. Þess má einnig geta að Benihana hefur verið valinn besti veitingastaður fyrir alla fjölskylduna í tvö ár af tímaritinu Time Out í London. Best er að panta borð svo öruggt sé að maður komist að. Nánari upplýsingar er að finna á www.benihana.co.uk. *- amb*

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is
Netið
Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á **www.flugfelag.is**

RÓMANTÍSKAR HAUSTNÆTUR

Hótel Rangá býður upp á glæsilegar nýjar svítur, heita potta á veröndinni og ljúffengar veitingar.

Fyrir þá sem langar að skreppa í rómantíska nótt út fyrir bæinn er Hótel Rangá dásamlegur kostur. Það er við Rangárbakkana þar sem útsýni er fagurt og stjörnur og norðurljós lýsa upp himininn á haustkvöldum. Hótelið er rómað fyrir frábæra matseld en þar er lögð áhersla á villibráð og íslenskt hráefni með ívafi af skandinavískri matargerð. Herbergin eru öll einkar notaleg og fyrir þá sem vilja eitthvað verulega sérstakt voru búnar til nýjar svítur í vor sem kallast World Pavilion og eru allar innréttaðar á mismunandi hátt til að minna á hinar mismunandi heimsálfur. Í þeim er meðal annars risastór nuddpottur innan í miðri stofunni til að fullkomna rómantíkina en hver myndi ekki vilja dreypa á kampavínsglasi í notalegu freyðibaði? Heitir pottar eru annars á veröndinni þar sem hægt er að horfa upp í stjörnubjartann himininn. Ekki spillir fyrir að í grennd við Hótel Rangá er hægt að skella sér á hestbak, spila golf, skella sér í veiði og fara upp á jökul. Sjá nánnar á www.hotelranga.is. *- amb*

Hótel Rangá

Áramótaferð til THAILANDS

28. des 2009 til 10. jan 2010

Við þökkum frábærar viðtökur við þessari einstöku ferð - Tryggðu þér þitt sæti í tíma!

Í FYRSTA SINN Í BEINU LEIGUFLUGI!

Ógleymanleg ævintýraferð!

Úrval-Útsýn býður uppá ógleymanlega 12 daga ævintýraferð til Thailands um áramótin. Flogið verður í **beinu flugi** frá Íslandi til Bangkok 28. desember og til baka 10. janúar. Í ferðinni verður dvalið í 3 nætur í Bangkok og 9 nætur í strandparadísinni Hua Hin. Gist verður á **5 stjörnu lúxushótelum** á báðum stöðum. Nýttu þér einstakt tækifæri til að upplifa thailenska menningu og matargerð, njóta frábærra strandhótela, auk þess sem færi gefst á að fara í einstakar skoðunarferðir. Hér er þitt stóra austurlenska ævintýri

- **Nýttu þetta einstaka tækifæri á hreint ótrúlegu verði!**

VERÐ FRÁ: ★★★★★

295.600 kr.*

á mann í tvíbýli með morgunverði á hótel Centara World í Bangkok og hótel Sheraton í Hua Hin.

Innifalið: flug, flugvallaskattar, íslensk fararstjórn, akstur milli Bangkok og Hua Hin, gisting á 5 stjörnu lúxus hótelum 3 nætur í Bangkok og 9 nætur í Hua Hin með morgunverði.

* Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega.

Sölumenn Úrvals Útsýnar:

Vallý

Ingibjörg

Ásdís

Erla

Lilja

Selma

Fílasýning og reiðtúr
Það er rétt um stundarfjórðungs akstur frá Hua Hin í fílagarðin þar sem þessar undursamlegu skepnur skemmta gestum með ótrúlegum uppátækum og listum auk þess að bera gesti á bakinu eftir skógarstígum.

MEIRA Á urvalutsyn.is

Spennandi borg Það er nóg um að vera í Varsjá, bæði að degi til og eftir að kvölda tekur. MYND/AFP

FJÓRAR GÓÐAR HAUSTFERÐIR

Þegar sólin tekur að lækka á lofti má treysta því hvar sem er í Evrópu að menningarlífið lifni við. Hér eru fjórar borgir sem tilvalið er að heimsækja.

Malmö – borg garðanna

Malmö liggur á mörkum Danmerkur og Svíþjóðar og má segja að hún bjóði upp á það besta úr báðum löndum. Úrval-Útsýn er með þriggja daga pakkaferðir til Malmö í haust. Flogið er til Kaupmannahafnar á fimmtudegi og aftur heim á sunnudegi.

Það er auðvelt að finna sér eitthvað til viðurværis í Malmö, sem er mikil menningar- og menntaborg. Sjarmerandi torg, steinlagðar götur og fjöldinn allur af söfnum og smáum almenningsgörðum gera það að verkum að auðvelt er að gleyma því hvað tímanum líður. Þar er líka að finna hæstu byggingu Svíþjóðar, Turning Torso, sem arkitektinn Santiago Calatrava hannaði.

Hallir og herrasetur í Wiesbaden

Hallir og herrasetur eru á meðal þess sem dást má að á vappi um götur Wiesbaden. Þangað er Icelandair með ferðir í haust en flogið er til Frankfurt og kemur fólk sér sjálft með lest eða bíl til Wiesbaden.

Borgin stendur við Rínarfljót, skammt vestur af Frankfurt. Þar eru margir skrúðgarðar og önnur græn svæði þar sem gaman er að setjast niður á bekk og fylgjast með mannlífinu. Þar er líka auðvelt að seðja hungrið og slökkva þorstann en í borginni eru fjölmargir fyrsta flokks veitingastaðir, vínstofur, krár og gömul kaffihús.

Þröngar götur Sevilla

Fólk í ferðahug ætti að skoða fjögurra nátta helgarferðir Heimsferða til Sevilla, höfuðborgar Andalúsíuhéraðs.

Sevilla er fögur borg, rík af sögu og stórfenglegum byggingum, svo sem Dómkirkjunni með Giraldaturninn, þriðju stærstu kirkju í heimi. Í miðborginni og hinum eldri hlutum borgarinnar er einstök stemning, þröngar götur, veitinga- og kaffihús og heillandi torg. Auk þess er óendanlegt úrval verslana í borginni.

Forn fegurð Það er gaman að vera í Wiesbaden, hvort sem er fyrir börn eða fullorðna.

Sevilla Iðandi mannlíf er meðal þess sem dregur ferðalanga að borginni. MYND/AFP

Gríptu þetta einstaka tækifæri og smelltu þér í einstaka helgarferð þar sem tíminn nýtist einstaklega vel, en flogið er út að morgni fimmtudags og komið heim að kvöldi mánudags. Verð á ferðinni er 94.400 krónur á mann, miðað við gistingu í tvíbýli í fjórar nætur með morgunverði.

Vodka eða bjór í Varsjá

Hvort sem maður sækist eftir því að skoða gamlar og fallegar byggingar eða fara út að drekka vodka og skemmta sér er gaman að koma til Varsjár. Tilvalið er að skella sér þangað í helgarferð á eigin vegum en Iceland Express flýgur til Varsjár á hverjum föstudegi. Í borginni er iðandi mannlíf enda er hún stærsta borg Póllands en þar búa um tvær milljónir manna. Vestræn og austræn áhrif blandast í borginni á skemmtilegan hátt.

Hjarta borgarinnar er að finna við gamla markaðstorgið. Þar er gott að tylla sér niður á kaffihúsi og fylgjast með mannlífinu umkringdur miðaldaarkitektúr á alla kanta.

Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.

Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.

Reykjavíkur Apótek býður **NOW vítamín** og **bætiefni** með **20% afslætti út september.**

Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.

AFGREIÐSLUTÍMI
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Hólar í þokunni Þokan læðist á milli hóla á Mælifellssandi og myndar draumkennda stemningu.

ÍSLAND Í SÍNU RÉTTA LJÓSI

Þegar sólin skín og lýsir upp landið dettur mörgum í hug að draga myndavélarnar úr slíðrum sínum og fanga augnablikið. En þau augnablik sem þá eru fest á filmu gefa ekki alltaf rétta mynd af raunveruleikanum. Þessar dularfullu síðsumarmyndir Vilhelms Gunnarssonar, ljósmyndara Fréttablaðsins, sýna að landið er ekki síður fagurt þegar skýin leggjast yfir og skapa sjónarspil ljóss og skugga.

Í felum Þokan liggur yfir Mælifellssandi og hylur nær alveg Mælifellið sjálft.

LYKILL ÆTLAÐUR HENNI Birna Lárusdóttir fornleifafræðingur heldur einna mest upp á lítinn lykil sem hún fann á göngu upp á fjalli.

BLS. 3

ÍSLENSKT HANDVERK Á VEFNUM Litlu búðirnar heitir vefsíða sem verið er að hanna, en þar verður hægt að nálgast ýmiskonar íslenskt handverk og náttúruvörur á einum stað.

BLS. 2

heimili&hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ LAUGARDAGUR 12. SEPTEMBER 2009

FREMSTAR Í HÖNNUN

FJALLAÐ UM FJÓRAR KONUR SEM HAFA MARKAÐ DJÚP SPOR Í SÖGU ÍSLENSKRAR HÖNNUNAR Á UNDANFÖRNUM ÁRUM OG UNNIÐ TIL FJÖLDA VIÐURKENNINGA.

HÁGÆÐA BREIÐTJALD

PHILIPS 42PFL8404H
- 42" Full HD 1920x1080p LCD
- Pixel Precise HD myndtækni
- Ambilight Spectra baklýsing
- HD Natural Motion
- Net TV - Hægt að fara á netið!

ambi light Net TV

PHILIPS

TILBOÐ 299.995

FULLT VERÐ 359.995

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Heimilistæki ht.is

EYRARVEGI 21 SELFOSSI SÍMI 480 3700 - GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK SÍMI 464 1600 - GLERÁRGÖTU 36 AKUREYRI SÍMI 460 3380 - SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK SÍMI 569 1500

Íslenskt handverk í umboðssölu á vefnum

Litlu búðirnar heitir vefsíða sem að öllum líkindum fer í loftið fyrir jól en þar verður hægt að nálgast ýmiss konar íslenskt handverk og náttúruvörur á einum stað.

Á vefnum fær hver framleiðandi gott pláss – sína eigin litlu búð. MYND/ÚR EINKASAFNI

Áskell Þórisson, starfsmaður Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og fyrrum ritstjóri Bændablaðsins, stendur að baki verkefninu en hvað kom til? „Ég var að leita að íslensku handverki á netinu og uppgötvaði fljótt að hægt væri að gera betur í að koma því á framfæri. Ég fann mikið af misgóðum heimasíðum sem margar áttu það sameiginlegt að erfitt var að nálgast vörurnar á þeim, þótt auðvitað hafi verið heiðarlegar undantekningar á því. Ég ákvað því að stofna umboðs- og söluvef og styrkti Vaxtarsjóður Vesturlands verkefnið."

Framleiðendur íslensk handverks sem búa til vörur sem eiga uppruna sinn í ríki íslenskrar náttúru geta selt vörur sínar á vefnum og er Áskell nú að leita að fólki sem vill vera með. „Hver framleiðandi fær gott pláss og verður hægt að kalla fram upplýsingar um vörur hvers og eins. Lögð verður áhersla á söguna á bak við vörurnar auk þess sem birt verður stutt spjall við framleiðendurna en með því er leitast við að gera síðuna heimilislega."

Sem dæmi um litlar búðir má nefna litlu ullarbúðina, litlu heilsubúðina, litlu skartbúðina, litlu skrautmunabúðina, litlu matarbúðina, litlu fatabúðina og litlu tré- og járnbúðina. „Gangi þetta allt eftir þá verður síðan þýdd á tvö til þrjú tungumál á nýju ári," segir Áskell. Hann bendir þeim sem vilja vera með á að senda póst á netfangið ask@simnet.is. *- ve*

● **Forsíðumynd:** Grafíklistaverk eftir Katrínu Ólínu Pétursdóttur hönnuð. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

● Tinna Gunnarsdóttir iðnhönnuður og vörur hennar hafa átt miklum vinsældum að fagna hérlendis undanfarin ár. Tinna sjálf hefur unnið að hönnun allt frá árinu 1993 og vörur hennar vakið athygli á sýningum víða um heim, svo sem á húsgagnasýningunni í Mílanó. Vörur Tinnu eru afar fjölbreyttar, mottur, stólar, snagar og svo heilu rýmin. Tinna hlaut hönnunarverðlaunin árið 2005, fyrir gúmmímotturnar sem hún hefur framleitt og hafa verið seldar í Epal og Kokku en þær hafa notið mikilla vinsælda. Tinna lærði þrívíddarhönnun í Bretlandi og iðnhönnun á Ítalíu.

Þegar hönnun Tinnu er skoðuð má klárlega sjá áhrif frá sveitinni og íslenskri menningu en af öðrum eldri verkum hennar má nefna Paint Balls sem eru kúlulaga eins konar garðstólar en vörur hennar eru alltaf nýstárlegar og óvæntar.

Veggskápurinn Lauf er eitt það nýjasta af hönnun Tinnu. Hann er unninn úr lökkuðu stáli og mdf-plötum.

Okkar fremstu KONUR Í HÖNNUN

● Allar hafa þær á undanförnum árum markað djúp spor í sögu íslenskrar hönnunar og unnið til fjölda viðurkenninga og verðlauna. Þær standa einna fremst meðal íslenskra kvenna í húsgagna-, grafískri og iðnhönnun. Þær eru Erla Sólveig Óskarsdóttir, Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, Katrín Ólína Pétursdóttir og Tinna Gunnarsdóttir.

Cristal Bar í Hong Kong sem Katrín Ólína hannaði hefur unnið þekktustu norrænu verðlaun innanhússhönnunar og vakið mikla athygli.

● Katrín Ólína Pétursdóttir er ekki aðeins einn fremsti hönnuður okkar Íslendinga, heldur það sem kannski ekki allir vita, einn fremsti hönnuður heims. Á þessu ári hlaut hún hin virtu Forum Aid-verðlaun fyrir hönnun sína á veitingastaðnum Cristal Bar í Hong Kong. Verðlaunin eru ein stærsta norræna viðurkenning sem hægt er að hljóta á sviði hönnunar og arkitektúrs. Verk Katrínar eru orðin þekkt um alla veröld, enda finnast þau jafnt í Asíu sem Evrópu, og hún er talin leiðandi í kínverska list- og hönnunarheiminum. Sem dæmi um velgengni hennar má nefna veggspjald sem hún var beðin að hanna fyrir 41. djasshátíðina í Montreaux í Sviss. Veggspjöldin teljast safngripir og forverar hennar í hönnun þess eru menn eins og Andy Warhol og Keith Haring. Katrín starfar úti um allan heim og fyrirtæki sem hafa framleitt eða sýnt verk hennar eru til dæmis Rosenthal, Nokia, 100% Design og hún hefur myndskreytt Grimms-ævintýri fyrir forlagið Die Gestalten Verlag í Berlín.

Katrín er iðnhönnuður að mennt, frá ESDI í París og fékk vinnu hjá Philippe Starck nýútskrifuð.

Nýjasta hönnun Erlu Sólveigar er úr línu sem sett hefur verið í framleiðslu hér á landi og er framleitt fyrir Á. Guðmundsson. Erla segist heillast af lífrænum formum, leiðist beinar línur og form húsgagna hennar taki mið af notagildi.

● Erla Sólveig Óskarsdóttir útskrifaðist sem iðnhönnuður úr Danmarks Design Skole í Kaupmannahöfn og hefur um áratuga skeið verið okkar fremsti húsgagnahönnuður en hún hefur staðið í eigin rekstri allt síðan hún útskrifaðist og húsgögn hennar verið framleidd víðs vegar um Evrópu og Ameríku. Af fjölmörgum verðlaunum og viðurkenningum er að taka en má þar nefna menningarverðlaun Dagblaðsins, Silver Award, Best of NeoCon 99 World´s Trade Fair, Chicago. Stóllinn Dreki fékk verðlaunin Red Dot Design Award og IF Product Design Award. Stóllinn Ames hlaut stærstu hönnunarverðlaun í Kólumbíu 2007. Erla hefur þrisvar hlotið listamannaverðlaun.

● Verk Guðrúnar Lilju Gunnlaugsdóttur hafa hlotið mikla umfjöllun og verið til umfjöllunar í tímaritum sem og bókum um hönnun á 21. öldinni. Þannig prýða verk hennar til að mynda bækurnar Forms við Fantasy og Furnish, furniture and Interior Design for the 21st Century en hún er talin með þeim fremstu erlendis. Guðrún á ótrúlega fjölbreytta menntun að baki. Þannig hefur hún lagt stund á húsgagnasmíði í Iðnskólanum, leikhúsförðun nam hún í London og var í myndlistarnámi við Myndlistarskólann á Akureyri. Árið 2002 komst hún inn í Design Academy Eindhoven. Eftir útskrift stofnaði hún hönnunarverkstæðið Studio Bility ásamt Jóni Ásgeiri Hreinssyni, eiginmanni sínum. Húsgögn Guðrúnar Lilju þóttu koma inn með ferska strauma rómantíkur eftir langt tímabil naumhyggju. Guðrún Lilja var valin ein af tíu björtustu vonum hönnunarheimsins af tímaritinu Art Review og af íslenskum verðlaunum má nefna Sjónlistarverðlaunin sem hún hlaut árið 2006.

Flower chair er nýleg hönnun Guðrúnar Lilju en húsgögn hennar minna gjarnan á náttúruna.

SÝNINGIN BLIK verður opnuð í dag á Kjarvalsstöðum. Á morgun, sunnudag, klukkan 15 verður Helgi Már Kristinsson með sýningarstjóraspjall um hana. Á sýningunni eru verk í anda op-listastefnunnar. Hún er tengd sjónhverfingum og upplifun áhorfandans.

TAI CHI

10 vikna námskeið hefst 21. september
Kennt á mánudögum og miðvikudögum
í Safamýrarskóla, Safamýri 5

Leiðbeinendur:
S. Hafdís Ólafsdóttir - Svanlaug Thorarensen
Skráning: s.: 861 59 58 - hafdis@slf.is - svanlaugt@simnet.is

FORMULA TEN

Öflugir fjarstýrðir rafmagns- og bensínbílar í úrvali.

TÓMSTUNDAHÚSIÐ

Tómstundahúsið, Nethyl 2,
sími 587-0600, www.tomstundahusid.is

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Nýtt námskeið
hefst 18. september n.k.

Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

Pálmi reynir á þriggja ára fresti að gera eitthvað nýtt og ólíkt því sem hann gerir daglega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heldur hausnum gangandi

Pálmi Matthíasson gerir fleira en að sinna prestsstörfum og situr nú á skólabekk og nemur grafíska hönnun. Vegna brúðkaups í fjölskyldunni þarf hann þó að láta sig vanta í tíma um helgina.

Pálmi Matthíasson, sóknarprestur í Bústaðakirkju, ætlar að leggja rækt við fjölskylduna og vera viðstaddur brúðkaup frænku sinnar um helgina. Það verður til þess að hann getur ekki mætt í tíma í grafískri hönnun sem hann leggur stund á í Tölvuskólanum Þekkingu.

„Það lofar nú ekki góðu að vera strax farinn að láta sig vanta í tíma en ég ætla þó að reyna að nýta mér tæknina og sitja hann í gegnum fjarfundarbúnað," segir Pálmi. En hvernig kom það til að hann ákvað að setjast á skólabekk? „Mér hefur lengi fundist allt sem tengist tölvum forvitnilegt. Ég kann þó lítið fyrir mér á þessu sviði og ákvað því að reyna að fylla upp í tómarúmið í kollinum. Þá er talað um að það sé nauðsynlegt að glíma á þriggja ára fresti við eitthvað ólíkt því sem maður gerir daglega dags og hef ég reynt að fylgja því í gegnum tíðina. Þannig held ég hausnum sæmilega gangandi þó að mér finnist hann nú frekar tregur til að læra eitthvað nýtt."

Í náminu lærir Pálmi á myndvinnsluforritið Photoshop og hönnunarforritin InDesign og Illustrator svo dæmi séu tekin. Hann segir það áskorun og að samnemendurnir og kennarinn, Björgvin Ólafsson, lofi góðu. „Svo á eftir að koma í ljós hvort eitthvað komi út úr þessu af viti. Ég held í það minnsta að það sé gott að fást við eitthvað allt annað en maður gerir venjulega og þannig fæst líka besta hvíldin."

En áttu ekki eftir að nýta þér námið í starfi? „Jú, ef vel tekst til var það nú hugmyndin. Ég er í það minnsta farinn að sjá margt sem væri hægt að gera betur. Hvort sem ég geri það sjálfur eða hef vit á því að biðja einhvern annan um það þá opnar námið augun fyrir möguleikum sem ég vissi ekki einu sinni að væru fyrir hendi. Auk þess verður án efa auðveldara að ná til fermingarbarnanna en ég á stundum erfitt með að skilja það tölvutungumál sem þau tala. Þá er ekkert annað að gera en að ná sér í þekkinguna."

vera@frettabladid.is

NÁMSKEIÐ HAUSTÖNN 2009

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

Tungumál
10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennt er í byrjenda - framhalds – og talæfingaflokkum
ENSKA
ENSKA fyrir útlendinga
DANSKA
NORSKA
SÆNSKA
FRANSKA
ÍTALSKA
SPÆNSKA
ÞÝSKA

Icelandic for foreigners I-V
Courses start on 14th of Sept.
10 weeks courses
60 class hours

Kurs jezyka Islandzkiego dla obcokrajowcow I-V
Zajecia rozpoczynaja sie 14. Wrzesnia
Kurs 10-tygodniowy
60 godzin lekcyjnych

Verklegar greinar
Bókband
Frístundamálun
Glerbrennsla
Silfursmíði
Skrautritun
Trésmíði
Útskurður

Förðunarnámskeið
Förðunarnámskeið
Að farða sig og aðra

Tölvunámskeið
Fingrasetning
Tölvugrunnur
Word
Ritvinnsla
EXCEL
Töflureiknir

Saumanámskeið
Að breyta fötum og endursauma
Crazy quilt
Fatasaumur/ Barnafatasaumur
Skrautsaumur
Baldering
Skattering
Þjóðbúningur - *saumaður*

Garðyrkjunámskeið
Garðurinn allt árið
Trjáklippingar

Prjónanámskeið
Grunnnámskeið í að prjóna
Peysuprjón

Matreiðslunámskeið
Gómsætir bauna – pasta – og grænmetisréttir
Gómsætir hollir suðrænir réttir frá Miðjarðarhafslöndunum
Hráfæði
Ítölsk matargerð
Matarmiklar súpur og heimabakað brauð

Innritun: *http:// kvoldskoli.kopavogur.is*
eða á skrifstofu Kvöldskólans í Snælandsskóla við Furugrund í síma 564 1507- Nánari upplýsingar eru einnig á vefsíðu skólans

SKRAPATUNGURÉTT í Austur-Húnavatnssýslu verður haldin sunnudaginn 20. september. Daginn áður eru hrossin rekin til byggða og þá um kvöldið verður stóðréttardansleikur. Mikil upplifun bæði fyrir hestamenn og aðra áhugasama.

Keppt í kökugerð

ÍSLENSK-AMERÍSKA EFNIR TIL KÖKUGERÐARKEPPNI SEM HALDIN VERÐUR Í GYLLTA SAL HÓTEL BORGAR 26. SEPTEMBER.

Keppnin snýst um að útbúa tvær kökur sem verða að innihalda Kahlua-líkjör og Puratos-bökunarvörur.

Kahlua á Íslandi mun útvega keppendum öskju af Kahlua til að þróa kökuna og Puratos mun bjóða keppendum valdar vörur á sérkjörum.

Dómnefnd mun dæma framlag hvers keppanda og er hún skipuð fimm sérvöldum sælkerum en Hafliði Ragnarsson „chocolatier“ er yfirdómari.

Gyllti salurinn verður opnaður almenningi klukkan 15 og gefst þá færi á að smakka kökurnar áður en úrslitin eru kynnt. Kakan sem ber sigur úr býtum mun hljóta titilinn „Kahlua-kaka ársins 2009“. Glæsileg verðlaun verða veitt fyrir þrjú efstu sætin; meðal annars utanlandsferð, gjafabréf á veitingastaðinn Silfur og gjafakörfur.

Skráningu skal skila á netfangið johannes@isam.is í síðasta lagi 15. september næstkomandi.

Vaknaði með horn á höfði

Grindvíska atvinnuleikhúsið, GRAL, frumsýnir á morgun nýtt barnaleikrit í leikstjórn Bergs Þórs Ingólfssonar. Það fjallar um ungan dreng sem vaknar með horn á höfði og baráttu hans við að losna við þau. Þetta er annað starfsár GRAL, sem tilnefnt var til Grímuverðlauna í fyrra.

„Leikritið fjallar um lítinn strák sem heitir Björn og vaknar við það að vera með horn á hausnum. Hann reynir ásamt vinkonu sinni, Jórunni, að komast að því hvernig hann geti losnað við hornin og á meðan þau glíma við þessa gátu lenda þau í ýmsum ævintýrum og leysa ýmsar þrautir.“ Þannig lýsir Bergur Þór Ingólfsson barnaleikritinu Horn á höfði sem frumsýnt verður sunnudaginn 13. september klukkan 14 í Grindavík. Það er Grindvíska atvinnuleikhúsið, GRAL, sem stendur að uppsetningunni.

Bergur Þór leikstýrir verkinu, sem hann skrifaði ásamt Guðmundi Brynjólfssyni. „Hugmyndin vaknaði út frá merki Grindavíkur en á því eru tveir hafrar með horn á hausnum. Landnámsmaður í Grindavík hét Hafurbjörn en strákurinn í leikritinu heitir Björn og Hafurbjörn er snúinn aftur í honum,“ útskýrir Bergur.

Þrír leikarar leika í stykkinu; Víðir Guðmundsson, Sólveig Guðmundsdóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson.

„Svo hefur Villi naglbítur samið tónlist sem við höfum gefið út á geisladisk og Eva Vala Guðjónsdóttir sér um leikmyndina og búningana,“ segir Bergur, sem stofnaði GRAL-leikhópinn í fyrra.

Upphaf leikhópsins má rekja til létts gríns milli Bergs Þórs og Víðis Guðmundssonar. „Við erum báðir frá Grindavík og ákváðum að stofna Félag grindvískra atvinnuleikara þar sem við vorum einu félagarnir. Við bjuggum til nafnið GRAL og svo vatt þetta upp á sig og við enduðum á að búa til atvinnuleikhús í Grindavík, með stuðningi góðra vina,“ segir Bergur glaðlega.

Bergur Þór Ingólfsson er leikstjóri og handritshöfundur í Grindvíska atvinnuleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Högni Sigþórsson teiknaði myndir við leiksýninguna.

Starfsemin hefur gengið vonum framar. Til dæmis var GRAL-leikhópurinn tilnefndur í fyrra, á fyrsta starfsári sínu, til Grímuverðlauna fyrir leikrit sitt, 21 manns saknað. Þess má geta að það verður sýnt í vetur í Landnámssetrinu í Borgarnesi.

Bergur segir leikhópinn hafa fengið góðan stuðning frá Grindavíkurbæ en Horn á höfði er sett upp í samstarfi við bæjaryfirvöld, með stuðningi frá Menningarsjóði Suðurnesja, menntamálaráðuneytinu og listamannalaunum.

Horn á höfði verður sýnt um hverja helgi. Hægt er að panta miða á www.midi.is, með því að senda póst á grindviska.gral@gmail.com eða hreinlega með því að hringja í síma 823-5477.

solveig@frettabladid.is

Ferry Porsche (í miðjunni), faðir hans Ferdinand Porsche (til hægri) og Erwin Komenda (til vinstri), 1948, fyrir framan 356 No. 1 í Gmünd.

Kynning á aldarafmæli Ferry Porsche

Bílabúð Benna verður með kynningu á nýjum Porsche Panamera sunnudaginn 13. september frá klukkan 13 til 16 í sýningarsal Porsche, Vagnhöfða 23.

Porsche Panamera er fjögurra dyra og fjögurra sæta lúxusvagn þar sem fjórar manneskjur geta komist vel fyrir ásamt farangri en jafnframt notið þeirra gæða sem sportbíll er gæddur. Panamera er fjórða útgáfan frá Porsche en fyrri útgáfur eru 911, Cayenne og BOXSTER/Cayman. Kynningin á bílnum hjá Bílabúð Benna er haldin í tilefni hundrað ára afmælis Ferry Porsche, sem var einn upphafsmanna Porsche fyrirtækisins.

Ferdinand Anton Ernst „Ferry“ Porsche átti markverðan feril. Hann fæddist í Wiener Neustadt í Austurríki árið 1909 og byrjaði ungur að árum að læra af föður sínum, Ferdinand Porsche, sem var bifreiðaverkfræðingur og hönnuður. Árið 1931 stofnuðu þeir feðgar fyrirtæki sem sá um bifreiðahönnun sem átti að sinna þörfum Þriðja ríkisins og hittu þeir Hitler margsinnis á viðskiptafundum. Þeir feðgar hönnuðu á þessum tíma í sameiningu Volkswagen-bjölluna.

Eftir seinni heimsstyrjöldina sat Porsche eldri í fangelsi í Frakklandi fyrir stríðsglæpi. Þrátt fyrir mikla kreppu í Þýskalandi og tengsl við Hitler á stríðsárunum tókst Ferry Porsche að byggja upp mikið veldi í bifreiðaframleiðslu.

Þeir sem leið eiga um Stuttgart í Þýskalandi geta skoðað sýningu á Porsche-safninu sem var sett upp í tilefni af aldarafmæli Ferrys. Þar verða til sýnis sjö af einkabílum hans, þar á meðal þrír afmælisbílar sem hann fékk frá samstarfsmönnum sínum.

Porsche Panamera

Gunnar Hákonarson, framkvæmdastjóri Kolaportsins, segir haustin með líflegri tímabilum.

Fjörutíu nýir með bása í Kolaportinu

Á haustin er alltaf mikið um að vera í Kolaportinu. Þá koma nýir aðilar inn með fjölbreytt dót úr ýmsum áttum.

„Haustið er örugglega eitt líflegasta tímabilið okkar á árinu. Þá er eftirspurnin eftir básum alveg gríðarleg og því fylgir auðvitað að úrvalið verður miklu meira,“ segir Gunnar Hákonarson, framkvæmdastjóri Kolaportsins til margra ára. „Það er nú það skemmtilega við að koma í Kolaportið að aldrei er að vita hvað er í boði,“ segir hann og bætir við að ekki einu sinni hann sjálfir viti fyrir fram hvað verði á boðstólum í portinu.

„Núna um helgina verða fjörutíu nýir aðilar með bása sem bætast þá við þá liðlega hundrað sem fyrir eru,“ segir Gunnar og því er ljóst að lofa má iðandi lífi.

Kolaportið er tuttugu ára í ár og hefur sannarlega vaxið og dafnað á þeim tíma. Þangað liggur helgarrúntur margra en markaðurinn er iðulega opinn frá klukkan 11 til 17 bæði laugardag og sunnudag.

Áhugaverð og gagnleg námskeið fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins

Skyndihjálp – 4 stundir

Fyrir þá sem vilja öðlast grunnfærni í að beita skyndihjálp, endurlífgun og sálrænum stuðningi í neyðartilvikum.

• 26. sept. í Hafnarfirði • 24. okt. í Hafnarfirði • 20. okt. í Kópavogi • 28. okt. í Kjós
• First Aid 10th of Oct. in Hafnarfjörður

Skyndihjálp – 16 stundir

Fyrir þá sem vilja öðlast grunnfærni í að beita skyndihjálp, endurlífgun og sálrænum stuðningi í neyðartilvikum og auka færni í að meta einkenni algengra sjúkdóma og áverka. Námskeiðið veitir einingu í framhaldsskóla.

• 21., 22. og 23. sept. í Reykjavík • 19., 20. og 21. okt. í Reykjavík
• 16., 17. og 18. nóv. í Reykjavík • 7., 8. og 9. des. í Reykjavík

Slys og veikindi barna

Fyrir þá sem vilja fræðast um þroska barna, og læra að þekkja orsakir og varnir gegn slysum á börnum, um endurlífgun á börnum og sálrænan stuðning við þau.

• 3. og 5. nóv. í Hafnarfirði • 9. og 11. nóv. í Kópavogi

Grunnnámskeið Rauða krossins

Fyrir þá sem eru að hefja störf fyrir félagið og/eða hafa áhuga á að kynna sér starfsemi þess. Fjallað er um upphaf, sögu og hugsjónir Rauða kross hreyfingarinnar og helstu áherslur í starfi félagsins innanlands og utan.

• 24. sept. • 27. okt. • 24. nóv.
• Öll námskeiðin eru haldin á landsskrifstofu Rauða kross Íslands Efstaleiti 9 í Reykjavík

Heimsóknavinanámskeið

Fyrir þá sem eru að hefja störf sem heimsóknavinir. Fjallað er um hugsjónir Rauða krossins og hlutverk sjálfboðaliða.

• 16. sept. á landsskrifstofu • 5. okt. í Kjós • 7. okt. á landsskrifstofu
• 22. okt í Hafnarfirði • 3. nóv. á landsskrifstofu

Sálrænn stuðningur

Fyrir þá sem vilja fræðast um sálrænan stuðning, læra að gera sér betur grein fyrir eðlilegum viðbrögðum fólks sem lendir í sársaukafullum aðstæðum og hvernig þeir geti veitt stuðning og umhyggju.

• 17. sept í Hafnarfirði • 12. okt í Kjós • 15. okt í Hafnarfirði • 27. okt í Kópavogi
• Framhald 29. okt í Hafnarfirði

Viðhorf og virðing

Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem vilja vinna gegn fordómum og mismunun gagnvart minnihlutahópum þar sem mannúð, hlutleysi og óhlutdrægni eru höfð að leiðarljósi. Á námskeiðinu er velt upp viðhorfum okkar og annarra og þátttakendur fá á skemmtilegan hátt að horfast í augu við eigin fordóma. Áhersla er lögð á virka þátttöku og hópavinnu.

• 26. okt. í Kópavogi

Félagsvinur - mentor er málið

Gefandi verkefni fyrir konur sem hafa áhuga á því að kynnast menningu annars lands og um leið að opna dyr að samfélaginu fyrir erlendum konum.

• 27. og 29. okt í Garðabæ

Skráning og nánari upplýsingar í sjálfboðamiðstöðvum.

Sjálfboðamiðstöðvar Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu:

Reykjavíkurdeild, Laugavegi 120, sími 545 0400. reykjavik@redcross.is.
Kópavogsdeild, Hamraborg 11, sími 554 6626. kopavogur@redcross.is.
Garðabæjardeild, Hrísmóum 4, Garðatorgi, sími 565 9494. gardabaer@redcross.is.
Hafnarfjarðardeild, Strandgötu 24, sími 565 1222. hafnarfjordur@redcross.is.
Kjósarsýsludeild, Þverholti 7, Mosfellsbæ sími 898 6065. kjos@redcross.is

Rauði kross Íslands
raudikrossinn.is

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN

HARLEY DAVIDSON TOURING FLHTCI ELECTRA GLIDE. Árgerð 2005, ekinn 21 þ.km, BENSÍN, 6 gírar. Verð 2.790.000.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

TOYOTA Reykjanesbæ

!!! DISEL SJÁLFSKIPTUR !!!
Hundai Santa fe 12/05 disel , sjálfskiptur ekinn 56 þúsund , spoiler ofl. glæsilegur bíll , verð 2.690 gott staðgr. verð. Ekkert áhvílandi, lánamöguleiki í boði. Uppl. í s. 894 6383.

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19, 260
Reykjanesbær
Sími: 420 6600

Bílar til sölu

Til sölu Golf 1600 árg.'04. Ek. 79 þ. 4 dyra. Álfelgur. Verð 1550 þús. Uppl. í s. 822 5062.

M. Benz E320 árg. '98 ek. 198þ. Góður bíll. Verð 990 þ. Uppl. í s. 897 1664.

AGV hjálmar
opnanlegu agv Longway hjálmarnir komnir aftur Hagkaup Garðabæ 563 5000

Hyundai Sonata árg. '03 sk. '10 ek. 111 þús. V. 950 þús. S. 661 2153.

Kælibíll 12,98 ekinn 345þ. VW Transporter langur 2,5 TDI. Ný skoðaður 10' ný búið að eyða í hann rúmlega 200þ. Allar bremsur, startari, ný tímareim, geymir, kælikerfi yfirfarið, góð dekk. lítur ekkert voðalega vel út en kram gott. Lækkað verð 395Þ. Bara kælikerfi nýtt kostar 500þ. og að plasta og einangra svona bíl annan 500þ. Sími 891 6769.

Skoda Octavia árg. '05. Ssk.. bensín, 150hö, ek. 37þ. Vel með farinn og reyklaus. 4 vetrardekk fylgja. V. 2.1m. S. 891 9484.

VW Transporter árg. '07 6manna ek. 40þ., ssk., millihár toppur, fjarst. miðst. og dráttarkr. V. 3950þ. Bílalán. S. 897 7155.

Toyota Avensis árg. '03 ek. 119þ. Sk. '10. Smurbók frá upphafi. Uppl. í s. 847 0501.

Viltu skipta, kaupa eða selja ?
Netbilar.is bjóða þér uppá eitt mesta úrval landins og stórlækkaðan sölukostnað. Kynntur þér málið Netbilar.is Hlíðasmára 2 s: 588-5300

Dodge Grand Caravan árg.'97. Ek 98 þ. km. Ný skipting. 7 manna. Góður bíll. Verð 450 þ. Uppl. í s. 659 3459.

Toyota Yaris '05, 5d., dökkar rúður, ek. 36þ. Mjög vel með farinn, 2 eigendur, kr. 1.350.000. Uppl. í s. 693 1280, Erla.

Renault Megane árg. 1996 ekinn 166 þús.
Renault Megane árg. 1996 ekinn 166 þús. bíll í toppstandi. Allur nýyfirfarinn á nýjum dekkjum. Skoðaður. Verð kr. 290.000.- tilboð. Upplýsingar í síma 861-1170.

Ford Focus station '01 ek. 129þ. Sumar og vetrard. fylgja, krókur. Listav. 690þ. stgr. 550þ. S. 693 7314.

Nýr LC120
Til sölu nýr Toyota Land Cruiser 120 LX 2009, ekinn 0km, disel, sjálfsk., sóllúga, 8manna, álfelgur ofl. verð 8,9. skipti ath. Uppl. í s. 618 4444 og 618 4440.

BMW Alpina B3 árg. '01 ek. 190þ. Eintak 46 af 147. Einn með öllu. Verð 1990þ. Uppl. í s. 692 2157.

For sale Hyundai Elantra '98 motor 1.6 GLS 16v. Verð 250þ. Tel. 860 6502.

Subaru Legacy Station árg. '96. Sjálfsk. Skoðaður '10. Í topplagi. Ekinn 181þús. Verð ca 200þús. Uppl. í s. 844 1725.

Hyundai Trajet '01. Ek. 205þús. Til sölu. Uppl. í s. 868 6050.

M.Benz C-240 2005 árg. ekinn 68þ.km. Leður, lúga, spólvörn, skriðvörn, klár í veturinn, glæsileg bifreið. Nánari uppl. í síma 897 7571 og 691 9616.

Til sölu Citroen Berlingo, bensín, 1400. '02 árg. ljósgrár, bsk. Ek. 123 þ. Uppl. í S 895 9313, Guðmundur.

Toyota Landcruiser 100. Árg.'05. ek. 65 þús. sjsk. 35" breyttur. Uppl. í s. 892 0848.

Til sölu VW Golf hl. árg.'03. Sjsk. Ek. 130 þús. sk.'10. skipti á ódýrari eða mótorhjóli. Uppl. í s. 845 0990.

Suzuki Baleno sjálfsk. '01 keyrður 76 þús. Fæst gegn yfirtöku á óverðtryggðu og vaxtalausu láni. Uppl. s. 862-1680.

VW Transporter sendibifreið. '95. Þrafnast smá viðgerðar. Tilboð óskast. S: 863 8553.

0-250 þús.

94 Legacy 2,2GX til sölu í Rkv ssk topp-luga 4x4 V. 200þús. S. 691 8829.

TILBOÐ 225 ÞÚS!!!
RENAULT MEGANE SCENIC 1600 árg. '99 ek. 173 þús., 5 gíra bsk., sumar og ný vetrardekk fylgja, skoðaður 2010, listaverð 390 þús. TILBOÐ 225 ÞÚS. s.841 8955.

VW POLO árg.'95 ek. 155þús. Þarfnast viðhalds, Verð 60 þús. uppl. í síma 6945004

Cadillac Deville 96. Þarfnast lagfæringa S: 662 3837.

VW Audi A4 Station. Árg. '96 rauður. Beinskiptur. Óskoðaður, þarfnast lagfæringar. Mjög góður vinnubíll. Fæst fyrir lítið, aðeins 70.000kr. Áhugasamir hafið samband í Síma 892 5106 / 823 3344.

Til sölu Hyundai Coupe 2.0. 16v. Árg. '97. Ný kúpling og tímareim. Snyrtilegur bíll, fæst á 165þ. stgr. Uppl. í s. 694 2329.

Ódýr bíll. 165 þúsund.
Hér skal sérstaklega mælt með því að fara í stutta ferð til einhverra eyjanna undan ströndum Panama, hvort sem þær eru í Kyrrahafi eða Karíbahafi. Enda þótt strendur séu víða ágætar á meginlandinu er sjórinn ekki eins tær þar og hann er við eyjarnar. Þar er á hinn bóginn hægt að fara í kristaltæran sjó, algerlega gegnsæjan, og eiginlega skylduverk að kafa eða í það minnsta snorkla á eftir hitabeltisfiskum í öllum regnbogans litum, með glæsileg kóralrif allt í kring.

Í Karíbahafinu er að finna stórbrotinn eyjaklasa, Bocas del Toro, rétt sunnan við Kosta Ríka. Flug þangað tekur um 45 mínútur frá Panama og kostar um 180 dollara báðar leiðir. Bocas er lítill og einstaklega afslappaður bær, enda fólk í Karíbahafinu ekki mikið fyrir stress. Svo er bara hoppað upp í taxa, sem





í þessu tilfelli er lítill bátur, og haldið eitthvert út í paradísina – á eftir höfrungum í Dolphin Bay, kafað við Coral Cay, glímt við sjóbretti eða annað strandlíf á Red Frog Beach og þannig mætti lengi telja.

Auk þess er alveg nauðsynlegt að fara yfir á Zapatilla-eyjar, sem líta út eins og tveir risavaxnir inniskór úr lofti. Eyjarnar eru friðaðar, enda dýralíf með afbrigðum á heimsvísu. Snjóhvítar sandstrendur eru allan hringinn, en auk þess er hægt að ganga inn í frumskóginn og kynnast hljóðum dýranna. Mögnuð upplifun. Suma daga er ekkert mannfólk á þessum eyjum og þá er draumurinn um Róbinson Krúsó kominn.

Hægt er að finna ágæt hótel í Bocas þó að flest þeirra séu reyndar mjög ódýr og ekki íburðamikil. Einn stærsti kosturinn við þennan stað er einmitt að hann er (enn sem komið er) fullkomlega laus við alþjóðlegar hótelkeðjur sem steypa allt í sama form. Annars er enn meira ævintýri að gista í „bungalow“ úti á einhverri eyjunni, en þar er hægt að vera skilinn eftir nánast einn í heiminum, með hafið og dýra-

Frumskógurinn **Það getur verið magnað að ganga inn í skóginn og hlusta á dýrahljóðin og fuglasönginn.**

NOKKUR VERÐDÆMI

Á GÓÐUM VEITINGASTAÐ Í MIÐBORG PANAMA – MUN ÓDÝRARA EN VÍÐA ANNARS STAÐAR

Espresso	1 $ / 125 kr.
Café con leche	1.5 $ / 190 kr.
Bjór, innlendur	2 $ / 250 kr.
Bjór, erlendur	3 $ / 375 k.
Vínglas hússins	4 $ / 500 kr.
Vínflaska, miðlungs	16 $ / 2.000 kr.
Mojito / Caipirinha / Margarita	5 $ / 625 kr.
Sushi-bakki, heil máltíð	8 $ / 1.000 kr.
Algengir kjúklingaréttir	10 $ / 1.250 kr.
Algengur fiskréttur	10 $ / 1.250 kr.
Nautalund	14 $ / 1.750 kr.
Humarhalar, heil máltíð	16 $ / 2.000 kr.
Leigubíll í Panamaborg	1,5-3 $ / 200-375 kr.

Kyrrahafseyjar Skjannahvítur sandur og gagnsær sjór.

NOKKRAR STAÐREYNDNIR:

PANAMA er syðsta land Mið-Ameríku, tilheyrir í raun Norður-Ameríku. Landið er aðeins 75 þúsund ferkílómetrar, eða þrír fjórðu hlutar Íslands, og á landamæri að Kosta Ríka í norðri og Kólumbíu í suðri. Efnahagur landsins gengur ágætlega um þessar mundir og spáir Alþjóða-gjaldeyrissjóðurinn mestum uppgangi í Panama í allri Rómönsku-Ameríku. Þannig er jafnvel reiknað með að á næsta ári verði þjóðar-framleiðsla á mann hæst í Panama í þessum heimshluta.

ENGU AÐ SÍÐUR er veruleg fátækt í landinu, eins og í öllum ríkjum Rómönsku-Ameríku. 28% þjóðarinnar eru sögð undir fátæktarmörkum, en reyndar á sú tala að lækka um heil 11% á þessu ári. Misskipting er mikil í landinu, allt frá gífurlegu ríkidæmi niður í fátækt á götum úti. Þó má fullyrða að fátækt sé mun minni en almennt í Rómönsku-Ameríku.

líf allt í kring. Hreinasta náttúruparadís.

Kyrrahafið – Perlueyjar

Kyrrahafið er ekki síðri viðkomustaður, þó að Karíbahafið hafi ávallt yfir sér meira áberandi blæ. Margar eyjar í Kyrrahafinu eru friðaðar og á heimsminjaskrá, sums staðar minnir dýralíf jafnvel á Galapagoseyjar sem liggja nokkuð sunnar.

Perlueyjar eru bæði þægilegur og glæsilegur viðkomustaður. Í eyjaklasanum eru meira en 100 eyjar. Þær eru aðeins um 50 kílómetra frá Panamaborg og er hægt að fara þangað bæði siglandi og fljúgandi. Flug til Contadora-eyju tekur aðeins 20-25 mínútur, en sigling einn og hálfan til tvo klukkutíma. Vel má mæla með því að fljúga, en sigla þeim mun meira frá eyjunni þegar þangað er komið, enda mun skemmtilegri siglingaleiðir í kringum eyjarnar. Líkt og í Karíbahafinu fær orðið gagnsær hér nýja merkingu, því sjórinn er kristaltær og alger draumastaður til að kafa.

Contadora er pínulítil eyja og einstakur ferðamannastaður. Nú í sumar voru strendurnar þar nánast mannlausar, sem má sæta hreinustu furðu. Þó er líklegt að fleiri evrópskir og bandarískir ferðamenn verði þarna þegar vetrar á norðurslóðum. Allar strendurnar eru hreinar og fallegar og eru umvafðar klettum á báða bóga. Þeir sem vilja losna við brúnkufar sundfata ættu að fara á Playa de las Suecas („strönd sænskra kvenna“), sem einhverra hluta vegna er nektarströnd, þó hvergi sé það merkt sérstaklega. Annars segja ferðahandbækur að baðföt séu valfrjáls nánast á öllum ströndum eyjunnar, enda fámenni algert og enginn að horfa.

En varið ykkur á sólinni. Við erum jú stödd við miðbaug. Og þó að sólin sé sterk inni á meginlandi er hún enn skæðari hér úti á eyjum, enda sandurinn skjannahvítur og sjórinn gegnsær. Jafnvel hörðustu sóldýrkendur eiga það til að misreikna sig á þessu. Almenn viðmið hins norðlæga Miðjarðarhafs eiga ekki við hér.

Tarsanleikur í trjánum

En þótt Panama sé „langt og mjótt“ land eru mjög fjölbreyttir ferðamátar í boði inn til landsins. Landið er nánast einn samfelldur frumskógur og dýralíf stórbrotið. Þjóðgarðar eru á heimsminjaskrá og draga að sér hundruð þúsunda ferðamanna sem vilja komast í tæri við ósnerta náttúru og upplifa litadýrð og dýralíf.

Ekki þarf að leita langt til að komast í ævintýri regnskógarins. Þannig má víða komast í svokallaðan „canopy tour“, en slíkir loftfimleikar draga til sín fjölda ferðamanna í Kosta Ríka og eru alls ekki síðri í Panama. Skammt frá Panamaborg er til að mynda Vallé de Antón, einstakur dalur með heitum hveraböðum, gróðri sem á ekki sinn líka og svo er þar boðið upp á frábæra „canopy“-leið. Fyrst er stutt fjallganga í regnskóginum, en svo taka við nokkrar salíbunur þar sem fólk rennir sér yfir gil og fossa sem eru allt að því 100 metra há. Lofthræddir horfi þá ekki niður, þótt það sé auðvitað langskemmtilegast.

Matur er almennt góður í Panama. Sérstaklega er sjávarfang ljúffengt, bæði fiskur og svo ýmis skelfiskur. Algengasti fiskurinn er corvina, alveg sérstaklega góður hvernig sem hann er eldaður, enda ávallt ferskur. Dorado er einnig algengur og ljúffengur. Risarækjur (langostinos) eru svipaðar stærstu humarhölum við Íslandsstrendur og ekki síðri á bragðið, algert lostæti, og þá er allt löðrandi í stórum humar.

Veitingastaðir eru ágætir, flestir á mjög áþekku verði sem er mun lægra en í Evrópu. Sérstaklega hefur vel tekist upp með matargerð frá Líbanon, Mexíkó og Perú en allt ent mælir undirritaður umfram allt með sjávarfangi. Og ávöxtum auðvitað. Vá!

LEYNDARDÓMAR TAÍLANDS

Úrval-Útsýn bjóða í fyrsta skipti upp á ævintýralega áramótaferð með beinu flugi til Bangkok.

Um áramótin býður ferðaskrifstofan Úrval-Útsýn upp á einstaka ferð til Taílands með beinu flugi en það er í fyrsta sinn sem það hefur verið gert. Flogið verður með þægilegri Boeing 757-flugvél og á leiðinni verður aðeins eitt stutt stopp til að taka eldsneyti. Aðeins fimm stjörnu hótel hafa orðið fyrir valinu og fararstjórn er í höndum Viktors Sveinssonar sem hefur verið búsettur í Asíu árum saman. Ferðin er einstakt tækifæri til að upplifa taílenska menningu og matargerð, til að njóta fjölmargra spa- og jógastaða, glæsilegra golfvalla, auk þess sem færi gefst til að fara í skoðunarferðir með íslenskri leiðsögn innan Taílands og utan. Lagt verður af stað 28. desember og snúið aftur til Íslands 10. janúar. Fyrstu þrjá dagana verður dvalið í Bangkok þar sem boðið verður upp á einstaka kvöldferð um þessa margslungnu borg þar sem lítt þekkt hverfi verða könnuð og leyndardómar opinberaðir. Einnig verða sígildar ferðir um Kínahverfið, í Konungshöllina og Pho-hofið.

Heimur út af fyrir sig Hvergi í Asíu má finna eins fjölbreytta og góða afþreyingu eða ævintýri eins og í Taílandi. Þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem það er Bangkok með sína mögnuðu vídd í næturlífi, mat, drykk og verslun eða við trópíska strönd Hua Hin yfir grilluðum humri og undir blaktandi kókospálma.

Fílaferð Ferðamönnum gefst meðal annars kostur á að ferðast á hinum vinalega asíska fíl.

Musteri Í Taílandi er hægt að skoða mörg forn hof og sögufræga staði.

Sjarmi strandbæjarins Hua Hin

Hinn 1. janúar verður ekið til strandbæjarins Hua Hin suður af Bangkok í rétt um tveggja klukkustunda akstursfjarlægð. Hua Hin er elsti og fágaðasti strandstaður Taílands og má það hugsanlega þakka því að Bhumibol konungur býr þar og hefur konungsfjölskyldan lengi bundist þessum kyrrláta en þó ævintýralega bæ sterkum böndum. Margar ástæður eru fyrir því að Hua Hin er frábrugðinn öðrum strandbæjum Taílands. Fyrst mætti nefna að þetta er elsti og grónasti ferðamannastaður landsins sem byggðist upp á fyrri hluta síðustu aldar af betri borgurum Bangkok sem sóttu í fagra friðsæld og þægilegt loftslag Hua Hin sem á þeim tíma var lítt þekkt þorp fiskimanna og ananasbænda. Staðurinn var eiginlega uppgötvaður af Naris prins sem byggði sér litla höll sem enn er til og nefnist Saen Samran. Bróðir hans, Vajiravudh (Rama VI) konungur, fylgdi í kjölfarið og fljótlega hafði hirðin sett niður bungaló og hallir meðfram ströndinni og standa mörg þessara húsa enn og eru notuð af fjölmennri konungsfjölskyldunni. Bhumibol, núverandi konungur Taílands, býr orðið alfarið í einni af strandhöllunum sem nefnist Klai Kang Won, sem útleggst „Áhyggjurnar óra fjarri“ á íslensku. Þrátt fyrir að ferðafólk sæki mikið til Hua Hin og ferðaþjónusta sé áberandi hefur Hua Hin haldið öllum einkennum þess að vera sannlega taílenskur staður. Þetta er enn ein ástæðan fyrir sérstöðu bæjarins. Þessu má sjálfsagt þakka að uppbygging ferðaþjónustu og aðlögun samfélagsins hefur verið jöfn og stígandi í tæpa öld. Enginn kippir sér upp við ferðamenn og alls staðar er fólk velkomið. Bæjarlífið er rólegt og það þarf ekki að fara langt frá Petchakasem-götunni, sem er umferðaræð staðarins, til að rekast á búpening á rápi, heyra hanagal og sjá fólk að veiðum í síkjum, vötnum eða sjónum.

Ljúffengur matur og spennandi skoðunarferðir

Hua Hin er ljúfur og þægilegur bær sem býður upp á fjölbreytta þjónustu og afþreyingu. Hestaleigur eru á ströndinni, bátaleigur, skútusiglingar, fjölbreytt úrval veitingastaða og verslana. Smokkfiskurinn þykir ljúffengari í Hua Hin en annars staðar í Taílandi, hvort heldur grillaður með hvítlauk eða karrílagaður að taílenskum sið. Risarækjur í tomjam súpu, rauðflesk af götugrilli, ferskar ostrur, gufusoðin krabbakló eða heilsteiktur flatfiskur. Allt er þetta hvort öðru ljúffengara og sagt er að taílenski maturinn sé betri í Hua Hin en öðrum ferðamannastöðum vegna fjölda innlendra ferðamanna sem koma til Hua Hin. Taílendingar lifa fyrir mat, ræða mat öllum stundum og eru vart búnir að kyngja síðasta munnbita þegar þeir hafa lagt á ráðin með næstu máltíð. Frá Hua Hin verður boðið upp á bæði langar og stuttar skemmti- og skoðunarferðir meðal annars að Brúnni yfir Kwai, í hina sögufrægu borg Petchaburi, kajakaferð um fenjasvæði Sam Roi Yod og að hinum fljótandi bátamarkaði svo eitthvað sé nefnt. Daglega verður boðið upp á sérstakar ferðir og allar ferðirnar eru leiddar af íslenskum fararstjórum. Lengsta ferðin sem boðið verður upp á er til Angkor í Kambódíu þar sem hinar fornu borgarrústir verða skoðaðar. Friðrik Erlingsson rithöfundur verður sérstakur leiðangursstjóri þeirrar ferðar en hinn horfni menningarheimur khmera og mikilfengleiki veldis Angkor hafa lengi verið honum hugleikið rannsóknarefni.

EKKI MISSA AF ÞESSU

Göngu á Apafjallið Khao Takiap á milli mustera og helgireita.

Nokkrum kvöldum á næturmarkaðnum í algleymi yfir sjóræningjavörum, handverki og ljúffengum mat.

Morgunstund á votmarkaðnum Chat Chai sem er einsog sædýrasafn í húsdýragarði.

Síðdegistei á „The Museum“ á gamla Railway-hótelinu með glansandi stift og stífan kraga.

Síðdegisferð og vínsmökkun á vínekrum Hua Hin.

Að leggja góðum málstað lið með heimsókn í fílaflóttabúðirnar Hutsadin.

Að fleyta kajak í þjóðgarðinum Sam Roi Yot.

Að dilla sér langa og heita nótt við taílenska sveitatóna á karaóki bar.

Því að læra handtökin við taílenska matargerð og taílenskt nudd.

Að sveifla kylfu á einhverjum af fjölmörgum golfvöllum Hua Hin.

Að kynnast fágaðri byggingalist Taílands með heimsókn í Mareukatayawan, sumarhöll konungs Síams.

Að eiga rólega stund í fiskibænum Pak Nam Pran og fylgjast með veiðimönnum og iðju þeirra.

Að upplifa fjölbreytileika náttúrunnar og fegurðar við fossinn Pa-La-U.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

HÓTEL BÚÐIR

Velkomin á Hótel Búðir

Septembertilboð 2009

Alla daga	Auka Nótt
18,500 –pr.nótt, pr.mann, miðað við 2 í herbergi.	***7.500*** –pr.nótt, pr.mann, miðað við 2 í herbergi.
Morgunmatur og 3ja rétta kenjar kokksins innifalið.	Morgunmatur innifalinn.
(20,500 miðað við einn í herbergi.)	(11.000 miðað við einn í herbergi.)

Upplifðu einstaka nátturufegurð og gældu við bragðlaukana á óviðjafnanlegu hóteli.
Munið gjafabréfin – einstök gjöf fyrir brúðhjón, afmæli og aðrar tækifærisgjafir. Nánari upplýsingar í s: 435 6700.

Hotel Budir | IS-365 Snæfellsnes | Iceland | Tel. +354 435 6700 | Fax. +354 435 6701 | budir@budir.is

ferðalög
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG]
SEPTEMBER 2009

SNIÐUG RÁÐ FYRIR ÓDÝR FERÐALÖG

...allra ódýrast er að plana ferðalögin langt fram í tímann. Það er ekki til lengur neitt „hopp“ eins og það var og hét í gamla daga.

...frá borgum eins og London og Kaupmannahöfn er hægt að komast hvert á land sem er. Ætlir þú að fara eitthvert aðeins lengra má finna margar ódýrar ferðir þaðan, og þá jafnvel heima í stofu á internetinu. Til að komast til London eða Kaupmannahafnar frá Íslandi er svo hægt að velja á milli flugfélaganna Icelandair, Iceland Express, British Airwaves og SAS.

...ætlir þú til dæmis að fljúga í gegnum Kaupmannahöfn mælum við sérstaklega með vefsíðu flugfélagsins Sterling: www.sterling.dk Frábær síða með mjög góðum tilboðum. www.kronerejser.dk er ekki síðri.

...ætlir þú frekar að fljúga í gegnum London er síðan www.lastminute.com helber snilld. Ekki síðri er síðan www.cheapflights.co.uk. Og sólardýrkendur athugið! Á www.clickair.com eru mjög ódýr flugfargjöld til Spánar.

...sértu blankur en finnst þú engu að síður hreinlega verða að komast í skíðaferð eða siglingu á Karíbahafinu er alltaf hægt að redda sér! Við fátæklingarnir elskum síðuna www.iglu.com Þar smellirðu einfaldlega á þær tegundir af pakkaferðum sem þig langar í en ferðirnar eru flestar farnar frá Bretlandi og auðvelt er að koma sér til London. Við höfum til dæmis fundið okkur æðislega vikuskíðaferð fyrir aðeins 30.000 krónur!

...íslenska síðan www.ferdalangur.net er ansi góð. Sér í lagi ef þú ert að leita að ódýru hóteli en hótelbókunarvefurinn þar er mjög góður. Þar inni má líka finna fullt af alls konar upplýsingum um ferðalög og tengla inn á marga skemmtilega hluti. Að góðum tilboðum ógleymdum.

ÞEGAR TASKAN TÝNIST

Ferðalangar geta lent í því að taskan týnist um stundarsakir eða sé jafnvel send á rangan flugvöll. Þeir sem eru með kreditkort eru tryggðir að nokkru leyti fyrir slíku.

Hjá VISA má nálgast nákvæmar upplýsingar um hvers konar tryggingar eru í boði á valitor.is. Ferðalangar eru hvattir til að kynna sér kosti og galla hvers greiðslukorts.

Besta tryggingin er hjá Platinum-korti TM, en þar eru korthafar tryggðir fyrir allt að áttatíu þúsund krónum. Algengast er að tryggingin sé 24 þúsund krónur, en VISA-korthafar geta haft samband við SOS-International sem er hluti af ferðatryggingu VISA-kreditkortsins.

Korthafar MasterCard eiga einnig völ á þjónustu SOS-International sem er alþjóðleg stofnun. Á heimasíðu MasterCard, borgun.is, má nálgast allar upplýsingar um tryggingar á farangurstöf, en Platinum-kortið býður bestu kjörin eða 80 þúsund krónur.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

Brekkurnar bíða þín á Ítalíu

Fararstjórar: Einar og Anna

Flugáætlun
30. janúar
6., 13., 20. og 27. febrúar

Selva
7 dagar
Olympia
Á góðum stað í um 200 metra fjarlægð frá lyftum og í tveggja mínútna göngufjarlægð frá aðalgötu miðbæjarins í Selva. Lögð er áhersla á þægilegt og heimilislegt andrúmsloft og góða þjónustu við gesti.
Verð 180.600 kr.
og 15.000 Vildarpunktar
á mann miðað við 2 í herbergi. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting, hálft fæði og íslensk fararstjórn. Almennt verð er 190.600 kr.
Verðdæmið miðast við ferðina 30. janúar.

Madonna di Campiglio
7 dagar
Alpen hotel Vidi
Hlýlegt með vistlegri herbergjum en búast má við af þriggja stjörnu hóteli. Miðbærinn í göngufæri. Hálft fæði innifalið í gistingunni. Spennandi kostur á góðu verði.
Verð 157.900 kr.
og 15.000 Vildarpunktar
á mann miðað við 2 í herbergi. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting, hálft fæði og íslensk fararstjórn. Almennt verð er 167.900 kr.
Verðdæmið miðast við ferðina 30. janúar.

ÍSLENSKA SÍA.IS VIT 47278 09/2009

Vildarklúbbur

Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

VITA er í eigu Icelandair Group og flýgur með Icelandair á vit ævintýranna.

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444

vita

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fleira „erlendis“

- Kolaportið - mörgum finnst „erlendis“ að sjá svona mikið af fólki sem það hefur aldrei séð áður.
- Bryggjuhverfið í Grafarvogi - álíka „erlendis“ og Sjálandshverfi, bara eldra.
- Wall Street, Borgartúni - dálítið sorglegt samt eins og er.
- Hinar asísku matvörubúðirnar - Asian á Suðurlandsbraut, Global Store í Brautarholti og Filippseyjar á Hverfisgötu. Er ég að gleyma einhverju?
- „Erlendis“ veitingastaðir - Hér koma margir til greina. Nægir að nefna hinn búlgarska Balkanika á Vitastíg, hinn mexíkóska Santa María á Laugavegi og hinn tailenska Krúa Thai í Tryggvagötu.
- Portið aftan við Sirkus - gæti verið í útlöndum.
- Grjótaþorpið - minnir marga á „gömlu bæina“ í dönskum borgum.
- Sunnudagsmorgnar í miðbænum - ekkert nema útlendingar á vappi, sérstaklega á sumrin.
- Sólardagar á Austurvelli - allir í andakt: „Þetta er bara eins og í útlöndum.“

Grand

KRYDD Í TILVERUNA

Indverskir dagar á Grand Hótel Reykjavík 17.–24. september

Grand Hótel Reykjavík heldur **Indverska daga** 17.–24. sept. í samstarfi við indverska sendiráðið. Gestakokkar frá Indlandi laða fram kryddaðar og framandi kræsingar að indverskum hætti við seiðandi tónlist frá Austurlöndum.

FRÍTT Í BOLLYWOOD-BÍÓ

Bollywoodkvikmyndir njóta gríðarlegra vinsælda á Indlandi. Á **Indversku dögunum** verða til sýnis tvær þekktar verðlaunamyndir. Ekki missa af þessu einstaka tækifæri.

Indverskt hádegisverðarhlaðborð **2.600 krónur**
Indverskt a la carte á kvöldin.

Nánari dagskrá á www.grand.is

Pantanir:
Sími 514 8000
veitingar@grand.is

Grand HÓTEL REYKJAVÍK
SIGTÚNI 38 www.GRAND.IS

Nanet

„Við erum líkamlega litlir leikarar“

Það er stund milli stríða þegar þeir **Siggi Sigurjóns**, **Karl Ágúst** og **Örn Árna** taka á móti blaðamanni í rökkvuðum forsal Borgarleikhússins. Það er að klárast vinna við Harry og Heimi á litla sviðinu og endapunkturinn tekinn að skýrast: frumsýningin sem er í kvöld. Þetta eru vanir menn, komnir yfir miðjan aldur og það skýrir útvarpsleikrit sem komið er á fjalirnar eins og *Páll Baldvin Baldvinsson* komst að.

Siggi tekur orðið strax: „Harrý og Heimir urðu til sem lofgjörð okkar til gömlu útvarpsleikritanna sem við hlustuðum á sem börn: Hulin augu, Ambrose, Paul Temple.“ „Dickie Dick Dickens,“ skýtur Örn inn í. Og þá er uppsprettan komin í ljós: framhaldsleikrit Ríkisútvarpsins á sjötta og sjöunda áratugnum eftir að segulbandið kom til sögunnar og sá möguleiki að vinna leikrit með klippingum. Þeirra blómatími var skammur í Gufunni, en hlustun á þau var gríðarleg fyrir daga sjónvarpsins, en um leið og það kom til voru dagar þeirra taldir. Þegar lokaþátturinn á Huldum augum fór í loftið 1961 voru götur auðar í Reykjavík.

Ef slegið er inn nafnið á þessu dularfulla verki frá fyrri hluta sjöunda áratugarins kemur í ljós að því má hlaða niður af www.torrentz.com, rétt eins og tveimur seríum af Harrý og Heimi sem nú endurfæðast á sviði.

Ef ég ekki vinn, kemur ekkert inn

„Harrý og Heimir urðu til á Bylgjunni 1988. Einar Sigurðsson og Páll Þorsteinsson réðu þá Bylgjunni og við sendum inn þessa hugmynd,“ segir Karl. „Þetta var spaug um útvarpsleikritsformið og spæjarasitúasjónina.“

„Grunnurinn að þessu eru samt útvarpsleikritin sem við hlustuðum á sem börn,“ segir Siggi, „þegar við vorum að hlusta á meistarana, Rúrik og félaga. Það blundaði í okkur þegar við vorum að gera þetta.“ Fyrst og fremst vorum við blankir, en í öðru lagi var söknuðurinn eftir gamla útvarpsleikritinu.“

Saga verksins

„Fyrsta serían af Harrý og Heimi kom út 1988,“ segir Örn, „þá gerðum við ellefu tuttugu og fimm mínútna þætti sem voru fluttir jafnmarga laugardaga í röð.“

Magnús Geir leikhússtjóri lýsti því svo snemma vors að Harrý og Heimir væri hans ljúfasta bernskuminning. Þeir þremenningar segja að fyrir útgáfu þáttanna ellefu í fyrra hafi þeir komist að því að einhver hafi afritað þættina af Bylgjunni og sjá: þeir voru komnir á „einhverja torrentsíðu“. Þá voru þættirnir settir í útgáfu. „Þeir voru þá búnir að ganga manna á milli í kópíum og niðurhali í mörg ár,“ segir Örn.

Seinni serían varð svo til 1993, en þá vildi Bylgjan hafa annan hátt á. Í fyrri seríunni voru þættirnir sjálfstæðir, en nú var krafa dagsins samfelld saga í fimm mínútna bútum. Úr urðu fjörutíu þættir og framhald, „það efni hefur aldrei komið opinberlega út aftur,“ segir Siggi, sem veit ekki betur því það má líka finna í búttlegg-útgáfu á Netinu, „en á þeirri sögu byggist þetta leikrit.“

Sex hundruð síður

Þegar til kom fundust ekki handrit, og höfundarnir þrír verða allir heiðarlegir í fram, það hafði „einhver“ týnt handritinu. Við förum ekki nánar út í það. Því varð að skrifa verkið upp. „Sex hundruð síður,“ segir Siggi. Nú var þrautin þyngst að stytta verkið og koma því á svið: „Eitt er útvarpsleikrit og annað sviðsverk. Við okkur blasti hár veggur, hvernig eigum

HARRY OG HEIMIR (SIGGI SIGURJÓNS, KARL ÁGÚST OG ÖRN ÁRNASON) Leikararnir eru á einu máli um að húmor þjóðarinnar hafi breyst mikið á undanförnum áratugum.

við að leysa þetta. Þar hefur glíman staðið. „Þetta er ekki auðveld glíma, það er töff að gera þetta,“ segir Siggi, „formið er svo opið. Við getum farið í allar áttir og þannig voru útvarpsþættirnir. Það voru engin landamæri. Það mátti fara út fyrir söguna, út fyrir útvarpið. Við erum eiginlega að gera það sama á sviðinu. fara út fyrir rammann og koma fólki á óvart.“ Karl tekur undir: „Um leið erum við að reyna að vera trúir útvarpinu.“ „Þú átt að geta lokað augunum og hlustað,“ bætir Örn við.

Gáfuleg greining

Það er mikil hljóðmynd í sýningunni. „Já, það er sannarlega fjórði leikarinn í sýningunni og það er hljóðmaðurinn, Óli Thor,“ segir Siggi, „bekkjarbróðir minn úr Leiklistarskólanum, loksins erum við aftur á sviði. Eftir þrjátíu og fimm ár.“ Siggi segir það hafa komið sér mest á óvart hvað Harrý og Heimir hafa átt gott framhaldslíf. Nú er uppselt á tuttugu sýningar svo einhver áhugi er á verkinu nýja. „Það eru bæði börn og eldra fólk sem kannast

> Þetta eru líka svo spennandi tímar að vinna við svona starf, ástandið, breytt umhverfi hvert sem litið er og alls konar nýr hugsunarháttur í gangi.

við þessar persónur sem hafa haldist á lífi í slæmum afritunum, segir Siggi, „þetta gæti orðið fjölskyldusýning. Svo fer mjög vel um okkur á litla sviðinu, enda erum við líkamlega litlir leikarar þó að við séum andlega stórir leikarar – vonandi.“ „Djísös hvað þetta var djúpt,“ segir Örn og hlær.

Nóg að gera

Þeir eru allir meðlimir í Spaugstofugenginu og nokkur ár eru liðin síðan Örn og Sigurður voru fastráðnir leikara hjá Þjóðleikhúsinu. Nú eru þeir í lausamennsku eins og Karl hefur alla tíð verið. Þeim líkar það vel. Spaugstofan er að fara í gang aftur en þeir hafa fleiri járn í eldinum. Karl hefur alltaf sinnt leikritun og er núna að vinna að óperu með Þorvaldi Bjarnasyni, draugasögu úr okkar tíma, en með draug frá liðinni öld. Örn er að undirbúa kvikmyndahandrit með Afa og Siggi leikstýrir farsa fyrir Loftkastalann sem kemur á svið eftir áramótin.

Sú spurning hefur lengi vakað hvers vegna Spaugstofan hefur ekki ráðist í að gera kvikmynd. Karl verður fyrir svörum. „Það er góð spurning. Það hefur oft komið til tals en aldrei orðið neitt úr því af því að við höfum bara haft nóg annað að gera. En það hafa leitað til okkar framleiðendur, oftar en einu sinni, en aldrei orðið neitt úr.“

Siggi: „Við höfum alla burði til að gera bíómynd, það er ekki vandamál. Það þarf bara tíma og aðstöðu.“ Karl segir þá hafa í tvígang farið af stað með handritasmíð.

Skotspónn og stíll

Við leiðumst út í spjall um skop á sviði: „Tveir vitleysingar á sviði eru ekki fyndnir,“ segir Örn. „Sagan leiðir það í ljós, Gög og Gokke, Halli og Laddi, Abbot og Costello. Það verða alltaf að vera andstæður: einn streit og hinn vitlaus.“ „Þannig eru Harrý og Heimir, Harrý þessi alvarlegi spæjari og Heimir vitleysingur. Það er miklu auðveldara að skrifa þannig texta.“ Þeir eru á einu máli um að húmor þjóðarinnar hafi breyst gríðarlega á undanförnum áratugum, bannsvæði og bannorð hafi horfið og raunar sé allt leyfilegt nú til dags, ekkert er lengur heilagt og rifja þá upp þegar frú Vigdís Finnbogadóttir birtist fyrst í skoplegu ljósi í Spaugstofunni. Svo fullyrðir Karl að nú séu miklu fleiri greinar af spaugi en tíðkuðust, það séu miklu fleiri gerðir af húmor á ferðinni en var fyrir tuttugu árum.

Margs konar gamansemi

„Við höfum oft legið undir því ámæli í Spaugstofunni að við séum gamaldags og hallærislegir, en í Spaugstofunni eru margar tegundir af húmor, og þá spyr maður á móti: er það ekki bara allt í lagi að í bland sé húmor sem er bæði gamaldags og hallærislegur? Hví skyldi fleiri en ein tegund af gamansemi ekki eiga rétt á sér?“

Spaugstofan hefur verið á ferðinni síðan í janúar 1989. Þeir segjast vera spenntir að hefja þáttavinnsluna í haust. „Þetta er svo skemmtileg vinna,“ segir Siggi, „og svo er líka skemmtilegt hvað maður fær góð og mikil viðbrögð á það sem maður er að gera.“ „Þetta eru líka svo spennandi tímar að vinna við svona starf, ástandið, breytt umhverfi hvert sem litið er og alls konar nýr hugsunarháttur í gangi.“

Önnur mál á dagskrá

Og þá er farið að tala um veiðar: Siggi segist hafa veitt í sumar en það hafi ekki verið til skiptanna. Örn er búinn að panta sinn flugeldaskammt fyrir áramótin, fimmtánda árið í röð. Karl segir það ósatt sem fram hafi komið í blöðunum í vor að hann væri á förum úr landi. Aftur berst talið að gömlu áhugamáli leikara: Hvað gerðu þeir síðast í húsinu sem við erum nú staddir í? Karl segist aldrei hafa leikið í Borgarleikhúsinu fyrr en nú, bæði Siggi og Örn viðurkenna hlæjandi að þeir hafi fyrst komið fram í húsinu í ballett á vegum Íslenska dansflokksins fyrir mörgum árum. „Ég dansaði við þessa flinku amerísku stelpu,“ segir Siggi og kímir, „lék asnann í Draumi á Jónsmessunótt. Hafði gott grip.“ Karl segist reyndar ekki hafa leikið á sviði í tíu ár. „Við gerum ekki annað en dusta rykið af einhverju gömlu,“ segir Siggi, „Kalli kominn á svið og Harrý og Heimir líka.“

Frumsýning á nýrri versjón af gömlu útvarpsleikriti verður á litla sviði Borgarleikhússins í kvöld og hefst kl. 20. Húsið er troðið og uppselt á næstu tuttugu sýningar.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

98
98 kr. 1 ltr.

ÍSLANDSLAMB HAUSTSLÁTRUN 2009

798
KR./KG. NIÐURSAGAÐ

HÁLFUR LAMBSSKROKKUR FROSINN

98
98 kr. 500ml.

NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR

129
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU 129 kr./kg.

1398
KRYDDAÐ HEIÐARLAMB
ÍSLENSKAR KRYDDJURTIR
1398 kr./kg.

298
LÚXSUS DILETTO KAFFI 400g
BAUNIR EÐA MALAÐ 298 kr.

NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
40% AFSLÁTTUR

898
BÓNUS BAYONSKINKA MERKT VERÐ 1198 KR./KG.
25% AFSLÁTTUR 898 kr./kg.

1198 1498
- MEÐ BEINI MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 1198 kr./kg.
- ÚRBEINAÐUR MERKT VERÐ 2498 KR./KG. 1498 kr./kg.

179
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g 179 kr.

898
N.V FERSKT NAUTAHAKK 898 kr./kg.

398
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 398 kr./kg.

2998
KS FERSKT LAMBAFILLET AF NÝSLÁTRUÐU
2998 kr./kg.

1498
BÓNUS FERSKAR KJÚLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./kg.

1998
KS FERSKT LAMBAPRIME AF NÝSLÁTRUÐU
1998 kr./kg.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

Finnur guð í steiktum fiski

Botnlaus popp- og rokkþekking bassaleikarans **Elísar Pétursonar** kom hljómsveit hans, Jeff Who, í úrslitaþáttinn í Popppunkti. Í undanúrslitaþættinum sýndi hann líka óvænt kraftajötnatilþrif þegar hann lyfti 149 kílóum á poppvigtinni. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* vildi komast að fleiri leyndarmálum um poppheilann geðþekka og fékk hann í þriðju gráðu yfirheyrslu.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Elís Pétursson

FÆÐINGARÁR OG STJÖRNUMERKI: 1980, hrútur.

LÍFSFERILLINN Í HNOTSKURN: Þetta svona byrjaði frekar hægt, en held að það sé eitthvað að fara að gerast bráðum. Annars bara nokkuð fínn.

Hvað tekur þú mörg kíló í bekkpressu? Ég er alltaf einn í ræktinni þannig að ég veit ekki hvað ég tek mest. Hef hingað til ekki tekið sénsinn á að verða mér til skammar.

Hvað gerir þú alltaf með glöðu geði? Stangveiði. Ég er alltaf glaður þegar ég fer að veiða.

Hvaða frasa ofnotar þú? Ég hef sennilega ofnotað „að vera steikt/steiktur“. Þetta var svona þriðja hvert orð hjá manni í áttunda bekk. Ég stend mig enn að því að segja: „Hann er alveg steiktur, virkilega El Grillo.“

Besti maturinn? Ég finn guð í steiktum fiski í raspi með pönnusteiktum lauk, kartöflum og remmara.

En ógeðslegasti maturinn? Ég hef andstyggð á minestrone-súpu.

Fallegasti staður í heimi? Breiðan í Norðurá í Borgarfirði er falleg. Svo eru Þingvellir og Ásbyrgi ekkert slor. Ég er alltaf svolítið hrifinn af tæru vatni þar sem sést vel niður á botninn, en það má einmitt finna á öllum þessum stöðum.

Hvernig væri draumahelgin? Eftir að hafa unnið Popppunkt 2009 myndi ég, kærastan mín og stórvinahópurinn fara í veiðiferð á alla bestu veiðistaði Borgarfjarðar og borða saman steiktan fisk í raspi.

Hvar ætlar þú að eyða elliárunum? Ég væri til í að njóta elliáranna í golfi á Flórída. Ég væri alveg til í að ferðast bara um allt á golfbíl.

Hvernig myndir þú lita á þér hárið ef þú værir neyddur til? Ég held ég svari þessu með annarri spurningu. Hver myndi neyða mig til að lita á mér hárið en hafa enga skoðun á lit?

Hvað veitir þér innblástur? Frábær tónlist og tónlistarmenn, hversdagshetjur og ofurhetjur, vinir og vandamenn.

Hver er besta hljómsveit allra tíma? Jeff Who? (við hljótum að gera einhverja snilld í framtíðinni).

Hver fær þig til að veltast um af hlátri? Sá sem er nægilega fyndinn.

Hvenær grestu síðast? Ég held það hafi verið um jólin í hittifyrra. Þá hafði ég keypt mér Matadorspil á Þorláksmessu, því ég hélt að enginn myndi gefa mér það. Á aðfangadag kom Fróði, vinur minn, með pakka til mín og blasti þá við honum splunkunýtt Matadorspilið á borðinu. Hans pakki var alveg eins í laginu og Matadorspilið mitt. Honum tókst að leyna vonbrigðunum framan af en þegar á leið var þetta orðið nokkuð augljóst. Þegar ég áttaði mig á af hverju hann var svona skúffaður fór ég að hlæja, svo fór hann að hlæja og þá grét ég úr hlátri. Endir.

Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig? Uss, ég vil ekki segja það.

Hvað heldur fyrir þér vöku? Það er fátítt að eitthvað haldi fyrir mér vöku. Kannski helst ef ég er virkilega spenntur fyrir einhverju eða hef drukkið of mikið kaffi að kveldi til.

Hverju í fortíð þinni myndir þú breyta ef þú gætir? Ef þetta er svona mórölsk spurning, þá held ég að ég myndi ekki breyta neinu. Ef þetta er svona tæknilegs eðlis, myndi ég bíða þar til ég væri orðinn eldgamall og breyta svo öllu í minni fortíð.

Eftirlætis sjónvarpsefnið? Það eru hið breska Office og hið danska Klovn.

Besta kvikmyndin? Anvil: The story of Anvil og The Big Lebowksi – ooooooog Point Break að sjálfsögðu.

Að hverju viltu spyrja andann í glasinu? Getur þú veitt einhverjar óskir?

Hvað er næst á döfinni? Jeff Who? er að keppa til úrslita í Popppunkti 2009, þann 18. september, í beinni útsendingu. Það verður strembið en spennó. Svo erum við að spila á styrktartónleikum fyrir Alexöndru Líf á mánudaginn. Í lok mánaðarins spilum við svo í sjónvarpsstyrktarsöfnun „Á rás fyrir Grensás“. Það er annars ekkert á döfinni hjá mér persónulega, nema kannski að kaupa Pop Tarts á amerískum dögum í Hagkaup.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ELLI Í JEFF WHO Ella þykir gaman að veiða fisk og finnst fátt betra en að steikja hann með lauk, kartöflum og remmara. Hann vill samt alls ekki fá minestrone-súpu í forrétt. Hann hefur andstyggð á þeim mat.

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

MÆLISTIKAN

■ Á uppleið

Menning. Nú hefjast frumsýningar leikhúsanna, tónlistarhátíðin Réttir er á næsta leiti og líka kvikmyndahátíðir. Af nógu að taka fyrir menningarþyrsta borgara.

Svart, hvítt og rautt. Hin heilaga litaþrenning rokksins er ávallt töff og skýtur glamúr inn í haustið.

Mexíkóska lúkkið. Með Fridu Kahlo og eyðimerkurrokki koma mexíkósk mynstur á kápur og skyrtur. Afar svalt.

DJ Musician. Skýtur Gusgus ref fyrir rass með flottustu og hressustu teknóplötu ársins, „Sehr gut cocktail“. Bravó!

■ Á niðurleið

Mojito kokkteilar. Þessi samsetning er alveg skelfilega tvöþúsundogsjö.

Flatbotna skór. Sorrý stelpur, háir hælar eru alveg málið aftur í haust!

Birtan. Úpps, hvert fór allt ljósið? Rigning og grámóða hafa hvolfst yfir okkur síðustu daga.

Skyndikynni. Æ, þetta er eitthvað voðalega sorglegt og þreytt. Náin kynni eru mun skemmtilegri og meira spennandi þegar fólk þekkist vel. Og ekkert samviskubit í morgunsárið.

Aðeins í BYKO Breidd

Mikill afsláttur

LAGER-HREINSUN

Enn meiri afsláttur af heimilistækjum

Helluborð, háfar, ofnar, ísskápar ofl.

50% afsláttur af öllum ARISTON gashelluborðum

Vnr. 65001305/39627

Helluborð og veggofn

ARISTON veggofn og keramik helluborð með snertitökkum.

50.000 kr afsláttur

93.900

Fullt verð: 147.328

Vnr. 65001310/31270

Helluborð og veggofn

ARISTON veggofn og span helluborð, 4 hellur með snertitökkum.

70.000 kr afsláttur

129.900

Fullt verð: 203.710

ÚTSÖLU-BORÐ

Á útsöluborði okkar í garðskála BYKO Breidd finnur þú fjöldann allan af vörum á eftirfarandi föstum verðum:

100 kr.	GULUR
500 kr.	RAUÐUR
1.000 kr.	LJÓSGRÆNN
1.500 kr.	APPELSÍNUGULUR
3.000 kr.	FJÓLUBLÁR
5.000 kr.	BLÁR
7.500 kr.	DÖKKGRÆNN
10.000 kr.	HVÍTUR

EXPO · www.expo.is

Taktu þátt í uppboði

í BYKO Breidd kl. 14, í dag

Stórskemmtilegt uppboð hefst kl.14. í dag laugardag. Flottar vörur slegnar hæstbjóðenda. Komdu á Lagerhreinsun í BYKO Breidd og gerðu ótrúleg kaup!

Hér eru örfá dæmi um vörur á uppboðinu:

Sýningareintök af KITCHEN AID hrærivél, svört og króm
Lágmarksboð 15.000 kr.,
fullt verð 72.900 kr.

Einhell rafhlöðuborvél 18V, 2 rafhlöður
Lágmarksboð 2.500 kr.,
fullt verð 7.990 kr.

Súkkulaðigosbrunnur
Lágmarksboð 2.000 kr.,
fullt verð 10.000 kr.

Matar og kaffistell fyrir 4
Lágmarksboð 1.000 kr.,
fullt verð 7.990 kr.

BYKO

FREYMÓÐUR JÓHANNESSON TÓNSKÁLD OG LISTMÁLARI VAR FÆDDUR ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1895.

„Er óskir rætast bætist böl og stríð.“

Freymóður var tónskáld og listmálari og einn af forsprökkum danslagakeppni SKT. Sem laga- og textahöfundur er hann þekktur undir dulnefninu Tólfti september.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 12. SEPTEMBER 1970

Kristnihaldið frumsýnt í Iðnó

Kristnihald undir jökli eftir Halldór Kiljan Laxness var frumsýnt þennan dag árið 1970, í leikgerð leikhússtjórans Sveins Einarssonar sem einnig stýrði uppfærslunni. Reyndar hafði verkið verið frumflutt á listahátíð í Reykjavík um vorið en þetta var hin formlega frumsýning. Kristnihaldið fékk misjafna dóma í blöðunum. Af einum gagnrýnanda var það talið eitt af eftirminnilegustu nývirkjum í íslenskri leiklist um langt skeið en öðrum var ráðgáta af hverju það hefði verið valið til sviðshæfingar og flutnings. Af almennum leikhúsgestum var því þó feikivel tekið og var sýnt 94 sinnum á fyrsta leikári en 178 sinnum í allt.

UMBI OG JÓN PRÍMUS Þorsteinn Gunnarsson og Gísli Halldórsson.

Í helstu hlutverkum voru Gísli Halldórsson sem Jón prímus, Þorsteinn Gunnarsson sem Umbi, Helga Bachmann sem Úa og Regína Þórðardóttir sem Hnallþóra. Fjölmargir fleiri komu við sögu.

MERKISATBURÐIR

- **1609** Henry Hudson kemur að ósum Hudson-fljóts.
- **1905** Ráðhús Kaupmannahafnar er formlega vígt.
- **1909** Sjúkrasamlag Reykjavíkur er stofnað að frumkvæði Oddfellow-reglunnar.
- **1940** Hellamálverkin í Lascaux í Frakklandi eru uppgötvuð. Þau eru talin vera 16.000 ára gömul.
- **1949** Mesti hiti á Íslandi í september mælist 26° C á Dalatanga við Mjóafjörð.
- **1962** Ben Gurion, forsætisráðherra Ísraels, kemur í opinbera heimsókn til Íslands.
- **1980** Herforingjastjórn rænir völdum í Tyrklandi.
- **1985** Íslandsmet er sett í fallhlífarstökki.

AFMÆLI

JÓN HÁKON MAGNÚSSON framkvæmdastjóri er sextíu og átta ára.

INGA BJÖRK SÓLNES framleiðandi er fjörutíu og sjö ára.

JÓN KARL ÓLAFSSON framkvæmdastjóri er fimmtíu og eins árs.

ÞÓRUNN ERNA CLAUSEN leikkona er þrjátíu og fjögurra ára.

Rætt um snjóflóð

Edda Björk Þórsdóttir mun á morgun, 15. september, kynna doktorsverkefni sitt sem hún hefur unnið í lýðheilsuvísindum, en verkefnið fjallar um líðan og heilsufarsleg eftirköst sem eftirlifendur snjóflóðanna á Flateyri og Súðavík árið 1995 hafa mátt þola.

Fyrirlesturinn ber heitið Langtíma áfallastreituröskun þolenda snjóflóðanna í Súðavík og á Flateyri árið 1995 og aðrar heilsufarslegar afleiðingar þeirra. Fyrirlesturinn hefst klukkan 12.00 í Stapa í Háskólanum en rannsóknin var styrkt af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands.

SNJÓFLÓÐIN 1995 Edda Björk Þórsdóttir vann doktorsverkefni um líðan þolenda.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ævar Þór Hjaltason
Ársölum 3,

lést laugardaginn 5. september. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 14. september kl. 13.00.

Hrefna Einarsdóttir

Hjalti Ævarsson	**Sigríður Sigurðardóttir**
Trausti Þór Ævarsson	**Ástríður Torfadóttir**
Svanþór Ævarsson	**Ásgerður Hákonardóttir**
Auður Ævarsdóttir	**Sigurður Viðarson**

og barnabörn.

Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

Útfararþjónusta
Davíðs Ósvaldssonar ehf.

Davíð Ósvaldsson
Útfararstjóri
S. 896 6988 / 553 6699

Óli Pétur Friðþjófsson
Útfararstjóri
S. 892 8947 / 565 6511

KRISTJÁN SVEINSSON SAGNFRÆÐINGUR: RITAÐI BÓK UM ÍSLENSKAR HAFNIR

Lífæðar staða víða um landið

Íslenskar hafnir og hafnargerð nefnist nýútkomin bók sem Siglingastofnun gefur út en skrifuð er af Kristjáni Sveinssyni sagnfræðingi. Þar er mikinn fróðleik að finna á aðgengilegu máli, myndum og kortum. Förum með Sigurði í smá hugarsiglingu um söguna.

„Hafnirnar gegndu gríðarlega mikilvægu hlutverki sem samgöngumannvirki alveg fram á síðustu áratugi 20. aldar, bæði vegna vöru- og fólksflutninga. Þær voru lífæðar sem tilvera þéttbýlisstaðanna valt á. Fólk þurfti að fá varning sjóleiðina og koma frá sér fiskafurðum, fyrir utan að leggja upp afla. Víða á landinu var búið að byggja sæmilegar bryggjur sem bátar og skip gátu athafnað sig við áður en tókst að byggja varnargarða sem skýldu höfnunum nægilega vel þannig að þær teldust öruggar. Það var ekki fyrr en á síðasta fjórðungi 20. aldar sem skriður komst á það. Margir muna fréttir af bátum sem urðu fyrir skemmdum vegna sjávargangs við bryggjur landsins. Það var að gerast alveg fram yfir 1980.“

Kristján kveðst hafa komið inn á flestar hafnir landsins þegar hann hafi verið í sjómælingum „í gamla daga“ en nýju bókina hafi hann unnið mikið upp úr skjölum Siglingastofnunar, teikningum og ljósmyndum sem nái aftur til byrjunar síðustu aldar. „Allt aftur í embætti landsverkfræðings, síðar Vita- og hafnamálastofnunar og nú síðast Siglingastofnunar. Það eru þær stofnanir sem hafa annast hafnargerð á Íslandi. Svo hef ég náttúrlega skoðað skjöl í Þjóðskjalasafni og víðar,“ lýsir hann og segir ekki síst forvitnilegt að lesa um upphaf hafnargerðar á Íslandi. „Hér voru geysilega dugmiklir hafnargerðarmenn fyrr á árum sem beittu ótrúlegri útsjónarsemi við að byggja hafnir við erfið skilyrði. Svo er gaman að sjá þróunina sem verður þegar véltækninn og þekkingin eykst, dýpkunarskip koma til sögunnar, auknar rannsóknir og líkanstöð.“

Reykjavíkurhöfn var fyrsta raunverulega höfnin sem byggð var á Íslandi að sögn Kristjáns, gerð á árunum 1913 til 1917. „Hún var gríðarlega mikið stórvirki, eiginlega Kárahnjúkavirkjun þess tíma og hennar sér enn stað í Eyjagarðinum að vestan og Ingólfsgarðinum að austan. Vegna byggingar hennar voru flutt inn vélknúin tæki sem voru ekki til í þessu landi áður.“

Náttúrulegar aðstæður hafa ráðið miklu um hvar hafnargerð reyndist erfið og hvar ekki. „Sums staðar eru aðstæður góðar eins og til dæmis á Akureyri, svo eru aðrir staðir sem liggja fyrir opnu hafi svo sem í Þorlákshöfn, þar er höfnin algerlega manngerð,“ segir Kristján og nefnir líka Vestmannaeyjahöfn sem lengi var erfið viðfangs en gosið 1973 varð til að bæta verulega.

SAGNFRÆÐINGURINN „Hér voru geysilega dugmiklir hafnargerðarmenn fyrr á árum sem beittu ótrúlegri útsjónarsemi við að byggja hafnir við erfið skilyrði.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hafnirnar eru gríðarlega grjótfrek mannvirki en Kristján segir þær samt langt frá að vera einhverjar steinahrúgur. „Það eru mikil fræði kringum það að velja grjót í hafnir og vinna það rétt. Því er raðað upp eftir ákveðnum reglum og heilmikil byggingarvísindi eru bak við það,“ tekur hann fram. En telur hann hafnirnar illa nýttar fjárfestingar nú þegar mestallir flutningar eru komnir á þjóðvegina?

„Það er þróun sem hefur átt sér stað á síðasta hálfum öðrum áratug að landflutningar hafa tekið mikið yfir. Hafnirnar eru samt enn mikilvægar fyrir flutningakerfi landsins. Þær gegna hlutverki í olíuflutningum og fiskafurðir, mjöl og lýsi eru fluttar út frá mörgum þeirra. Svo hafa þær þýðingu fyrir skemmtiferðaskipin að ekki sé talað um fiskiskipaflotann.“

gun@frettabladid.is

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Undirbúningur hafinn á Vindheimamelum

Undirbúningur fyrir Landsmót hestamanna 2010 í Skagafirði er hafinn en á næsta ári verða sextíu ár liðin frá fyrsta landsmótinu sem haldið var á Þingvöllum árið 1950.

Landsmót hestamanna er haldið annað hvert ár og til skiptis á Hellu og í Skagafirði. Það verða því fjögur ár síðan landsmót var haldið á Vindheimamelum. Svæðið lítur vel út en nokkrar endurbætur verða gerðar á keppnisvöllum og svæðinu í heild. Stærsta framkvæmdin er lagning vatnsveitu á mótsvæðið og er það framlag sveitarfélagsins Skagafjarðar til mótsvæðisins og er útboðsvinna við þá framkvæmd þegar hafin.

Mótin hafa vaxið gríðarlega að umfangi hvað hestakost og keppendur varðar. Á fyrsta Landsmótinu á Þingvöllum árið 1950, kepptu 133 hross en á síðustu Landsmótum hefur hrossafjöldi verið um 1.100 og knapar yfir 500.

Ný heimasíða hefur litið dagsins ljós á www.landsmot.is. Þeir sem hafa áhuga geta skráð sig á póstlista og fengið fréttir af undirbúningi mótsins.

LANDSMÓT Landsmót hestamanna verður haldið á Vindheimamelum í Skagafirði á næsta ári.

Skólaselið Katlagili sextíu ára

Katlagil er skólasel Laugarnesskóla í Helgadal í Mosfellssveit og heldur kennarafélag skólans upp á sextíu ára afmæli þess um þessar mundir.

Kennarafélagið festi kaup á landinu árið 1949. Frá þeim tíma hafa nemendur og kennarar skólans staðið að uppbyggingu svæðisins. Landið var girt af og myndarlegur skógur ræktaður. Allir árgangar fara í skólaferðir í Katlagil bæði að hausti og á vorin og vinna fjölbreytt verkefni í skólaselinu.

Í tilefni afmælisins býður kennarafélagið gömlum nemendum og fyrrverandi starfsfólki að ganga um Katlagil og rifja upp gamlar minningar. Tekið verður á móti gestum milli klukkan 13 og 15 sunnudaginn 13. september.

SKÓLASEL Í tilefni afmælisins er gömlum nemendum og fyrrverandi starfsfólki boðið að koma í Kötlugil á sunnudaginn.

---

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

Hulda Kröyer
Åmål, Svíþjóð,

lést sunnudaginn 6. september sl. á heimili sínu í Svíþjóð.

F.h. aðstandenda,
Andrés Þórarinsson
Hjördís Kröyer

---

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Sigurðar Brynjars Sigurðssonar,
Hellu, Grenivík.

Sérstaklega þökkum við starfsfólki á Dvalarheimilinu Hlíð, Skógarhlíð fyrir góða umönnun.

Sigríður Sigurjónsdóttir
Sólveig Brynjarsdóttir **Björn Aðalsteinsson**
Elín Brynjarsdóttir **Guðmundur V. Guðmundsson**
Bessi Brynjarsson **Hafdís Garðarsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elskulegur faðir okkar , tengdafaðir, afi og langafi,

Páll Gunnar Halldórsson
áður til heimilis að Árskógum 6, Reykjavík,

lést í Sóltúni, laugardaginn 5. september. Útför hans fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 14. september kl. 15.00.

Erla Bendediktsdóttir **Friðbjörn Sveinbjörnsson**
Halldór Ingólfur Pálsson
Sigurlaug Kristín Pálsdóttir
Lára Margrét Pálsdóttir **Svanur Tómasson**
afa- og langafabörn.

---

†

Móðir okkar og tengdamóðir,

Sigríður Sigurðardóttir,
Sigga í Litlu-Brekku,
Gnoðarvogi 26,

síðast til heimilis á Hrafnistu Reykjavík, lést laugardaginn 5. september. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 14. september kl. 15.00.

Ingibjörg Eiríksdóttir **Jan H. Sörby**
Margrét Eiríksdóttir **Einar M. Árnason**
Laufey Eiríksdóttir **Emil B. Björnsson**
Leifur Eiríksson **Guðrún Jóhannsdóttir**
Jón Eiríksson **Sigríður Ó. Geirsdóttir**

---

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Geirs Kristjánssonar,
Brúnalandi 32, Reykjavík.

Anna Gísladóttir
Kristján Geirsson **Droplaug Guðnadóttir**
Margrét Geirsdóttir **Haukur K. Bragason**
og afabörn.

---

†

Útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Halldóru Guðmundsdóttur,
Gullengi 13, Reykjavík,

verður frá Fríkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 14. september kl. 15.00.

Guðmundur Borgþórsson **Margaretha Birgit Tryggvadóttir**
Arndís Borgþórsdóttir **Ísleifur Gíslason**
Jón Gunnar Borgþórsson **Kristín Jóhannsdóttir**
Ólafur Borgþórsson **María Lea Guðjónsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru,

Ögnu Guðrúnar Jónsson
áður til heimilis Barðavogi 1, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu, Vífilstöðum fyrir umhyggju og frábæra umönnun.

Fyrir hönd aðstandenda,

Kristján S. Sigmundsson **Guðrún H. Guðlaugsdóttir**

---

†

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Sigríðar Guðnýjar Sigurðardóttur
Gullsmára 11, áður til heimilis Hlíðarvegi 37, Kópavogi.

Þórir Ólafsson **Sigurbjörg Lundholm**
Ingibjörg Auðunsdóttir **Guðmundur Svafarsson**
Sigríður Auðunsdóttir
og afkomendur.

---

†

Þökkum öllum þeim sem sýndu samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns, föður og tengdaföður, afa og langafa,

Jóns Þorsteins Hjaltasonar (Glóa),

sem lést á Akureyri þann 29. ágúst sl. Þakkir til allra þeirra er önnuðust hann í veikindum hans.

Sigríður Steindórsdóttir
Steindór Jónsson **Anna Þórný Jónsdóttir**
Helgi Vigfús Jónsson **Ingibjörg Jónasdóttir**
Lára Magnea Jónsdóttir **Ólafur Guðmundsson**
afabörn og langafabörn.

---

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Margrétar Þorsteinsdóttur,
Sunnuvegi 11.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 3b á Hrafnistu í Hafnarfirði.

Björn Ingvarsson
Þorsteinn Björnsson **Anna Heiðdal**
Björn Björnsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Innilegar þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóðir, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Margrétar Hjartardóttur
frá Purkey, áður til heimilis að Bárugötu 6, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar F2 á Hrafnistu í Reykjavík fyrir sérstaka alúð og umhyggju.

Helgi H. Steingrímsson **Valgerður Halldórsdóttir**
Þorsteinn Steingrímsson
Guðjón Steingrímsson **Jóhanna Sigtryggsdóttir**
Guðrún H. Marinósdóttir
ömmubörn, langömmubörn
og langalangömmubörn.

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

barna- og unglinganámskeið

3 - 5 ára

miðvikud.	15:15-17:00	3-5 ára Hildigunnur Birgisdóttir	örfá pláss
laugard.	10:15-12:00	3-5 ára Arkitektúr	fullbókað

6 - 12 ára

mánud.	15:15-17:00	6 - 9 ára Ína S. Hallgrímsd.Brynhildur Þorgeirsd.	
þriðjud.	15:15-17:00	6 - 9 ára Ína Salóme Hallgrímsdóttir	
NÝTT þriðjud.	15:15-17:00	6 - 9 ára Arkitektúr-Sigr.Maack / Hildur Steinþórsd.	
miðvikud.	15:15-17:00	6 - 9 ára Anna Hallin	fullbókað
fimmtud.	15:15-17:00	6 - 9 ára Anna Hallin eða Gerður Leifsdóttir	
föstud.	15:15-17:00	6 - 9 ára Björk Guðnadóttir	
laugard.	10:15-12:00	6 - 9 ára Björk Guðnad. og Ólöf Björnsdóttir	
fimmtud.	15:00-17:15	8 -11 ára Leirrennsla og mótun	örfá pláss
NÝTT mánud.	15:00-17:15	10-12 ára Arkitektúr-Sigr. Maack/Hildur Steinþórsd.	
þriðjud.	15:00-17:15	10-12 ára Myndasögur og hreyfimyndir.	fullbókað
		Þórey Mjallhvít og Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir	
NÝTT miðvikud.	15:00-17:15	10-12 ára Myndlist, handverk og hönnun	
		Kristín Reynisdóttir, Bjarni Kristjánsson og Þorbjörg Þorvaldsdóttir	
fimmtud.	15:00-17:15	10-12 ára Teikning / MálunKatrín Briem	örfá pláss
laugard.	10:00-12:15	10-12 ára Leirrennsla og mótun	fullbókað
		Guðbjörg Káradóttir og Anna Hallin	

KORPÚLFSSTAÐIR
6 - 12 ára

mánud.	15:15-17:00		6 - 9 ára Korpu	Elva Hreiðarsdóttir
þriðjud.	15:15-17:00	örfá pláss	6 - 9 ára Korpu	Brynhildur Þorgeirsdóttir
fimmtud.	15:15-17:00		6 - 9 ára Korpu	Elva Hreiðarsdóttir
föstud.	15:15-17:00		6 - 9 ára Korpu	Kolbrún Sigurðardóttir
miðvikud.	15:00-17:15		10-12 ára Korpu	Brynhildur Þorgeirsdóttir

ungt fólk

NÝTT föstud.	16:00-19:00	13-16 ára Teikn-málun Þorbjörg/Ransu	örfá pláss
föstud.	16:00-19:00	13-16 ára Leirmótun - Guðný Magnúsdóttir	örfá pláss
laugard.	10:00-13:00	13-16 ára Myndasögur f. ungt fólk-Bjarni Hinriksson	
laugard.	10:00-13:00	13-16 ára Myndrænar rokkstjörnur - Sara Riel	

almenn námskeið

teikning

mánud.	17:30-21:30	Teikning 1	örfá pláss Eygló Harðardóttir
miðvikud.	17:30-21:30	Teikning 1	Kristín Reynisdóttir
þriðjud.	17:30-21:30	Teikning 2	örfá pláss Sólveig Aðalsteinsd.
miðvikud.	09.00-11.45	Teikning 1 morgunt.	Eygló Harðard. fullbókað
miðvikud.	09:00-11:45	Teikning 2 morgunt.	Katrín Briem
mánud.	17:45-21:30	Módelteikning	Þorbjörg Þorvaldsdóttir
miðvikud.	17:45-20:30	Módelteikning frh.	Katrín Briem
fimmtud.	17:30-21:40	Litaskynjun	Eygló Harðardóttir

málun

þriðjud.	17:30-20:15	Málun 1 - Þorri Hringsson og gestakennari.	fullbókað
mánud.	17:30-20:15	Málun 2 - Sigtryggur B.Baldvinsson.	örfá pláss
miðvikud.	17.30-20.15	Málun 3 - Mögul. Formsins morgunt.- JBK Ransú	
fimmtud.	17.30-20.15	Málun 4 - Málað gegnum listasöguna - JBK Ransú	
laugard.	10.00-12.45	Málun 4 - Módel- og Portretmálun	
		NÝTT Karl Jóhann Jónsson og Birgir Snæbjörn Birgisson	
föstud.	09.00-11.45	Málun 1 morguntímar - Þorri Hringsson	
föstud.	09.00-11.45	Málun 2 morgunt.-Sigtryggur B. Baldvinss.	örfá pláss
miðvikud.	09.00-11.45	Málun 3 morgunt. Mögul. Formsins.- JBK Ransú	
föstud.	13:00-15:45	Frjáls málun - Sigtryggur B. Baldvinsson	örfá pláss
þriðjud.	17:30-20:15	Vatnslitun byrjendur - Ásdís Arnardóttir og gestak.	
þriðjud.	17:30-20:15	Vatnslitun framhald- Hlíf Ásgrímsdóttir og gestak.	
miðvikud.	09:00-11:45	Vatnslitun /Teikning morgunt.Hlíf Ásgrímsdóttir	
fimmtud.	17:30-21:40	Litaskynjun - Eygló Harðardóttir	

keramik

mánud.	17:30-20:15	Leirkerarennsla	Guðbjörg Káradóttir
þriðjud.	17:30-20:25	Leirmótun og rennsla	Guðný Magnúsdóttir
miðvikud.	18:00-22:00	Grundvallaratriði í keramiki - KEV173	fullbókað
		Guðbjörg Káradóttir og Guðný Magnúsdóttir	

ýmis námskeið

miðvikud.	17:30-20:40	Form, rými og hönnun - Sólveig Aðalsteinsd. Brynhildur Pálsd. og Guja Dögg Hauksd.
Þ-M-F-F-L	tími sjá lýs.	InDesign-Photoshop - Magnús Valur Pálss.
fimmtud.	17:30-21:40	Litaskynjun - Eygló Harðardóttir

ljósmyndun

mán og lau.	tími sjá lýs.	Ljósm. sv/hv - Erla Stefánsdóttir fullbókað/byrjað
mán og lau.	tími sjá lýs.	NÝTT Ljósm. sv/hv framhald / VORÖNN 2010
mán og lau.	tími sjá lýs.	Ljósmyndun stafræn - Brooks Walker fullb./byrjað
mán og lau.	tími sjá lýs.	NÝTT Ljósmyndun stafræn framhald / VORÖNN 2010

www.myndlistaskolinn.is

Námskeiðin hefjast 24.9. - Skráning stendur yfir

sími 551-1990 á skrifstofutíma mán-fim kl.13-17 og fös kl.13-16

NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

Bjarnabófar frá Póllandi

Á einhvern undarlegan hátt hefur þjófnaður og þjófagengi verið hafin upp til skýjanna í Hollywood. Þjófar eru oftar en ekki ákaflega svalir og hafa ráð undir hverju rifi á hvíta tjaldinu. Frægasti þjófurinn er auðvitað Hrói höttur en hann stal frá hinum ríku til að gefa þeim fátæku. Hann sendi þýfið ekki út úr landi eins og pólsku þjófarnir hafa reynt að gera. Eða kannski hafa Pólverjarnir bara haldið að þeir væru að stela frá hinum ríku og ætlað að gefa hinum lægstsettu heima fyrir? Við megum ekki gleyma því að fyrir rúmlega tveimur árum voru Íslendingar ríkastir allra.

Danny Ocean er annað ágætt dæmi um þjóf sem gæti auðveldlega leitt ungt fólk á glapstigu. Ocean á fátt sameiginlegt með þeim pólsku þjófagengjum sem herjað hafa á Reykjavík. Hann er klæddur í Armani-jakkaföt en ekki hettupeysu og dúnúlpu. Glæpur hans og Pólverjanna er þó sá sami; að taka eitthvað ófrjálsri hendi. Ekki gleyma sir Sean Connery í The Entrapment sem fór létt með að töfra Catherine Zetu-Jones upp úr skónum þrátt fyrir 39 ára aldursmun. Connery var svo heillandi að unga konan var næstum fallin í freistni.

Foreldrar mínir kenndu mér snemma þá lífsreglu að ekki mætti stela. Hollywood virðist hins vegar gera sitt til að maður brjóti það boðorð. Hollywood-þjófar húka ekki í kolniðamyrkri í fjarlægri borg og bíða efitr því að geta stolið flatskjá heldur aka um á glæsikerru við sólarströnd. Og þar sem það virðist í tísku að kenna einhverju fjarstæðukenndu um hlutina – eins og að bloggarar ættu sína sök á hruninu – er þá ekki bara rétt að kenna Hollywood um pólsku þjófagengin á Íslandi?

myndasögur

Pondus
Eftir Frode Øverli

Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið
Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell

Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SMALAÐU SAMAN MILLJÓNUM!

Lottópotturinn er **fjórfaldur** og stefnir í **23 milljónir**.
Ekki láta milljónirnar ganga lausar. Leyfðu þér smá Lottó!

Lottó

FARÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á WWW.LOTTO.IS OG FÁÐU ÞÉR MIÐA

Filon/SÍA FI030513

! **Um helgina**
Tilnefndar kvikmyndir frá öllum Norðurlöndunum verða sýndar í Háskólabíói um helgina. Einstakt tækifæri til að sjá hvað er að gerast best í norrænni kvikmyndagerð.

menning

menning@frettabladid.is

Grænlenskur kór í Íslandsheimsókn

Grænlenski kórinn Erinnap Nipaa er kominn til landsins og heldur hér þrenna opna tónleika. Á morgun verður sungið í Seltjarnarneskirkju og hefjast tónleikarnir klukkan 20. Á mánudag verða tónleikar í Norræna húsinu klukkan 20 og á þriðjudag kemur kórinn fram í Tónlistarhúsinu á Akranesi klukkan 15. Alls staðar er ókeypis inn.

Sungnir verða grænlenskir söngvar og klæðast kórfélagar sínum litskrúðuga grænlenska þjóðbúningi. Ekki verður þó eingöngu sungið heldur er 73 ára gamall trommudansari með í för sem mun leika listir sínar.

Einnap Nipaa er frá bænum Qaqortoq á Suður-Grænlandi þar sem á fjórða þúsund manns býr. Qaqortoq, sem þýðir hið hvíta, er vinabær Akraness.

Heimsókn kórsins til Íslands er liður í að styrkja menningartengsl landanna í kjölfar aukins sjálfstæðis Grænlands. - bþs

FRÁ QAQORTOQ Merking nafnsins er hið hvíta. Danskt heiti bæjarins er Julianehåb.
FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN HÁKON

> Ekki missa af
beinni útsendingu frá tónleikum í Þýskalandi þar sem sinfóníur Beethovens verða fluttar. Kringlubíó kl. 18.

MENNING Það verður mikið um dýrðir á Austurbakkanum í maí 2011.

Tónlistarhúsið opnað 2011

Tónlistar- og ráðstefnuhúsið við Reykjavíkurhöfn mun taka til starfa í maí árið 2011. Ákvörðun um nafn á húsið verður tekin ekki síðar en í nóvember næstkomandi. Þetta kom fram í erindi sem Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Portus Group, hélt á ráðstefnu Samtaka ferðaþjónustunnar um mikilvægi fundamarkaðarins, sem nú stendur yfir á Hilton Nordica.

Á ráðstefnunni kom fram að með tilkomu þess muni markaðurinn fyrir fundi og ráðstefnur stækka verulega.Hlutur Íslands í alþjóðlega fundamarkaðnum er aðeins 0,3 prósent.

- pbb

EYBORG OG OP-LIST Á ÍSLANDI

Verk Eyborgar Guðmundsdóttur (1924-1977) eru í fyrirrúmi og nánast tilefni sýningarinnar Blik, sem er þýðing á hinu alþjóðlega heiti OP, sem verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum í dag.

Þar er varpað ljósi á op–listina og þau áhrif sem hún hefur haft á íslenska listamenn frá miðjum sjöunda áratug síðustu aldar til dagsins í dag. Fjölmargir listamenn hafa skírskotað til op-listarinnar í verkum sínum en á sýningunni eru sýnd verk eftir átta íslenska listamenn sem á einn eða annan máta beita sjónhverfingum eða leika sér með upplifun áhorfandans í verkum sínum. Op-listin á rætur að rekja til miðrar síðustu aldar, en orðið op er dregið úr optical sem þýðir blik. Í op-listinni er áhersla lögð á samband áhorfandans og listaverksins og gerð er tilraun til að breyta skynjun áhorfandans með framsetningu lita, forma og ljóss. Verkið myndar þannig hreyfingu út frá ólíku sjónarhorni áhorfandans.

Sýningin hverfist um myndlistarkonuna Eyborgu Guðmundsdóttur, sem lítið hefur borið á í íslensku listalífi en er kunn í þröngum hópum þeirra sem skoðað hafa hvernig alþjóðlegar bylgjur bárust hingað. Eyborg aðhylltist geómetríska abstraksjón en margir gætu kannast við glerverk hennar í glugga Mokka, sem hefur hangið á sama stað í rúma fjóra áratugi, eða frá því að Eyborg hélt þar sýningu árið 1966.

MYNDLIST Eyborg Guðmundsdóttir listmálari. Myndin var tekin 1959 af Andrési Kolbeinssyni ljósmyndara.
MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Hún nam myndlist í París og sýndi víða um Evrópu í hópi áhrifamikilla listamanna sem kölluðust Group Mesure. Hún hélt sína fyrstu einkasýningu í Bogasal Þjóðminjasafnsins árið 1965, en síðasta sýning hennar var tíu árum síðar í Norræna húsinu. Hún er ótvírætt sá íslenskur listamaður sem gekk lengst fram í að tileinka sér hugmyndir og tækni op-listarinnar.

Þetta er fyrsta sinn sem verk hennar og lífstarf eru sett í innlent samhengi, þótt stök verk hennar hafi ratað í samsýningar. Raunar gegnir furðu að framlag hennar til íslenskrar myndlistar skuli ekki hafa fengið meiri athygli.

Auk verka Eyborgar eru sýnd ný og eldri verk Arnars Herbertssonar, verk Jóns Gunnars Árnasonar, Gravity sem hann sýndi á Feneyjatvíæringnum árið 1982, Colour Spectrum og teikningar eftir Ólaf Elíasson og ný og eldri verk Helga Þorgils Friðjónssonar. Einnig eru til sýnis verk eftir Hrein Friðfinnsson, Hörð Ágústsson og pop-op verk eftir JBK Ransu.

Sýningarstjóri er Helgi Már Kristinsson, en hann verður með leiðsögn um sýninguna sunnudaginn 13. september kl. 15.

Bliksmiðja verður opnuð í norðursal á sama tíma en um er að ræða fjölskylduvæna og fræðandi listsmiðju. Þar er hægt að spreyta sig á skemmtilegum verkefnum, sem tengjast bliklist, sjónblekkingum og vísindum. Hópar eru velkomnir en þurfa að bóka tíma hjá safninu.

pbb@frettablaðið.is

Í tilefni af 15 ára afmæli Subway á Íslandi bjóðum við alla báta, gos og meðlæti á 15 ára gömlu verði!
Gildir laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. sept. 09
15 ÁRA SUBWAY 1994 - 2009

Þrá og ástríða

Í gær fór fram doktorsvörn við íslensku- og menningardeild hugvísindasviðs við Háskóla Íslands í Hátíðarsal. Fern Nevjinsky varði þá ritgerð sem hún nefnir: Désir et passion dans l'œuvre dramatique de Jóhann Sigurjónsson, eða Þrá og ástríða í leikverkum Jóhanns Sigurjónssonar.

FERN NEVJINSKY

Doktorsritgerð þessi var lögð fram samtímis við Háskóla Íslands og Université Paris IV-Sorbonne samkvæmt samstarfssamningi skólanna frá 2003. Hún er rituð á frönsku en henni fylgir ítarlegt ágrip á íslensku. Leiðbeinendur voru prófessor Torfi H. Tulinius og prófessor Marc Auchet.

Höfundur var um árabil dósent í sálarfræði við háskólann í Rúðuborg, auk þess sem hún starfaði sem sálgreinir um áratuga skeið. Á miðjum aldri hóf hún nám í norrænum bókmenntum við Sorbonne og er ritgerð þessi lokaáfangi á þeirri leið. Hún nýtir sér umtalsverða sérþekkingu sína á sálgreiningu til að nálgast leikrit Jóhanns Sigurjónssonar á nýstárlegan hátt.

Ritgerðin skiptist í átta kafla auk inngangs þar sem greint er frá tilgangi höfundar og aðferðum hans lýst, og lokakafla þar sem helstu niðurstöður hans eru dregnar saman. Um er að ræða ítarlega greiningu á leikverkum Jóhanns með aðferðum sálgreiningar.

Megintilgáta doktorsefnisins er sú að þrár persóna Jóhanns Sigurjónssonar leiðir þær út í ástríður, sem opna leiðina fyrir andlegu hruni þeirra með allsherjar afturhvarfi til frumstiga sálarlífsins.

Með aðferðum bókmenntafræðinnar, en einnig með skírskotun til skrifa Sigmunds Freud, Jacques Lacan og fjölda annarra höfunda úr röðum sálgreinenda, er farið í gegnum öll leikrit Jóhanns. Athyglinni er einkum beint að þróun persónanna í leikverkunum.

Í lokakafla er kastljósinu beint að frægustu leikpersónu Jóhanns, Galdra-Lofti. Doktorsefnið greinir ofan í kjölinn samband Lofts við föður sinn, vin, biskupinn og ástkonurnar tvær, og hvernig þessi tilfinningasambönd tengjast þrá hans eftir þekkingu. Fyrir henni er Loftur eins konar Don Juan þekkingarinnar. Þessi þrá breytist í ástríðu sem ýtir honum fram af ystu nöf og hann dregur veikla aðar sálir með sér í fallinu.

Vörnin fór að mestu leyti fram á íslensku. Doktorsefnið sjálft talar íslensku og form varnarinnar miðaðist bæði við hérlendar hefðir og franskar. Andmælendur, auk leiðbeinenda, voru þeir dr. Camille Dumoulié, prófessor við Université Paris XIII – Nanterre og dr. Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor við Háskóla Íslands. Heiðursandmælandi var dr. Sveinn Einarsson leikhúsfræðingur.

Með ritgerðinni bætist enn við rit sem greina höfundarverk Jóhanns, ævisögu Helge Thorberg og rannsóknarverk Jóns Viðars Jónassonar, Kaktusblómið og nóttin.

- pbb

Frumsýnt í kvöld **UPPSELT**

Sun 13/9	kl. 20	**UPPSELT**
Þri 15/9	kl. 20	**UPPSELT**
Mið 16/9	kl. 20	**UPPSELT**
Fim 17/9	kl. 20	**UPPSELT**
Fös 18/9	kl. 20	**UPPSELT**
Lau 19/9	kl. 20	**UPPSELT**
Sun 20/9	kl. 20	**UPPSELT**
Fim 24/9	kl. 20	**UPPSELT**
Fös 25/9	kl. 20	**UPPSELT**
Lau 26/9	kl. 20	**UPPSELT**
Sun 27/9	kl. 20	**UPPSELT**
Fim 1/10	kl. 20	**UPPSELT**
Fös 2/10	kl. 19	**UPPSELT**
Fös 2/10	kl. 22	Örfá sæti
Lau 3/10	kl. 19	**UPPSELT**
Lau 3/10	kl. 22	Örfá sæti
Sun 4/10	kl. 20	**UPPSELT**
Lau 8/10	kl. 20	Örfá sæti
Lau 10/10	kl. 19	**UPPSELT**
Lau 10/10	kl. 22	Örfá sæti
Sun 11/10	kl. 20:30	
Lau 17/10	kl. 19	**UPPSELT**
Lau 17/10	kl. 22	
Sun 18/10	kl. 20:30	Örfá sæti
Fös 23/10	kl. 19	
Fös 23/10	kl. 22	Örfá sæti
Lau 24/10	kl. 19	
Lau 24/10	kl. 22	

Miðasala er í síma **568 8000** og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

Fíton/SÍA

Björgunarafrekið við Látrabjarg sýnt

Kvikmyndasafn Íslands sýnir í dag kl. 16 kvikmynd Óskars Gíslasonar: Björgunarafrekið við Látrabjarg. Hinn 9. apríl sl. voru liðin 60 ár frá frumsýningu heimildarmyndar Óskars Gíslasonar, ljósmyndara og kvikmyndagerðarmanns, sem segir frá frækilegri björgun heimamanna á Látrum og nágrenni, á breskum skipbrotsmönnum af togaranum Dhoon, 12. desember 1947.

Sjaldan hefur verið unnið annað eins björgunarafrek og þarna er lýst og ekki má vanmeta afrek kvikmyndagerðarmannsins sem kom því á filmu. Aðdragandinn að myndgerðinni var sá að einn heimamanna á Vestfjörðum hafði samband við Óskar, eftir strand Dhoons við Látrabjarg, og stakk upp á því að björgunarafrekið yrði sett á svið og kvikmyndað.

Það var svo ári síðar, í lok nóvember, að sviðssetningin fór fram í Kollsvík vestra. Meðan tökur stóðu yfir bárust boð um að raunverulegt strand hefði orðið undir Hafnarmúla í Örlygshöfn. Þar hafði strandað, í aftakaveðri, breski togarinn Sargon. Tóku menn upp tæki sín og hröðuðu sér til Patreksfjarðar þar sem

KVIKMYNDIR Óskar Gíslason kvikmyndagerðarmaður vann afrek er hann festi strand og björgun á filmu 1949.

þeim tókst að bjarga sex mönnum af áhöfn togarans en ellefu fórust. Munu þeir sem létust hafa króknað úr kulda.

Þannig bar það til að kvikmynd Óskars varð jafn raunveruleg og raun ber vitni því ekki var um sviðsetningar að ræða á þeim atriðum sem sýna sjálfa björgunina.

Myndin er nú sýnd í tengslum við sýningu í Hafnarborg sem helguð er hafinu. Með myndinni er sýnt gamalt viðtal Erlends Sveinssonar við stjórnandann, Óskar Gíslason. Sýningar eru í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði. Húsið verður opnað ca hálftíma fyrir sýningu. - pbb

Óþekkt augnablik loks skilin

Í dag verður verður ljósmyndasýningin Óþekkt augnablik opnuð í Þjóðminjasafni Íslands. Sýningin er greiningarsýning á ljósmyndum frá tímabilinu 1900-1960 úr Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni. Leitað er aðstoðar safngesta við greiningu myndefnis. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Ljósmyndasafnið leitar til almennings eftir hjálp við greiningu á óþekktum minnum í hinu mikla safni ljósmynda sem þar er geymt. Hafa á fyrri leitarsýningum komið fram mikilvægar upplýsingar um myndefni, menn, staði og tíma sem fest hafa verið á mynd.

LJÓSMYNDIR Ein þeirra mynda sem menn kunna ekki skil á en almenningur er hvattur til að greina.

Í hundrað ár hefur Þjóðminjasafn Íslands safnað ljósmyndum. Söfnunin hefur haldist í hendur við þróun ljósmyndunar. Ljósmyndir eru samofnar lífi eigandans, eins konar minningabanki sem hann leitar í. Fólk lætur ljósmyndir ekki af hendi fyrr en þær missa gildi sitt. Þannig voru það fyrst brúntóna harðspjaldamyndir af uppstilltu fólki í sínu fínasta pússi sem bárust safninu til varðveislu. Seinna bættust í sarpinn myndir af bæjum til sveita, götum þorpa, af fólki að störfum úti og inni og íslensku landslagi með sínum fossum og fjöllum. Eftir að atvinnumenn hættu að sitja einir að myndatökum og fólk fór sjálft að skapa sér eigin myndasöfn fóru litlar skyndimyndir að berast. Vinafólkið á ferðalagi, nesti snætt í laut, daglegt líf fjölskyldunnar heima og heiman. Það líður langt frá myndatökunni og þar til mynd verður að safngrip og því er enn lítið af litmyndum í safninu og enn lengra í land þar til símamyndir samtímans munu berast ef þær hverfa ekki bara við endurnýjun farsímans.

Stærsti hluti myndasafnanna eru samt ekki pappírsmyndir heldur glerplötur og filmur frá atvinnu- og áhugamönnum. Á þessari sýningu er brugðið upp myndum úr sex slíkum filmusöfnum. Þeim er ætlað að sýna þverskurð af viðfangsefnum ljósmyndaranna og sýna þróun íslensks samfélags á þeirri rúmu hálfu öld sem þær spanna. Jafnframt eru þær gestaþraut þar sem leitað er í smiðju safngesta um þekkingu á því sem myndirnar sýna. Hvar eru myndirnar teknar? Hvaða fólk er á þeim?

Í tengslum við sýninguna verður opnað sérstakt vefsvæði á heimasíðu Þjóðminjasafnsins. Þar verður hægt að skoða myndirnar og geta gestir skráð athugasemdir við þær ef þeir þekkja til fólks eða staða á myndunum. Farið verður síðan yfir upplýsingarnar og þær skráðar í gagnagrunn safnsins. Upplýsingar sem safnast með þessum hætti eru safninu einkar mikilvægar því þær setja nafnlausar myndir í nýtt samhengi og segja sögur sem annars hefðu fallið í gleymskunnar dá. - pbb



Skraut- og listmunaviðgerðir

Geri hluti eins og nýja
(úr hvaða efni sem er)
Jón Vilhjálmsson
Sími 690-8069

Geymið auglýsinguna



Í tilefni af 15 ára afmæli Subway á Íslandi bjóðum við alla báta, gos og meðlæti á 15 ára gömlu verði!

15 ÁRA SUBWAY

Gildir laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. sept. 09

Verð kr. 265.000.-

Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á **186,000**
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow
með ábyrgð **verð 80.000 tilboð 58.000**
meðan byrgðir endast.

Hrein fjárfesting ehf
Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is
Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337
www.rainbow.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 12. september 2009

Tónleikar

22.00 **Bravó bítlarnir** verða á Græna Hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Gestasöngvarar verða Ari Jónsson og Brynleifur Hallsson. Húsið verður opnað kl. 21.

22.00 **Sólstafir** og **XIII** verða með tónleika á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

Opnanir

14.00 **Sigurlín M. Grétarsdóttir** opnar sýninguna „**Tilbrigði/Variations**" í Safnahúsinu á Húsavík við Stóragarð 17. Opið virka dag kl. 10-17.

16.00 Á **Kjarvalsstöðum** við Flókagötu, opnar sýningin „**Blik**" þar sem sýnd verða verk átta íslenskra listamanna í anda Op-listastefnunar. Opið alla daga kl.10-17.

18.00 Á 1. hæð í Kringlunni opna **Flikkrurnar** ljósmyndasýninguna „**Kvenleiki og Karlmennska**" þar sem sýndar verða myndir eftir 56 konur. Sýningin verður opin á opnunartíma verslana.

Sirkus

15.00 **Sirkus Baldoni** verður með sýningu í **Íþróttahúsi Sauðárkróks** við Skagfirðingabraut.

Sýningar

Jón Adolf Steinólfsson hefur opnað sýningu á **Gallerý listatorgi** við Vitatorg í Sandgerði. Sýningin er opin daglega kl. 13-17.

Elsa Björg Magnúsdóttir hefur opnað ljósmyndasýningu í **Mokkakaffi** við Skólavörðustíg 3a. Opið daglega kl. 9-18.30.

Síðustu Forvöð

Ástralski listamaðurinn **Michael Galovic** hefur sett upp sýningu á íkonamyndum í **Háteigskirkju** við Háteigsveg. Sýningin er opin milli kl. 12-18 og henni lýkur á sunnudag.

Kvikmyndir

Kvikmyndaklúbburinn **Græna ljósið** sýnir allar fimm myndirnar sem hafa hlotið tilnefningu til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs í ár. Dagskrá og miðasala á midi.is.

Samtök hernaðarandstæðinga og **Vantrú** efna til sýningar á heimildarmyndinni „**Mótmælandi Íslands**" eftir **Þóru Fjeldsted** og **Jón Karl Helgason**. Sýningin fer fram í **Friðarhúsi** við Njálsgötu 87 kl. 15 og aðgangur er ókeypis.

Dansleikir

Geirmundur Valtýsson og hljómsveit verða á **Kringlukránni**, Kringlunni 4-12.

Kamui verða á **Nasa** við Austurvöll.

Trukkakvöld Dóra Tjakks fer fram á **Skemmtistaðnum Spot** við Bæjarlind 6 á Kópavogi. Sixties spila fyrir dansi.

Hljómsveitin **MONO** verður á **Útlaganum** á Flúðum.

Sunnudagur 13. september 2009

Tónleikar

17.00 **Friðrik Vignir Stefánsson** organisti heldur tónleika í **Hjallakirkju** við Álfaheiði í Kópavogi þar sem á efnisskránni verða verk eftir meðal annars Fanny og Felix Mendelssohn, Bach og Händel. Aðgangur er ókeypis.

20.00 **Baggalútur** verður með tónleika í **Salnum** við Hamraborg í Kópavogi.

Sirkus

15.00 **Sirkus Baldoni** verður með sýningu í KA-húsinu á Akureyri.

Kvikmyndir

MÍR (Menningartengsl Íslands og Rússlands) sýnir pólsku kvikmyndina „**Kanal**" eftir Andrzej Wajda í **MÍR-salnum** að Hverfisgötu 105 kl. 15. Enskur texti. Aðgangur ókeypis.

Dansleikir

Dansleikur **Félags eldri borgara** í Reykjavík og nágrenni verður að **Stangarhyl 4** kl. 20-23. Danshljómsveitin Klassík leikur danslög við allra hæfi.

Dans

Í tilefni af 20 ára afmæli **Dansskóla Jóns Péturs og Köru** verður opið hús í nýju kennsluhúsnæði dansskólans í Valsheimilinu að Hlíðarenda milli kl. 15 og 17.

Listamannaspjall

15.00 **Valgerður Hauksdóttir** verður með leiðsögn um sýningu sína „**Áttleysur**" í Listasafni ASÍ við Freyjugötu 41. Sýningin er opin alla daga nema mánudaga kl. 13-17.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

FÉKK HUGMYNDINA FRÁ BARNABÓK Bókin er lokaverkefni Styrmis frá Gerrit Rietveld-listaháskólanum í Amsterdam.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bók um stafróf glæpamanna

Í Gallerí Crymogæa stendur nú yfir sýning listamannsins Styrmis Arnar Guðmundssonar á verkum úr nýútkominni bók hans, Stafrófi glæpamanna. Bókin, sem er lokaverkefni Styrmis Arnar úr Gerrit Rietveld-listaháskólanum í Amsterdam, inniheldur tuttugu og sex teikningar og ljóð.

„Fyrirmyndin er barnabók sem kennir stafrófið með myndum. Mér fannst hugmyndin að flokka glæpamenn niður eftir stafrófi vera skemmtileg og á sama tíma er ég að fanga hið ljóta sem blundar í mannkyninu en á saklausan og einfaldan hátt," segir Styrmir Örn sem sá sjálfur um að fjármagna útgáfu bókarinnar sem kemur út í sjö hundruð og fimmtíu eintökum. Myndirnar og ljóðin í bókinni fjalla um brennuvarg, eiturlyfjasala og þjóf og eru ljóðin eftir Baldvin Þór Magnússon.

Aðspurður segir Styrmir Örn bókaformið vera hentugt form til að miðla myndlist og útilokar ekki að hann muni nýta sér þetta tiltekna form aftur í framtíðinni. Hann vinnur nú að list sinn í Amsterdam. „Ég hef alltaf mjög gaman af því að koma heim og sýna hér. En sem nýútskrifaður myndlistamaður þá finnst mér meira heillandi að vera á meginlandinu þar sem tækifærin eru fleiri en hér."

Hægt er að nálgast eintak af Stafrófi glæpamanna í Gallerí Crymogæa. - sm

MYNDLIST Ópi Munchs var stolið en það komst aldrei á þýfimarkaði.

Falið þýfi

Fyrirtækið Geneva Free Ports & Warehouses Ltd, hefur um langt árabil starfað sem tollvörugeymsla þar í borg sem sérhæfði sig í geymslu listaverka. Húsnæði þess var undanskilið tollafgreiðslu og þangað mátti flytja og geyma listaverk sem voru á ferð í önnur heimshorn. Í maí lokaði ríkisstjórnin í Sviss þessari aðstöðu þannig að nú er ekki lengur skjól í miðri Evrópu til að geyma verðmæti án tollafgreiðslu. Markaðurinn lætur ekki að sér hæða og eru þegar komin svipuð fyrirtæki á kreik í Asíu samkvæmt fréttum á Artprice.

Það voru einkum uppboðshús, gallerí og safnarar sem notfærðu sér aðstöðuna í Sviss. Þar hafa yfirvöld nú hert reglur svo skrá verður góssið, verðmæti, hvaðan það kom og hvert það fari. Er það gert til að torvelda flutning milli landa á þýfi, bæði frá stríðshrjáðum löndum og líka úr grafarránum og stuldi á forngripum. Alþjóðleg skrá um týnda listmuni fylgist náið með gripum sem hverfa með skrám sínum. Þegar eru áætlanir um að opna svona tollfrí svæði víðar en í Asíu: þannig ætla Frakkar að opna slíkt svæði á eyjunni The Art Loss Register, á database Seguin í París og þar má geyma listaverk svo framarlega þau eigi ekki að fara út úr löndum Evrópusambandsins. Er litið á þetta í listaheiminum sem örvæntingarfulla tilraun til að styrkja löngu horfna stöðu Frakklands sem forysturíkis í listum og listaverkasöfnun. Þannig tapaði Frakkland þriðja sæti sínu sem mesta listaverkaþjóð heims til Kína 2007. Asíumarkaður í listaverkasölu er stöðugt að stækka. Nú ætla yfirvöld í Singapúr að stofna frísvæði til geymslu á listmunum í lok þessa árs. Svæði sem þessi eru yfirleitt notuð til geymslu á listmunum með vafasaman uppruna og óljósan feril og líklega ólöglega eigendur. - pbb

HJÁLMAR Fjórða plata Hjálma er nú fáanleg á síðunni Gogoyoko.com.

Hjálmar á Gogoyoko

Fjórða hljómplata Hjálma, IV, er nú fáanleg á síðunni Gogoyoko.com. Platan kemur í verslanir þann 21. september en þangað til verður eingöngu hægt að kaupa hana á stafrænu formi á síðunni. Einnig verða allar eldri plötur Hjálma (Hljóðlega af stað, Hjálmar og Ferðasót) seldar á 4,50 evrur hver, eða um 800 krónur. IV var tekin upp í Hljóðrita í Hafnarfirði og í Tuff Gong og Harry J Studio á Jamaíku í vor. Á Jamaíku fékk hljómsveitin til liðs við sig ýmsa þaulreynda innfædda tónlistarmenn sem setja sitt mark á lopapeysureggíið sem Hjálmar eru þekktir fyrir.

Eggert á Íslandsbryggju

Um miðjan september verður opnuð sýning með nýjustu verkum Eggerts Péturssonar í menningarmiðstöðinni Nordatlantens Brygge í Kaupmannahöfn. Sýningin tengist opnun Listamesssunnar í Höfn sem hefst um næstu helgi. Í tengslum við hana gefur bókaútgáfan Crymogea af þessu tilefni út bókina Blómalandið þar sem sýnd eru öll verk sýningarinnar og ítarlega fjallað um feril og list Eggerts. Andri Snær Magnason rithöfundur ritar burðarritgerð bókarinnar, Blómalandið, og fjallar þar um verk Eggerts í víðu samhengi listasögu, raunvísinda og umhverfisskynjunar. Sýningarstjóri er Ólöf K. Sigurðardóttir, listfræðingur og forstöðumaður Hafnarborgar, og ritar hún inngang að bókinni sem er hönnuð af Hildigunni Gunnarsdóttur og Snæfríði Þorsteins og er mjög óvenjuleg að allri gerð.

Bókin er „lífræn“ í umfangi og stærð, nánast engar blaðsíður hennar eru jafn stórar, í henni eru fjórar stórar „útfellur“ (fold-outs) og handbundin saman með þræði. Það er prentsmiðjan Prentmet sem prentaði bókina og batt hana inn. Þær Hildigunnur og Snæfríð hafa áður hannað bók um verk Eggerts sem kom út í tilefni af yfirlitssýningu hans á Kjarvalsstöðum árið 2007 og bókina Flora Islandica, safn teikninga Eggerts af íslenskum háplöntum, sem Crymogea gaf út 2008. Fyrir hönnun þeirrar bókar hlutu þær verðlaun í flokki grafískrar hönnunar fyrir prentmiðla í árlegri samkeppni FÍT og silfurverðlaun í flokki bóka og bæklinga í samkeppni evrópskra hönnuða, Art Directors Club of Europe, í Barcelona í júní 2009.

MYNDLIST Eggert Pétursson sýnir í Höfn um komandi helgi.

Sýningin á verkum Eggerts í Nordatlantens Brygge stendur frá 17. september 2009 til 3. janúar 2010. Öll verkin eru olíumálverk og unnin á síðustu tveimur árum. Fyrir verk sín hefur Eggert öðlast ýmsar viðurkenningar, til dæmis silfurverðlaun Carnegie Art Award árið 2006 og unnið sér sess sem einn kunnasti og dáðasti samtímalistamaður Íslendinga.

Bókin er á þremur tungumálum: íslensku, dönsku og ensku. Kim Lembeck þýddi textana á dönsku og Anna Yates á ensku. Bókin er til sölu í bókabúðum á Íslandi og í Danmörku og fæst einnig hjá útgefanda, Crymogeu, í verslun forlagsins að Barónsstíg 27. - pbb

> NEW YORK, NEW YORK

Tískuvikan í stóra eplinu hófst í fyrradag með pompi og prakt. Sýningarnar sem vöktu mesta athygli til þessa voru hjá Vena Cava, Max Azria og Elie Tahari. Sýningar Preen er beðið með eftirvæntingu en hún verður í dag, laugardag.

still

utlit@frettabladid.is

OKKUR LANGAR Í ...

Æðislega augnskugga úr nýrri línu frá Mac sem byggir á litapallettum þriggja listamanna.

Hver segir að stórar stelpur geti ekki verið smart? Þessi stutti kjóll með göddum á öxlunum gæti verið frá Balenciaga, en fæst í Evans.

Þessi föli litur á varaglossi Yves Saint Laurent fer fullkomlega við dökk augu í vetur.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Sara McMahon

Nú er lag að klæða sig vel

Sumarið leið allt of fljótt, eins og segir í kvæðinu, og nú er tekið við brakandi ferskt haustveður og með haustgolunni fylgja hlýrri flíkur, þykkar peysur, jakkar, lokaðir skór og vettlingar. Mér finnst þetta allt gott og blessað því sjálf er ég agalega hrifin af haustinu og hlýjum fatnaði.

„Layering“ kallast það þegar fólk klæðist mörgum flíkum í einu, má taka sem dæmi stúlku sem klæðist bol, bómullarpeysu og ullarpeysu hvert yfir annað. Þetta tískuform hentar verr á sumrin af því að þá getur orðið afskaplega hlýtt, en er mjög sniðugt á veturna þegar kuldinn læðist að. Ég er mikill aðdáandi þess að klæðast „lögum“ og hleð á mig hverri flíkinni á fætur annarri á morgni hverjum áður en ég held kampakát út í daginn. Þar sem ég klæðist yfirleitt frekar stórum, víðum flíkum hef ég alltaf dáðst í laumi að stúlkum sem þora að ganga í þröngum kjólum og eru vel til hafðar, með uppsett hárið og rósrauðan varalit. Það hefur gerst að mig grípur eitthvert stundarbrjálæði og ég reyni að leika þennan leik eftir, fer í háa hæla og mála mig um augun. Að því loknu stend ég fyrir framan spegilinn um stund og reyni að sannfæra mig um að ég líti temmilega vel út. En þegar á hólminn er komið er sem brjálæðið renni af mér og ég átta mig á því að svona get ég ekki látið sjá mig.

Persónulega trúi ég því að besta tískuráðið sé að klæða sig þannig að manni líði vel í eigin skinni. Sumum líður best í háhæluðum skóm og fallegum kjólum, öðrum í gallabuxum og flatbotna stígvélum. Sumir kjósa liti, aðrir vilja einungis svarta tóna. Það er nefnilega lítið sjarmerandi að horfa á fólk sem teygir og togar í flíkurnar sem það klæðist vegna þess að það hefur klætt sig út fyrir þægindarammann.

Ætli ég sé ekki ein af fáum sem fagnar vetrinum og þá helst fyrir þær sakir að ég get nú farið að hlaða á mig flíkum, treflum, sokkum og vettlingum á ný. Ég lít án efa út eins og lítill garnhnykill, en þannig líður mér einna best.



FJAÐURMAGNAÐ Þessi fyrirsæta klæðist hönnun frá Haider Ackermann. Fjaðrir og þröngar, svartar leggings klikka seint.

Í ANDA TÍUNDA ÁRATUGARINS Hjólabuxur og mótorhjólastígvél eru ef til vill ekki praktísk samsetning, en flott er hún.

GLIMMER OG GLAMÚR Fyrirsæta klædd í samfesting úr smiðju Gucci. Haust- og vetrarlína Gucci fyrir árið 2009 er full af glysi og glans.

SVART, SVART OG AFTUR SVART FYRIR HAUSTIÐ:

SVART OG SEIÐANDI

Með komu haustsins er nú hægt að draga hinar klassísku svörtu flíkur, sem eru í svo miklu uppáhaldi hjá íslenskum konum, aftur fram úr fataskápnum. Sé mið tekið af haust- og vetrarlínum Gucci, Alexanders Wang og Haiders Ackermann ætlar leðrið og mótorhjólatískan að halda velli í vetur. Groddaleg mótorhjólastígvél, Dr. Martens, þröngar leggings og hjólabuxur í anda tíunda áratugarins verða ríkjandi í vetur í bland við leður, fjaðrir og glimmer.

LEÐUR OG HÆLAR Hönnuðurinn Alexander Wang sendi frá sér flotta haust- og vetrarlínu fyrir árið 2009.

HETTUKLÆDD OG FLOTT Þröngar leggings og flottur jakki frá Alexander Wang. Hann skaust upp á stjörnuhimininn fyrir nokkrum árum, þá nýútskrifaður úr Parsons-skólanum.

DISKÓDÍVA Falleg pallíettuflík frá Gucci. Litla handtaskan gerir samsetninguna enn glæsilegri.

VILDARVERÐ

TOPP MERKI Á FRÁBÆRU STÖÐVAR 2 TILBOÐI

Panasonic

Panasonic TXP42S10
42" Full HD 1080p Plasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Vreal Pro3, 400Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, 30.000:1 skerpu, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, SD/SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart, 3 HDMI, Comp., SVHS, CVBS og PC tengi, CI rauf ofl.

TILBOÐ ▶ 219.990
FULLT VERÐ kr. 319.990

SÉRTILBOÐ FYRIR FÉLAGA Í VILD

S2 | VILD

UNITED DVD VIDEO

United TVD8822
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, 1680x1050 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, Scart, HDMI, RCA, S-Video og VGA tengjum. **Tekur 12v og 220v straum**.

TILBOÐ ▶ 59.990
FULLT VERÐ kr. 79.990

INNBYGGÐUR **DVD SPILARI**

SÉRTILBOÐ FYRIR FÉLAGA Í VILD

S2 | VILD

Alltaf góð og góð kaup! 1971 - 2009

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

>ÓSÁTT FYRIRSÆTA

Fyrirsætan Tyra Banks sat nýlega fyrir svörum í viðtali við Cynthiu McFadden fyrir sjónvarpsþáttinn Nightline. McFadden spurði Banks út í illdeilur hennar og fyrrverandi dómara í þáttunum America´s next top model. Banks brást ókvæða við og svaraði: „Ég myndi ekki spyrja þessarar spurningar ef ég væri þú.“

Fólk

folk@frettabladid.is

Saknaði mest íslenska matarins

„Landið er mjög ólíkt Íslandi og það er alveg óhætt að segja að ég hafi fengið nett menningarsjokk þegar ég kom þangað fyrst. En þetta var fljótt að venjast, enda var fólkið svo yndislegt og hjálpsamt. Ég held að mér hafi þótt erfiðast að venjast matnum þarna og er mjög fegin að geta borðað brauð með osti aftur,“ segir Tinna Þórarinsdóttir, sem bjó í heilt ár í Taípei, höfuðborg Taívans, þar sem hún lagði stund á kínversku.

Tinna útskrifaðist úr stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands fyrir einu ári og ákvað í kjölfarið að hefja nám í kínversku. Aðspurð segist hún vera farin að geta bjargað sér á tungumálinu en eiga enn nokkuð langt í land áður en hún geti talist fullnuma í kínversku.

ÓMETANLEG REYNSLA Tinna bjó í heilt ár í höfuðborg Taívans og ber heimamönnum vel söguna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tinna segir að dvölin í Taívan hafa verið ómetanleg reynsla þó að henni hafi þótt erfitt að vera svo lengi í burtu frá fjölskyldu og vinum. „Það er margt sem við getum lært af þeim. Þetta er menning sem við mættum taka okkur til fyrirmyndar. Fólk ber mikla virðingu fyrir hvert öðru og eigum annarra og það er voða lítið um glæpi þarna. Mér þótti ég til dæmis mun öruggari í Taípei þar sem búa 2,5 milljónir manna heldur en í Reykjavík. Gallinn væri þá helst hvað það rennur hægt í þeim blóðið, það tekur allt alveg rosalega langan tíma þarna,“ segir Tinna að lokum.

- sm

Sindri Eldon genginn í Dynamo Fog

„Hann er týndi hlekkurinn sem vantaði í bandið,“ segir Jón Þór í hljómsveitinni Dynamo Fog um Sindra Eldon, sem nú hefur gengið til liðs við sveitina. „Við náðum satt að segja aldrei almennilega saman með Axel, en nú er tríóið fullkomnað.“

Sindri spilaði sem kunnugt er með Dáðadrengjum og hefur sungið með pönkbandinu Slugs auk þess að semja músík einn síns liðs. Hljómsveitin Dynamo Fog hefur vakið nokkra lukku síðustu misserin, þá helst fyrir „Let‘s rock and roll“, sem er svo grípandi stuðrokkari að það var notað í handboltaauglýsingu á Ríkissjónvarpinu. Sindri kemur í stað Axels „Flex“ Árnasonar, sem yfirgaf bandið og spilar nú á trommur með Jeff Who? - „Tja, hvað heitir það? Listrænn ágreiningur?“ segir Jón Þór og hlær.

Það kom sér illa að Axel gekk úr skaftinu því hljómsveitin var búin að taka upp níu lög af tíu fyrir fyrstu plötuna sína. „Ég held að þær upptökur verði nú bara að safna ryki því Axel vill fá ákveðna upphæð fyrir þær og hana eigum við ekki til,“ segir Jón Þór, en Axel er upptökumaður og rekur sitt eigið hljóðver. „Þetta verður bara tekið upp frá grunni enda er bandið breytt með tilkomu Sindra, það er miklu meira indí í gangi og meiri groddi.“

MEIRA INDÍ, MEIRI GRODDI! Dynamo Fog: Sindri Eldon, Jón Þór Ólafsson og Arnar Ingi Viðarsson. MYND/ERNIR EYJÓLFSSON

Jón Þór segir „nýjan singúl“ væntanlegan bráðlega, bandið verði á Iceland Airwaves og „svo verður bara spilað á öllum sóðakömrum á landinu“.

- drg

SVEPPI KEMUR SÉR Í FORM

Sveppi er kominn með nóg af ístrunni framan á sér. Hann ætlar að léttast um níu kíló undir leiðsögn Gillzeneggers.

„Ég þarf að fara niður í 80 kíló. Það er markmiðið. Ég er svona 88,7,“ segir sjónvarpsmaðurinn Sverrir Þór Sverrisson, best þekktur sem Sveppi.

Nektarmyndir af Sveppa birtust í þætti hans og Audda á föstudaginn í síðustu viku. Myndirnar, sem voru teknar í hótelherbergi í Finnlandi, komu Sveppa í opna skjöldu og hann sór þess eið að komast í betra form.

„Ég er í mjög slæmu formi miðað við hvernig ég var í boltanum í gamla daga,“ segir Sveppi. „Ég var harður! Menn eru enn þá að tala um snúningana mína í hægra horninu í ÍR.“

Líkamsræktarfrömuðurinn Egill „þykki“ Einarsson sér um að tálga kílóin utan af Sveppa, sem er afar ósáttur við valið. „Mér finnst hann óþolandi,“ segir Sveppi. „Hann er svo klikkaður, algjör steik. Ég er í nettri tilvistarkreppu. Ég nenni þessu ekki, síst af öllu með Gillz, en ég verð að gera þetta! Þetta er mjög erfitt, enda græt ég mig í svefn á kvöldin.“

Málið reynir augljóslega á berskjaldaðar tilfinningar Sveppa, enda umvafinn glæsimennum frá degi til dags. „Auddi er orðinn alveg helslimmaður og flottur,“ segir hann. „Pétur grennist og grennist. Hann er iðinn við að fara í göngutúra og passar upp á matarræðið á meðan Auddi er meira fyrir að fara í ræktina og taka skvass.“

Margir muna eftir þegar Gaui litli fór í sams konar átak og var vigtaður í beinni útsendingu sjónvarpsins. Sveppi óttast ekki að vera kallaður Sveppi litli um ókomna tíð.

„Það eru svo mörg nöfn sem ganga um mig að ég yrði bara sáttur við það. Það er flott! Þegar ég labbaði hringinn í kringum landið var ég kallaður Sverrir Pétur. Svo þegar ég fór að bæta á mig fóru menn að kalla mig krullóttu kjötbolluna. Þannig að Sveppi litli hljómar bara ágætlega.“



FYRIR ÁTAK Við bíðum spennt eftir „eftir“-myndinni.

Sveppi verður vigtaður reglulega í þætti þeirra Audda og það er mikið í húfi. Ef honum tekst ekki ætlunarverkið þarf hann að hlaupa nakinn niður Laugaveginn, en Auddi virðist sleppa létt þar sem Sveppi hefur ekki samið við hann um refsingu ef markmiðið næst.

atlifannar@frettabladid.is

Óska eftir að kaupa Íslenskt-enskt námskeið

Óska eftir að kaupa **Íslenskt - enskt Linguaphone** námskeið. Útgefið á **1976/77 eða 1978.** Hafir þú glatað möppuni og segulbandsspólunum kemur það eki að sök vegna þess að mig bráðvantar aðeins aðal kennslubókina en utan á henni stendur Íslenskt enskt Linguaphone námskeið. Eigir þú námskeiðið borga ég glaður **40. 000 kr.** fyrir bókina.

Björgvin Ómar Ólafsson. Sími 865 7013

Rappsöngkona vann Mercury

Rappsöngkonan Speech Debelle frá London hlaut hin virtu Mercury-tónlistarverðlaun á dögunum. Mörgum kom útnefningin í opna skjöldu enda Debelle óþekkt nafn í tónlistarbransanum. Skákaði hún þekktum flytjendum á borð við Kasabian, Glasvegas og La Roux sem voru einnig tilnefnd. Debelle, sem er 26 ára, átti aftur á móti von á sigrinum.

„Ég er sannfærð um að ég eigi eftir að vinna,“ sagði hún degi fyrir verðlaunahátíðina. Bætti hún kokhraust við að fimm Grammy-verðlaun væru næst á dagskrá.

Áður en Debelle var tilnefnd til Mercury-verðlaunanna í júlí hafði plata hennar Speech Therapy aðeins selst í um 1.500 eintökum í Bretlandi. Núna hefur talan væntanlega hækkað upp úr öllu valdi.

Hún hefur sjálf lýst plötunni sem hip hop-útgáfu af Tracy Chapman, sem sló í gegn á níunda áratugnum með lögunum Fast Car og Talkin ´Bout a Revolution.

Debelle fæddist í hverfinu Crystal Palace í suðurhluta London. Hún lenti ítrekað í vandræðum í skólanum og hætti að lokum. Eftir það fór hún að nota eiturlyf og var henni í framhaldinu hent út á götuna af móður sinni. Aðeins nítján ára tók harður heimur við og þurfti hún að gista á ódýrum farfuglahótelum og hjá vinum. Mörg lög á Speech Therapy fjalla um það sem hún hefur gengið í gegnum, þar á meðal heimilisleysið, fjarverandi föður og kynni sín af glæpum og leiðinlegum störfum.

Núna eru Debelle allir vegir færir og ætlar hún að nota Mercury-verðlaunaféð, sem nemur rúmum fjórum milljónum, til að stofna sitt eigið útgáfufyrirtæki.

SPEECH DEBELLE Debelle hlaut hin virtu Mercury-verðlaun á dögunum og kom útnefningin mörgum í opna skjöldu. NORDICPHOTOS/GETTY

HRESSIR TRUKKARAR Dóri tjakkur, lengst til vinstri, heldur árlegt skemmtikvöld sitt á Spot í Kópavogi í kvöld. Jói Bach er annar frá hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Trukkabílstjórar gera sér glaðan dag

„Við stefnum að því að ná sömu tölu og síðast, þúsund manns," segir Jóhannes Bachmann, einn skipuleggjenda Trukkakvölds Dóra tjakks sem haldið verður á Spot í Kópavogi í kvöld. Stíf dagskrá verður á malarplaninu fyrir aftan Smáralind í dag. Þar verður sýningin Trukkar & tæki 2009 þar sem trukkabílstjórar landsins koma saman og sýna tryllitæki sín. Almenningi gefst kostur á að skoða tækin. Ef veður leyfir verður hægt að láta hífa sig tugi metra upp í loft í körfu. Ókeypis er inn á sýninguna og segir Jóhannes að þar verði eitthvað að finna fyrir alla aldurshópa.

Jóhannes stendur að skipulagningu sýningarinnar og skemmtikvöldsins ásamt þeim Dóra tjakk, Ólafi Þór, Gesti Reynissyni og Herði Aðils. Hann segir að margir úr þessum geira séu fluttir úr landi en enn sé nóg af fólki sem vilji gera sér glaðan dag. „Þetta er eina dæmið í þessum geira þar sem eitthvað er um að vera, fyrir utan árshátíð. Trukkakvöld Dóra tjakks er algjört eðalkvöld sem enginn vill missa af."

Dagskráin er ekki flókin þegar trukkabílstjórar koma saman. Á þeirra samkomum kneyfa menn öl, ræða málin og stíga svo dans þegar hljómsveitin stígur á svið. „Við erum svo skemmtileg og hress. Við látum okkur sömu hljómsveit og í fyrra duga. Strákarnir í Sixties voru æðislegir í fyrra og nú eru þeir reynslunni ríkari."

- hdm

Hörmuleg hrollvekja

Michael Myers snýr aftur, þrátt fyrir að hafa verið skotinn í andlitið í síðustu mynd. Myers ætlar nú ári seinna að drepa systur sína til að „fullkomna" fjölskyldu sína. Afar metnaðarfullt framtak af dauðum manni að vera.

Rokkarinn Rob Zombie leikstýrir framhaldi sínu af endurgerð Halloween frá 2007, en sú upprunalega úr smiðju Johns Carpenter er ein af bestu hrollvekjum fyrr og síðar. Það er mér hulin ráðgáta hvernig Zombie fékk að leikstýra fyrri myndinni þar sem hann er hræðilegur handritshöfundur og leikstjóri. Handritið að Halloween II er gloppótt og samtölin grátbrosleg, atburðarásin kjánaleg, spennuatriðin óspennandi og myndin í þokkabót illa leikin.

Í myndinni er viðhaldið kjánalegum skrípalátum fyrri Halloween-framhaldsmyndanna og Friday the 13th-myndanna; það er sama hvað kemur fyrir skúrkinn, hann lifir allan fjandann af. Ekki tekst að skapa neitt jafnvægi milli skúrksins og fórnarlamba því að áhorfendur vita að skúrkurinn mun hafa betur.

Það er alveg á tæru að Halloween II verður meðal verstu mynda ársins, svo slæm er hún

KVIKMYNDIR

Halloween II

Leikstjóri: Rob Zombie.

★

Ein versta mynd ársins.

að það hefði mátt gefa aukastjörnu fyrir það eitt að lina þjáningar áhorfenda með að vera hálftímanum styttri.

Vignir Jón Vignisson

Ættleiðir barn

Leikkonan Katherine Heigl og eiginmaður hennar, Josh Kelley, hyggjast ættleiða tíu mánaða gamalt stúlkubarn frá Kóreu. Náinn vinur hjónanna sagði ættleiðingarferlið hafa hafist fyrir sex mánuðum og gangi allt samkvæmt áætlun ætti því ferli að vera lokið í byrjun næstu viku. Litla stúlkan heitir Nayleigh og hyggjast Katherine og Josh nefna hana Leigh við komuna til Bandaríkjanna.

VIÐ KLIPPUM HERRAMENN Á ÖLLUM ALDRI

Jörgen Gunnhildur Jökull

KLIPPISTOFA JÖRGENS

Bæjarlind 1-3 - 201 Kópavogur - Sími: 554 1414

FRAMKOMU-&

FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ

SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 22. SEPTEMBER OG 24. SEPTEMBER.

SJÁLFSTYRKING FRAMKOMA LÍKAMSBURÐUR INNSÝN Í FYRIRSÆTUSTÖRF FÖRÐUN UMHIRÐA HÚÐAR OG HÁRS MYNDATAKA (10 S/H MYNDIR) TÍSKUSÝNINGARGANGA FÍKNEFNARFRÆÐSLA LEIKRÆN TJÁNING NÆRINGARFRÆÐSLA

Umsjónakennari námskeiðsins er **Elín Jakobsdóttir**, fyrirsæta, auk fjölmargra gestakennara.

Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn.

Allir þáttekendur fá Eskimo bol og Maybeline mascara. Viðurkenningarskjal og 10 sv/hv myndir. Námskeiðinu lýkur með stórri tískusýningu. Stúlkurnar eru farðaðar fyrir myndatökuna og tískusýninguna. Emm School of Make-Up sér um förðun. Leynileikhúsið kennir leikræna tjáningu.

Verð 17.900 kr.

Skráning er hafin í síma 533 4646 og eskimo@eskimo.is
Aldurstakmark er 12 ára.

Spjallar um meðgönguna

Fyrirsætan og þáttastjórnandinn Heidi Klum á sem kunnugt er von á sínu fjórða barni. Í nýlegu viðtali ræddi hún um meðgönguna og sagðist enn varla trúa því hvað líkami hennar breytist mikið við það að verða barnshafandi. „Síðustu mánuðirnir eru ótrúlegir. Maginn á manni vex svo hratt! Lærin og rassinn sömuleiðis. Maður fær aldrei nákvæmlega sama vöxt og maður hafði áður en fyrsta barn fæddist, en þó næstum því og ég er ánægð með það," sagði fyrirsætan.

Jákvæð kona

Kryddpían fyrrverandi, Victoria Beckham, segist ekki hafa viljað taka sæti Paulu Abdul sem Idol-dómari þótt henni hafi þótt gaman að hafa fengið að dæma í tveimur þáttum. „Ellen á eftir að vera frábær í þessu hlutverki. Mér sjálfri fannst fínt að fá að prófa þetta og geta svo haldið áfram í öðru. Þarna var margt hæfileikaríkt fólk sem tók þátt," sagði Beckham sem að eigin sögn reyndi að vera jákvæð í garð þátttakenda. „Ég fann alltaf eitthvað jákvætt til að segja um hvern og einn. Ég er mjög andlega þenkjandi og trúi því að maður uppskeri sem maður sái, þess vegna fann ég alltaf eitthvað fallegt til að segja."

Whitney fór á toppinn

Söngkonan Whitney Houston fór beint á toppinn á Billboard-listanum í Bandaríkjunum með sína fyrstu plötu í sjö ár, I Look To You. Platan seldist í 305 þúsund eintökum fyrstu vikuna á listanum, sem er nýtt met hjá söngkonunni. Whitney hefur undanfarin ár átt í vandræðum í einkalífinu en virðist vera komin á beinu brautina á ný. Nýlega fór hún í viðtal hjá Oprah Winfrey og lýsti spjallþáttastjórnandinn því yfir að þetta væri besta viðtalið sem hún hefði nokkru sinni tekið. Viðtalið verður sýnt í þætti hennar í næstu viku í Bandaríkjunum.

WHITNEY HOUSTON Whitney virðist vera komin á beinu brautina á nýjan leik.

Vill Læðuna á Hótel Bjarkalund

„Ég er búinn að bjóðast til að taka Læðuna og geyma hana. Hún er náttúrulega best geymd hér," segir Árni Sigurpálsson, hótelstjóri á hinu sögufræga Hótel Bjarkalundi.

Embættisverki Læðunnar, Suzuki Fox-smájeppa Ólafs Ragnars úr Nætur-, Dag,- og bráðum Fangavaktinni er lokið. Læðan var í stóru hlutverki í Dagvaktinni þar sem þremenningarnir fengu vinnu á Hótel Bjarkalundi í Reykhólasveit og nú vill Árni hótelstjóri stilla bílnum upp á staðnum.

„Ég get geymt hana inni yfir veturinn og svo myndi ég stilla henni upp yfir sumartímann," segir Árni. „Ef þau þyrftu að fá hana aftur er ég búinn að lofa að redda því." Árni segir að gestir á Hótel Bjarkalundi hafi enn þá mikinn áhuga á að skoða sögusvið Dagvaktarinnar. „Já, það er mikið að gera hjá okkur og það er enn þá að koma fólk og fá að skoða," segir hann og bætir við að svefnherbergi félaganna séu sérstaklega vinsæl. Loks er vopnið, sem Georg notaði þegar hann myrti Guggu enn þá notað til að steikja hamborgara ofan í svanga gesti hótelsins: „Já, pannan er í fullu fjöri!"

Læðan er komin aftur í hendur eiganda síns, að sögn Hörpu Þórsdóttur, framleiðanda hjá Saga Film. Ekki náðist í eigandann við vinnslu fréttarinnar. - afb

VILL LÆÐUNA Árni hótelstjóri vill stilla Læðunni upp á Hótel Bjarkalundi.

SÍÐASTA EMBÆTTISVERKIÐ Læðunni var stillt í partíi Stöðvar 2 á dögunum.

NOLO Ívar Björnsson og Jón Baldur Lorange skipa hljómsveitina Nolo sem hefur vakið mikla athygli um þessar mundir.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Semja í stað þess að vinna

Hljómsveitin Nolo sem er skipuð menntskælingunum Ívari Björnssyni og Jóni Baldri Lorange hefur vakið mikla athygli á síðunni Gogoyoko.com að undanförnu.

Þeir félagar hafa átt mest spiluðu lögin á síðunni auk þess sem tvær stuttplötur þeirra hafa fengið góðar viðtökur. „Við byrjuðum að gera fyrsta lagið okkar árið 2008. Þetta byrjaði á því að ég fór í Góða hirðinn og fann gamlan tveggja hæða skemmtara og keypti hann," segir Ívar.

Þeir félagar voru áður í hljómsveitinni Spooky Jetson sem tók þátt í Músíktilraunum 2007 og í Sidewalk. „Eftir marga trommara og bassaleikara enduðum við tveir, hann á gítar og ég á hljómborð og á bassanum. Við fórum að semja stanslaust og ákváðum að sleppa því að vinna í tvö sumur til að reyna að semja meira."

Nolo spilar epíska rólegheitatónlist sem rennur sérlega ljúft í gegn. Áhrifavaldar þeirra félaga eru af ýmsum toga. Ívar hlustar á Marc Bolan og eitís-tónlist en einnig pönk og klassískt rokk, sem Jón er einnig hrifinn af ásamt blúsrokki.

Ívar er afar þakklátur fyrir tækifærið sem þeir hafa fengið hjá Gogoyoko, sem nú er skráð með hátt í 900 íslenska flytjendur. „Þegar þetta var opnað fyrir almenningi sendum við lögin inn og upp úr öllum væntingum vorum við nr. 1. Gogoyoko hefur hjálpað okkur gríðarlega mikið að koma okkur á framfæri."

Nolo gefur á næstunni út litla plötu hjá Braki, undirfyrirtæki Kimi Records. Einnig spilar sveitin á tónleikaröðinni Réttir sem verður haldin í Reykjavík síðar í mánuðinum. Áframhaldandi lagasmíðar og upptökur eru sömuleiðis á döfinni.

„Við erum með svo ótrúlega mörg lög sem við erum að taka upp. Á hverri æfingu erum við að semja eitt eða tvö lög," segir Ívar og greinilegt að Nolo á framtíðina fyrir sér. freyr@frettabladid.is

Mammút í Evróputúr

Hljómsveitin Mammút er á leiðinni í sína fyrstu stóru tónleikaferð um Evrópu. Ferðin stendur yfir frá 4. til 27. nóvember og spilar sveitin í Þýskalandi, á Spáni, Ítalíu og víðar.

„Þetta leggst bara mjög vel í okkur," segir gítarleikarinn Arnar Pétursson. „Við höfum ekki gert svona áður. Við höfum farið í nokkra skottúra en núna verðum við úti í mánuð. Maður veit ekkert hvað maður er að fara út í og við erum ekkert með rosalega miklar væntingar. En það væri gaman ef það gengur vel." Record Records gefur út plötur Mammúts á Íslandi en sveitin er að leita sér að dreifingarsamningi erlendis. „Það tekur tíma, þetta gerist ekki af sjálfu sér," segir Arnar.

Öll fjögur lögin sem sett hafa verið í spilun af síðustu plötu Mammúts, Karkari, hafa farið á toppinn á X-Dómínós-listanum. Eitt lag af fyrstu plötu sveitarinnar fór einnig á toppinn. Vonandi verða íbúar meginlands Evrópu álíka hrifnir í nóvember. - fb

MAMMÚT Hljómsveitin Mammút er á leiðinni í mánaðarlanga tónleikaferð um Evrópu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

V.L.F. HLÍF Verkalýðsfélagið Hlíf

ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLA

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör fulltrúa Verkalýðsfélagsins Hlífar á þing Starfsgreinasambands Ísland, sem haldinn verður á Hótel Selfossi dagana 8. og 9. október 2009.

Tillögum með nöfnum 9 aðalfulltrúa og 9 varafulltrúa ber að skila á skrifstofu Hlífar fyrir kl. 16:00, fimmtudaginn 21. september n.k. Tillögunum ber að fylgja meðmæli minnst 60 félagsmanna.

Góðhjartaðir Eyjapeyjar

„Þetta var svo óeigingjarnt og fallega gert að maður fékk nánast tár í augun. Maður hefði haldið að peyjar sem þessir mundu heldur vilja eyða peningunum sínum í eitthvað annað," segir Ólöf Jóhannsdóttir, meðlimur Göngum saman-samtakanna um peningagjöf frá Lúkasi Jarlssyni og Jóel Þóri Ómarssyni, tólf ára drengjum í Vestmannaeyjum. Samtökin Göngum saman safnar fé til grunnrannsókna á brjóstakrabbameini.

Lúkas og Jarl færðu samtökunum peningagjöf að upphæð 30.000 krónur sem þeir höfðu safnað í um ár með því að leika tónlist fyrir fólk og gangandi.

Faðir Lúkasar, Jarl Sigurgeirsson, segir hugmyndina hafa alfarið verið drengjanna og er að eigin sögn mjög stoltur af syninum. „Þeir ætluðu svo sem ekkert að fara að safna pening heldur vildu bara skapa smá jólastemningu síðustu jól. Þegar fólk fór svo að gefa þeim pening þá datt þeim í hug að það væri sniðugt að styrkja gott málefni. Þeir gripu svo tækifærið þegar Göngum saman-gangan fór fram hérna í Eyjum um síðustu helgi. Það sem mér þótti svo gaman var að það var enginn að halda þessu að þeim, þeim datt þetta algjörlega í hug sjálfum," segir Jarl.

Vinirnir, sem báðir leika á saxófón með skólalúðrasveit Vestmannaeyja, segjast vel geta hugsað sér að endurtaka leikinn fyrir næstu jól. „Þetta var mjög gaman, skemmtilegast var samt að gefa peningana til Göngum saman. Mér sýndist líka fólk hafa gaman af tónlistinni," segir Lúkas Jarlsson. Báðir drengirnir hyggjast halda áfram tónlistarnáminu í framtíðinni. „Okkur langar líka báðum að verða kokkar þegar við verðum stórir. Kannski opnum við saman veitingastað þar sem annar okkar spilar fyrir gestina á meðan hinn eldar," segja þeir Lúkas og Jóel að lokum. - sm

GÓÐHJARTAÐIR VINIR Lúkas og Jóel söfnuðu fé til styrktar Göngum saman með því að leika tónlist fyrir utan verslanir í Vestmannaeyjum.
MYND/ÓSKAR PÉTUR FRIÐRIKSSON

KURT COBAIN Dave Grohl og Krist Novoselic telja að fyrrverandi félagi sinn eigi betra skilið.

Vill leysa Magna af hólmi

„Þeir eiga alveg nokkur góð ár eftir, það er mín skoðun. Þeir eru búnir að sýna og sanna að þeir eru eitt sterkasta bandið í dag," segir Björgvin Jóhann Hreiðarsson, kokkur og fyrrverandi söngvari Á móti sól.

Tíu ár eru liðin síðan Björgvin yfirgaf sveitina og Magni Ásgeirsson tók við. Af því tilefni ætlar Á móti sól að spila í Hótel Valaskjálf á Egilsstöðum í kvöld.

Þrátt fyrir að hljómsveitin, sem er upprunalega frá Selfossi og Hveragerði, hafi selt plötur sínar í bílförmum eftir að Björgvin hætti segist hann ekki sjá eftir neinu. „Ég hætti bara af mínum ástæðum og sé ekki eftir því, þó að þetta hafi verið rosalega skemmtilegur tími. Ég var að reyna að mennta mig í öðru fagi en það gekk ekki og fjórum árum seinna ákvað ég að drífa mig í þetta og prófa," segir hann og á þar við kokkanámið sem hann lauk við á síðasta ári. Starfar hann núna sem kokkur á Gullfoss Kaffi og er sáttur við sitt. „Ég flutti heim aftur og bý nú á Reykholti í Biskupstungum. Ég er fjölskyldumaður og bara mjög sáttur."

MAGNI Á móti sól hefur selt plötur í bílförmum síðan Magni kom inn.

Björgvin söng í fjögur ár með Á móti sól og tók upp með þeim plöturnar Gumpurinn og 1999. Vinsælasta lag hans er vafalítið Djöfull er ég flottur. Hann útilokar ekki að stíga aftur á svið með sínum gömlu félögum og leysa Magna af hólmi, að minnsta kosti í smá stund. „Mér fyndist ekki úr vegi að strákarnir rigguðu upp öllu gamla genginu, því það er töluvert af fólki búið að rúlla í gegnum þetta band, og héldu tónleika í sinni heimabyggð annaðhvort á þessum tímamótum eða á næsta ári á fimmtán ára afmælinu. Það væri mjög gaman."

- fb

FIMUR KOKKUR Björgvin Jóhann er álíka fimur í eldhúsinu og þegar hann var upp á sitt besta með Á móti sól.

Ósáttir við tölvuleik

Dave Grohl og Krist Novoselic, fyrrum liðsmenn Nirvana, eru ósáttir við það hvernig Kurt Cobain er notaður í nýjum Guitar Hero-tölvuleik. Þeir telja ekki við hæfi að hinn sálugi Nirvana-söngvari geti spilað lög eftir aðra listamenn í leiknum. Auk þess að spila Nirvana-lög getur eftirlíking Cobains spilað lög eftir 85 aðra flytjendur, þar á meðal Bon Jovi og Bush. „Það er erfitt að ímynda sér Kurt spila tónlist annarra listamanna innan um teiknaðar persónur. Kurt Cobain samdi lög sem skipta fjölda fólks máli. Okkur finnst hann eiga betra skilið," sögðu þeir.

Helgi Hrafn í Norðrinu

Tónlistarmaðurinn Helgi Hrafn Jónsson kemur fram á tónleikaröðinni Norðrið í Þýskalandi í nóvember. Helgi komst á mála hjá einni virtustu bókunarskrifstofu Þýskalands, 4 Artists, eftir að hann koma fram á Eurosonic-hátíðinni í Hollandi í janúar. Síðan þá hefur hann verið afar duglegur við tónleikahald erlendis. Tónleikar hans í Þýskalandi verða 25. til 29. nóvember og stígur hann á svið í München, Vínarborg, Köln, Hamborg og Berlín. Auglýst hefur verið eftir upphitunaratriði fyrir Helga og rennur umsóknarfrestur út á miðnætti á föstudaginn.

APPARAT Hljómsveitin Apparat Organ Quartet spilar á Réttum 26. september.

Apparat á Réttum

Hljómsveitin Apparat Organ Quartet kemur saman aftur og leikur á tónleikahátíðinni Réttir sem fram fer í Reykjavík 23.-26. september í samvinnu við Reykjavik International Film Festival. Sveitin hefur ekki leikið á tónleikum síðan á Ljósanótt 2006. Apparat er að vinna að nýrri plötu en fyrsta og eina plata hljómsveitarinnar kom út árið 2002 og var samnefnd sveitinni. Apparat leikur á lokakvöldi Rétta, laugardagskvöldið 26. september. Hljómsveitin Ensími ætlar einnig að spila á Réttum. Stutt er síðan hún kom saman á tónleikum á Nasa við mjög góðar undirtektir.

Þýðendur Lost Symbol þrír

Þýðendur nýjustu bókar Dans Brown, The Lost Symbol, verða þrír til að hún komist sem fyrst í verslanir hérlendis.

DAN BROWN Metsöluhöfundurinn sendir frá sér nýja bók á þriðjudag. Sú síðasta, Da Vinci-lykillinn, hefur selst í 25 þúsund eintökum hérlendis.

„Maður vill gera þetta sem fyrst þannig að hinir óþreyjufullu verði ekki búnir að fá sér eintak. Það er miklu betra að lesa þetta á ástkæra ylhýra," segir Guðrún Vilmundardóttir hjá útgefandanum Bjarti. Um leið og The Lost Symbol kemur út hérlendis á ensku á þriðjudag geta þýðendurnir hafist handa við verkið. „Amerísku útgefendurnir eru svo hræddir um einhvern leka um plottið þannig að það fær enginn eintak af bókinni fyrr en hún kemur út í Ameríku," segir Guðrún. „Við látum okkur dreyma um að þýða hana á fjórum til fimm vikum og prenta hana á tveimur til viðbótar, þannig að hún komi út í byrjun nóvember."

Sumum kann að þykja undarlegt að þrír þýði einu og sömu bókina en slíkt er ekkert tiltökumál í hinum alþjóðlega bókmenntaheimi. Til að mynda verða þýðendurnir sex talsins í Þýskalandi.

Þýðing bókarinnar fer þannig fram að einn þýðandi leiðir verkið og passar upp á að nöfn, staðarheiti og allar aðferðir við þýðinguna séu á hreinu. Lesari fer síðan yfir útkomuna og samræmir þannig að stílmunur verði ekki á köflunum. Ingunn Snædal og Ásdís Guðnadóttir hafa þegar verið ráðnar sem þýðendur en sá þriðji er ekki enn kominn um borð.

Mikil eftirvænting ríkir eftir The Lost Symbol víða um heim enda hefur síðasta bók Dans Brown, Da Vinci-lykillinn, selst í milljónum eintaka, þar af 25 þúsund hér á landi. Alls hafa bækur hans selst í um 45 þúsund eintökum hérlendis. „Menn eru búnir að bíða eftir þessu í mörg ár. Hann hefur verið haldinn nokkurs konar ritstíflu síðan Da Vinci kom út, enda rosaleg pressa á honum," segir Guðrún.

Fyrsta upplagið af Týnda táknin, eins og hún mun heita hérlendis, verður prentað í 5.000 eintökum, sem verður að teljast ansi hóflegt miðað við gríðarlegar vinsældir Da Vinci-lykilsins.

freyr@frettabladid.is

GUÐRÚN VILMUNDARDÓTTIR Þrír munu þýða The Lost Symbol yfir á íslensku fyrir bókaforlagið Bjart.

NÝTT Í BÍÓ!



SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000 FJÖLSKYLDUDAGAR

FINAL DESTINATION 3D	kl. 6 - 8 - 10 - 12 (ekki sun)	16
HALLOWEEN 2	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
INGLOURIOUS BASTERDS	kl. 5 - 8 - 11	16
INGLOURIOUS BASTERDS LÚXUS	kl. 2 (sun) - 5 - 8 - 11	16
KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 5 - 8 - 11	16
ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL	kl. 1 - 3.30 (600 kr.)	L
ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL	kl. 1 - 3 (300 kr.)	L
GULLBRÁ	kl. 1 - 3 (300 kr.)	L
NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 1 - 3.20 (300 kr.)	L

HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919

BEYOND REASONABLE DOUBT	kl. 8 - 10.20	16
SEPTEMBER ISSUE	kl. 4 - 6 - 8	16
INGLORIOUS BASTERDS	kl. 10	12
THE TIME TRAVELER'S WIFE	kl. 8	L
KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 10.15 ATH: aðeins sun	16
ANDKRISTUR ENSKT TAL/ÓTEXTUÐ	kl. 6 / sun kl. 10	18
SÁNA ENSKUR TEXTI	kl. 4 - 6 / sun kl. 4 - 8	16
LJÓSÁR ENSKUR TEXTI *LEIKSTJÓRINN KYNNIR MYNDINA	kl. 4- 6* / sun kl. 4- 6	L
QUEEN RAQUELA ENSKUR TEXTI	kl. 10 / sun kl. 6	14
NORÐUR ENSKUR TEXTI	kl. 4 - 8 - 10.15 / sun kl. 4-6	L

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500 FJÖLSKYLDUDAGAR

FINAL DESTINATION 3D	kl. 8 - 10	16
THE GOODS LIVE HARD SELL HARD	kl. 8	14
INGLORIOUS BASTERDS	kl. 10	16
STELPURNAR OKKAR	kl. 4 - 6	L
THE TIME TRAVELER'S WIFE	kl. 6	12
ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL	kl. 4 (300 kr.)	L

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 FJÖLSKYLDUDAGAR 750 kr.

BEYOND REASONABLE DOUBT	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	16
G.I. JOE	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	12
TAKING OF PELHAM 123	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 6 - 9	16
ICEAGE 3 ENSKT TAL/ÍSL.TEXTI	kl. 3.40 (300 kr.)	L
NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 3.30 (300 kr.)	L

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

THE UGLY TRUTH	kl. 4 - Forsýning	12
THE FINAL DESTINATION 3D	kl. 6, 8 og 10(POWER)	16
HALLOWEEN II	kl. 5.50 og 10.10	16
INGLORIOUS BASTERDS	kl. 3, 6 og 9	16
ÍSÖLD 3 - ÍSLENSKT TAL	kl. 2(550kr.) og 4	L
ÍSÖLD 3 - ÍSLENSKT TAL - 3D	kl. 2(850kr.)	L
MY SYSTERS KEEPER	kl. 8	12

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

DISTRICT 9 Forsýning	kl. 10:10	16
DISTRICT 9 Forsýning	kl. 10:10	VIP
BANDSLAM	kl. 1:15 - 3:30 - 5:45 - 8 - 10:20	L
WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 6 - 8 - 10:10	16
WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 3:40 - 8	VIP
UP M/ Ensk. Tali	kl. 8 - 10:20	L
UPP M/ ísl. Tali	kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) - 5:50(3D)	L
UPP M/ ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
DRAG ME TO HELL	kl. 8 - 10:20	16
G-FORCE M/ ísl. Tali	kl. 2 - 4	L
THE PROPOSAL	kl. 8	L
THE PROPOSAL	kl. 1:30 - 5:50	VIP
HARRY POTTER 6	kl. 2 - 5	10

SPARBÍÓ - 550 Á MERKTAR APPELSÍNUGULU OG 850 Á GRÆNAR

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

FINAL DESTINATION 4 (3D)	kl. 8:30 - 10:30	16
BEETHOVEN TÓNLEIKARÖÐ / IV	kl. 6	L
BANDSLAM	kl. 8:20	L
WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 8:30 - 10:30	16
UP M/ Ensk. Tali	kl. 10:30(3D)	16
UPP M/ ísl. Tali	kl. 1:50(3D) - 4(3D) - 6:20(3D)	L
UPP M/ ísl. Tali	kl. 1:50 - 4 - 6:20	L
G-FORCE M/ ísl. Tali	kl. 1:50	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

UPP M/ ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
BANDSLAM	kl. 5:40 - 8	L
UP M/ Ensk. Tali	kl. 3:40 - 10:10	L
G-FORCE M/ ísl. Tali	kl. 2	L
WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 8 - 10:10	16

BANDSLAM kl. 1.15 í Álfabakka

UPP M/ ísl. Tali (550 kr. á 2D - 850 kr á 3D) kl. 1.30 í Álf. kl. 1:50 í Kringl. (2D og 3D) kl. 1.30 á self. á AK og í Kefl. (2D)

G-FORCE M/ ísl. Tali (550 kr. á 2D - 850 kr á 3D) kl. 2(2D) í Álf. kl. 1:50(3D) í Kringlunni kl. 2 á Akureyri, og á Selfossi, kl. 1:30 í Keflavík (2D)

HARRY POTTER 6 kl. 2 í Álfabakka

SMÁRA BÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ

Lög um mannlegar hörmungar

Hallur Ingólfsson, sem hefur trommað með rokksveitunum Ham og XIII, hefur gefið út sólóplötuna Disaster Songs. „Hún er um þessar mannlegu hörmungar, ástarsorg og ótta og þegar maður fórnar sér fyrir annað fólk," segir Hallur.

Hann segir að sérhver plata hafi oft eitt lag sem er niðurdrepandi en hann hafi ætlað sér meira. „Mig langaði að gera heila plötu þar sem allt væri ómögulegt en svo gæti manni liðið betur eftir að hafa hlustað. Útsetningarnar eru minimalískar og mystískar og þarna er svolítið óhreinn hljómur. Umfram allt eru þetta falleg, róleg lög í spennandi búningi," segir hann um gripinn.

HALLUR OG HALLDÓRA Hallur Ingólfsson og Halldóra Malín Pétursdóttir syngja saman á plötunni Disaster Songs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Með honum á plötunni syngur Halldóra Malín Pétursdóttir sem hann kynntist í gegnum starf sitt fyrir leikhúsin en hann hefur bæði samið tónlist fyrir leikhús og stuttmyndir. Meðal annars samdi hann tónlist við stuttmyndina Töframanninn eftir Reyni Lyngdal og fékk fyrir hana tilnefningu til Eddu-verðlaunanna. „Ég kynntist Halldóru fyrir löngu síðan og hafði heyrt hana syngja. Ég vildi endilega fá hana til að syngja eitt lag og þegar ég heyrði útkomuna fannst mér eiginlega augljóst að hún kláraði dæmið með mér. Sem betur fer var hún til í það," segir hann.

Hallur heldur tvenna tónleika á næstunni, meðal annars á Græna hattinum á Akureyri á fimmtudaginn þar sem Lights on the Highway stígur einnig á svið. - fb

Rugluð þýðingavél

Nýlega opnaði Google þýðingavélina translate.google.com fyrir íslensku, sem er virðingarvert miðað við hversu fáir tala þetta tungumál. Nú er hægt að þýða íslensk orð og setningar á fjölmörg tungumál, allt frá afrikaans til jiddísku. Eitthvað á þó eftir að fínstilla vélina því í mörgum tilfellum skilar hún undarlegum niðurstöðum. Hér eru nokkrar skemmtilegar vitleysur úr þýðingavélinni.

HÚMORISTAR Google-þýðingavélin hefur enn ekki verið fínstillt.

Ég er útrásarvíkingur = I film
Smári Karls sagði upp í vinnunni = Transistor Charles said the work
Nýjar varir Málmfríðar = New metal ware Peace
Bragð er að þá barnið finnur = Trick is to find the child
Allt vill lagið hafa = All would have the song
Ég er fantur og fúlmenni = I am the bastard and Rotterdam
Ég er hoppandi kátur = Holy Shit! I'm gay
Ég skil ekki rassgat = I do not understand Gomez

COLIN FIRTH Firth leikur homma í fyrstu bíómynd Toms Ford, A Single Man.

Colin Firth leikur homma

Bretinn Colin Firth leikur homma í fyrstu kvikmynd tískugúrúsins Toms Ford, sem áður var hönnuður hjá Gucci. Myndin nefnist A Single Man. Með hitt aðalhlutverkið fer Julianne Moore.

Firth leikur George, prófessor á sextugsaldri, sem hefur nýlega misst kærasta sinn til langs tíma í bílslysi. „Ég vissi ekki mikið um Tom þrátt fyrir að ég hafði hitt hann nokkrum sinnum," sagði Firth. „Eftir að ég talaði við hann komst ég að því að þetta var ekki bara eitthvað hégómlegt verkefni fyrir tískuhönnuð." Firth kyssir mótleikara sinn Matthew Good í myndinni en kippir sér lítið upp við það. „Það að persónan mín sé samkynhneigð finnst mér ekki skipta miklu máli. Tom var ekkert upptekinn af því. Við erum heldur ekki fyrstu mennirnir sem kyssast á hvíta tjaldinu og Matthew stóð sig líka vel," sagði hann.

Julianne Moore segir að Tom Ford hafi verið ákaflega flottur á tökustað, enda með gríðarlega mikið tískuvit. „Hann lítur alltaf af frábærlega út. Hann klæðist svörtum jakkafötum og hvítri skyrtu og er alltaf jafnmyndarlegur," sagði hún.

Portman elskar rapp

Rapparinn Ghostface Killah tileinkar leikkonunni Natalie Portman lag á nýjustu plötu sinni. Rapparinn sá viðtal við hana og ákvað að kinka til hennar kolli með þessum hætti. „Ég las viðtal við hana þar sem hún sagðist vera hrifin af grófri rapptónlist. Og ég sá strax að hún myndi hrífast af því sem ég er með á plötunni minni," segir Wu-Tang Clan-rapparinn.

Portman, sem er ættuð frá Ísrael, segir að hún sé á þeim stað í lífi sínu að hún njóti rapptónlistar. „Ég bara dýrka hana," segir hún.

> Logi til Frakklands

Logi Gunnarsson gekk í gær frá samningi við franska C-deildarliðið St. Etienne en hann gildir til eins árs. Logi lék með Njarðvík á síðustu leiktíð en hann hefur á sínum ferli spilað með fimm félögum í þremur löndum. St. Etienne verður því sjötta atvinnumannafélagið sem Logi leikur með. Liðið lék í frönsku B-deildinni á síðustu leiktíð en var dæmt niður um deild vegna hneykslismáls sem varðaði framkvæmdastjóra félagsins. Sá er reyndar hættur hjá félaginu nú.

sport

sport@frettabladid.is

LEIKIÐ Í 1. DEILDINNI Í DAG: HAUKAR OG HK BERJAST UM AÐ FYLGJA SELFYSSINGUM UPP

Haukar geta tryggt sér sæti í efstu deild í dag

Í dag fer fram næstsíðasta umferðin í 1. deild karla en allir sex leikir dagsins hefjast klukkan 14. Nú þegar hafa Selfyssingar tryggt sér sæti í efstu deild og einnig er ljóst að það verður hlutskipti Aftureldingar og Víkings frá Ólafsvík að falla í 2. deildina.

Selfyssingar geta tryggt sér sigur í deildinni í dag ef þeir fá stig gegn Haukum á heimavelli. Það gæti þó reynst erfitt verkefni þar sem Haukar eiga í mikilli baráttu við HK um að fylgja Selfyssingum upp um deild.

Þessi lið, Haukar og HK, mættust í síðustu umferð og þá báru Haukar 2-0 sigur úr býtum. Fyrir vikið eru Hafnfirðingar nú í kjörstöðu og með þriggja stiga forystu á HK þegar sex stig eru eftir í pottinum.

Andri Marteinsson, þjálfari Hauka, á þó ekki von á því að það ráðist í dag hvaða lið fylgir Selfossi upp. „Það er ekkert unnið enn," sagði Andri. „Þetta er í okkar höndum og þýðir ekkert að leggja árar í bát nú. Við ætlum ekki að treysta á aðra, heldur klára þetta sjálfir. Það væri hrikalegt að hafa lagt á sig alla þessa vinnu en klúðra þessu svo á lokasprettinum," bætti hann við. „Ég er þó handviss um að þetta mót klárist ekki fyrr en í lokaumferðinni og menn þurfa að gera sér grein fyrir því að það eru tveir leikir eftir – ekki bara einn."

HK á einnig erfiðan leik fyrir höndum – gegn ÍA á Skipaskaga. Þessi lið féllu úr efstu deild í fyrra og er óhætt að segja að hið sögufræga lið Skagamanna hafi valdið vonbrigðum í sumar.

Gunnleifur Gunnleifsson, fyrirliði HK, á þrátt fyrir það von á mjög erfiðum leik í dag. „Við berum mikla virðingu fyrir ÍA enda hefur liðið verið á uppleið í síðustu leikjum og náð að halda hreinu í nokkrum leikjum í röð. Við vitum líka að ef við vinnum ekki þennan leik getum við gleymt því að komast upp. Það verður því allt kapp lagt á að fá þrjú stig."

Gunnleifur segir að tapið fyrir Haukum hafi haft sitt að segja. „Það voru mikil vonbrigði. En það eina sem við getum gert nú er að klára okkar leiki og sjá svo hvar við stöndum."

Valsmenn leita að eftirmanni Atla Eðvaldssonar:

Atli verður ekki áfram

FÓTBOLTI Atli Eðvaldsson mun ekki þjálfa Valsmenn áfram á næstu leiktíð. Þetta staðfesti Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Það lá alltaf fyrir að hans samningur rynni út 15. október næstkomandi," sagði Börkur. „Við erum nú að vinna í okkar þjálfaramálum og ótímabært að segja hvenær við ráðum nýjan mann. Það verður bara að koma í ljós," bætti hann við.

Hann vildi ekkert tjá sig um þann orðróm að Sigurður Jónsson myndi taka við þjálfun liðsins en fleiri hafa verið orðaðir við starfið, svo sem Guðmundur Benediktsson, leikmaður KR.

Guðmundur var sterklega orðaður við Val í sumar eftir að Willum Þórssyni var sagt upp sem þjálfara Vals í lok júní. KR vildi þó ekki sleppa Guðmundi og því varð ekkert af því að hann tæki við þjálfun Vals.

Liðinu hefur ekki gengið vel undir stjórn Atla og hefur aðeins unnið tvo leiki af níu í deildinni. Alls hafa fimm tapast.

„Atli klárar tímabilið, það er alveg klárt," sagði Börkur. „Hann hefur hjálpað okkur mikið að endurskipuleggja afreksstefnu fótboltans upp á nýtt og við höfum notað helling af því sem hann hefur komið með í félagið. Við munum byggja á því til framtíðar og félagið mun skilja við Atla í góðu."

Atli sagði í samtali við vefmiðilinn fótbolti.net í gær að hann stefndi að því að koma sér að hjá félagi erlendis í haust. Ef það gengi ekki eftir kæmi hann aftur til Íslands. **- esá**

ATLI EÐVALDSSON Hefur átt erfitt sumar með Valsmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fótboltinn betri en ég hélt

Christopher Clements og Ajay Leitch-Smith hafa átt ríkan þátt í góðu gengi ÍBV að undanförnu. Þeir voru í láni frá Crewe og héldu til Englands í síðustu viku. Clements ræddi við Fréttablaðið um íslenska boltann og Guðjón Þórðarson.

FÓTBOLTI Allt útlit er fyrir að sumarið verði gott hjá ÍBV – að minnsta kosti betra en útlit var fyrir í vor. Liðið skoraði ekki mark í fyrstu fjórum leikjunum sínum og var aðeins með sex stig eftir fyrstu tíu umferðirnar. Heimi Hallgrímssyni, þjálfara liðsins, var tíðrætt um að liðið þyrfti tíma til að ná saman enda margir nýir leikmenn sem þyrftu að kynnast.

Það var raunin. Eftir slæmt tap fyrir Fylki 1. júlí síðastliðinn hefur allt annað verið að sjá til Eyjamanna. Liðið hefur safnað alls 22 stigum og aðeins tapað einum leik af síðustu níu. Eyjamenn eru nánast hólpnir og þurfa eitt stig í viðbótar til að gulltryggja veru sína í efstu deild.

ÍBV fékk tvo unga drengi frá enska D-deildarliðinu Crewe, sem Guðjón Þórðarson þjálfar, að láni í sumar. Christopher Clements er öflugur miðvallarleikmaður og Ajay Leitch-Smith lunkinn sóknarmaður sem skoraði alls fimm mörk í sumar. Hann er sem stendur markahæsti leikmaður liðsins.

„Ég hefði gjarnan viljað fá að vera lengur og klára tímabilið," sagði Clements í samtali við Fréttablaðið, skömmu áður en hann hélt af landi brott. Guðjón Þórðarson ákvað að kalla á þá til baka til Crewe áður en félagaskiptaglugganum var lokað um síðustu mánaðamót vegna meiðsla í leikmannahópi félagsins.

CHRISTOPHER CLEMENTS Skýtur hér að marki í leik KR og ÍBV í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég vona að ég nái í staðinn að sýna að ég hafi nýtt tímann vel á Íslandi og bætt mig sem knattspyrnumaður. Þetta hefur verið góð reynsla fyrir mig og ég hef notið mín vel í Vestmannaeyjum. Þetta var í fyrsta sinn sem ég fór frá Englandi í svo langan tíma og í fyrsta sinn sem ég bjó einn. Það var erfitt í byrjun en vandist þó nokkuð fljótt," sagði Clements.

Hann sagði að íslenski fótboltinn hefði komið sér á óvart. „Ég þekkti ekki til knattspyrnunnar hér en hún var þó betri en ég átti von á. Liðin eru góð að láta boltann ganga og boltinn í raun allt öðruvísi en ég bjóst við. Þetta byrjaði nokkuð hægt hjá okkur í ÍBV en eftir að liðið náði að berja sig saman og vinna nokkra leiki í röð. Liðsandinn var orðinn virkilega góður og það hafði mikið að segja."

Clements spilaði með varaliði Crewe á síðustu leiktíð og sagði hann Guðjón hafa verið duglegan að fylgjast með leikjum þess eftir að hann tók við um áramótin.

„Við ræddum um mína frammistöðu og hvað ég gæti gert til að bæta mig. Mér finnst hann góður knattspyrnustjóri sem reynir allt sem hann getur til að ná því besta úr sínum leikmönnum. Hann hefur einstakan stíl og ég tel góðar líkur á því að hann sé rétti maðurinn til að koma liðinu aftur upp um deild. Útlitið er gott."

Hann segir markmið sitt einfalt fyrir veturinn. „Ég vil koma mér í aðalliðið. Ég hef bætt mig mikið í sumar og vil halda áfram á þeirri braut. Ég vona að Guðjón komi auga á það." **eirikur@frettabladid.is**

UPPRISA ÍBV

Gengi fyrir 2. júlí	**6 stig**
Leikir	10
Sigrar	2
Jafntefli	0
Töp	8
Markatala	7-19
Gengi eftir 2. júlí	**16 stig**
Leikir	9
Sigrar	4
Jafntefli	4
Töp	1
Markatala	14-2

Ertu á vergangi?

Verbúð – Skrifstofuathvarf býður uppá heildarlausnir fyrir minni fyrirtæki.
Vönduð skrifstofuaðstaða búin allri nútímatækni á besta stað í Reykjavík.
Hvort sem þú ert með nýstofnað fyrirtæki, þarft að stækka eða minnka skrifstofuna, ert að vinna að verkefni eða vantar tímabundna aðstöðu fyrir erlenda samstarfsaðila.
Við höfum lausnina fyrir þig. Fullbúin fundarherbergi með skjávarpa og fjarfundabúnaði. Móttaka, póstþjónusta, símsvörun og fullkomið IP símkerfi.

Skrifstofuaðstaða frá 14.900 kr. á mánuði.
Kynntu þér málið á www.verbud.is

Opið hús í dag
laugardag kl. 11 - 17

VERBÚÐ
SKRIFSTOFUATHVARF

HÖFÐABAKKA 9 · 110 REYKJAVÍK · WWW.VERBUD.IS

Tólf leikmenn Pepsi-deildar karla hafa gefið 6 stoðsendingar eða fleiri í sumar:

Matthías hefur gefið flestar

FÓTBOLTI FH-ingurinn Matthías Vilhjálmsson hefur gefið flestar stoðsendingar í fyrstu 19 umferðum Pepsi-deildar karla. Matthías hefur gefið 9 stoðsendingar á félaga sína í FH-liðinu, sem er einni stoðsendingu meira en þeir Atli Guðnason hjá FH, Gunnar Örn Jónsson hjá KR og Halldór Orri Björnsson hjá Stjörnunni.

Matthías hefur auk þess skorað 9 mörk sjálfur og hefur því komið með beinum hætti að 18 mörkum FH-inga í deildinni.

Atli Guðnason var um tíma með forystuna en hann hefur ekki náð að leggja upp mark í síðustu fimm leikjum FH. Hann missti af tveimur þeirra leikja vegna meiðsla.

Framan af tímabilinu var það þó Stjörnumaðurinn Steinþór Freyr Þorsteinsson sem var með yfirburðaforystu en Steinþór gaf allar sjö stoðsendingar sínar í fyrstu sjö leikjum. Hann hefur hins vegar nánast ekkert getað spilað í seinni umferðinni vegna meiðsla.

Tryggvi Guðmundsson setti met með því að gefa 13 stoðsendingar í fyrrasumar en hann hefur ekki fengið að spila eins mikið í sumar og hann gerði í fyrra. Tryggvi hefur auk þess glímt við meiðsli sem hafa haldið honum frá síðustu leikjum. Hann kemst þó á listann með 6 stoðsendingar. **- óój**

9 STOÐSENDINGAR Matthías Vilhjálmsson hefur spilað félaga sína uppi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FLESTAR STOÐSENDINGAR Í PEPSI-DEILD KARLA:

Matthías Vilhjálmsson, FH	9
Atli Guðnason, FH	8
Gunnar Örn Jónsson, KR	8
Halldór Orri Björnsson, Stjörnunni	8
Guðmundur Benediktsson, KR	7
Kristinn Steindórsson, Breiðabliki	7
Símun Samuelsen, Keflavík	7
Steinþór Freyr Þorsteinsson, Stjörn.	7
Gilles Mbang Ondo, Grindavík	6
Magnús Már Lúðvíksson, Þrótti	6
Sam Tillen, Fram	6
Scott Ramsay, Grindavík	6
Tryggvi Guðmundsson, FH	6

Amerískir dagar

30% afsláttur

af amerísku Huffy hjólunum

★★★★ 13.999.- Verð áður 19.999.-

★★★★ 17.499.- Verð áður 24.999.-

★★★★ 13.999.- Verð áður 19.999.-

★★★★ 17.499.- Verð áður 24.999.-

★★★★ 20.999.- Verð áður 29.999.-

★★★★ 20.999.- Verð áður 29.999.-

Gildir til 20. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

BARÁTTA Framarar standa vel að vígi fyrir seinni leik sinn í 1. umferð EHF-keppninnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

1. umferð EHF-keppninnar:

Fram mætir Fiqas Aalsmeer

HANDBOLTI Fram stendur vel að vígi fyrir seinni leik sinn gegn hollenska liðinu Fiqas Aalsmeer í 1. umferð EHF-keppninnar sem fram fer í dag kl. 14 í Framhúsinu. Fram vann 30-23 sigur í fyrri leiknum.

Leikurinn í dag er liður í „stóra“ Framdeginum og því er aðgangur á leikinn ókeypis og fólk sérstaklega hvatt til þess að fjölmenna og styðja við bakið á strákunum. - óþ

VALUR FANNAR Hefur framlengt samning sinn við Fylki út árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Valur Fannar Gíslason:

Hefur framlengt við Fylki

FÓTBOLTI Eskfirðingurinn Valur Fannar Gíslason hefur framlengt samning sinn við Fylki um tvö ár eða til loka árs árið 2011. Hinn 32 ára gamli Valur Fannar er fyrirliði Fylkis en liðið hefur komið skemmtilega á óvart í sumar eftir miklar hræringar í leikmannahópi liðsins fyrir tímabilið. Valur Fannar hefur leikið frábærlega með liðinu og verið stoð og stytta í varnarleiknum auk þess að vera iðinn við markaskorun en hann er nú þegar kominn með sex mörk í Pepsi-deildinni. - óþ

Franski boltinn á Stöð 2 Sport:

Eiður Smári í beinni í vetur

FÓTBOLTI Stöð 2 Sport mun sýna frá leikjum Eiðs Smára og félaga í AS Monaco í vetur. Fyrsti leikurinn verður á dagskrá á sunnudag þegar Paris St. Germain kemur í heimsókn en leikurinn hefst kl. 19. - óþ

Átta leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni í dag en sex efstu lið deildarinnar mætast þá innbyrðis:

Fyrsta alvöruprófið fyrir City-liðið

FÓTBOLTI Boltinn byrjar að rúlla á ný í ensku úrvalsdeildinni í dag eftir landsleikjahlé og að vanda er boðið upp á marga áhugaverða leiki. Chelsea, Tottenham og Manchester City hafa unnið alla leiki sína til þessa í deildinni en City hefur aðeins leikið þrjá leiki á meðan Lundúnafélögin hafa leikið fjóra leiki.

ADEBAYOR Mætir sínum gömlu liðsfélögum í Arsenal í dag. NORDIC PHOTOS/GETTY

Chelsea á fyrir fram ályktað þægilegasta leikinn af þessum þremur félögum þegar það heimsækir Stoke, á meðan Tottenham fær Manchester United í heimsókn og City tekur á móti Arsenal.

Englandsmeistararnir í United gætu endurheimt Rio Ferdinand úr meiðslum fyrir leikinn en Tottenham vonast að sama skapi til þess að Heurelho Gomes, Sebastien Bassong og Jermaine Jenas séu leikfærir að nýju. Ledley King er aftur á móti tæpur fyrir leikinn.

Það kemur ef til vill ekki mjög á óvart að tölfræðin er á bandi United fyrir leikinn en Tottenham hefur ekki unnið United í deildarleik síðan árið 2001, fyrir sextán leikjum.

„Tottenham hefur byrjað tímabilið frábærlega þannig að við eigum von á mjög erfiðum leik. Sigur okkar gegn Arsenal hjálpaði okkur hins vegar mikið,“ sagði Sir Alex Ferguson hjá United.

Manchester City fær sitt fyrsta alvöru próf á þessu tímabili þegar Arsenal kemur í heimsókn en leikurinn markar einnig fyrsta skiptið sem Emmanuel Adebayor og Kolo Toure mæta sínum gömlu liðsfélögum eftir samanlagt 41. milljón punda félagaskipti sín frá Arsenal í sumar. Adebayor hefur byrjað tímabilið af miklum krafti og skorað þrjú mörk í leikjunum þremur.

Þá fær Liverpool í dag heimsókn frá Jóhannesi Karli Guðjónssyni og félögum í Burnley sem eru sýnd veiði en ekki gefin. Manchester United og Everton geta vottað um það. - óþ

Bjarga sumrinu í bikarkeppninni

Öll þau fjögur lið sem eru komin í undanúrslit VISA-bikarkeppni karla og mætast nú um helgina eiga það sameiginlegt að vilja gera það besta sem hægt er úr sumrinu með því að vinna bikarinn eftirsótta.

FÓTBOLTI Um helgina fara fram undanúrslitin í VISA-bikarkeppni karla. Í dag mætast lið Fram og KR og á morgun Keflavík og Breiðablik. Báðir leikir fara fram á Laugardalsvelli og hefjast klukkan 16.00.

Þessi fjögur lið eiga það sameiginlegt að bikarkeppnin er þeirra besti möguleiki til að vinna titil í sumar enda er FH búið að hafa mikla yfirburði í keppninni um Íslandsmeistaratitilinn.

Reyndar á KR eitt þessara liða enn möguleika á að hrifsa þann titil af FH þó ef til vill séu þeir ekki margir sem reikna með því að það takist enda lítið eftir af mótinu.

„Þó svo að nú muni fimm stigum á FH og KR erum við ekki að hugsa um neitt annað en að klára okkar leiki. Við getum ekki verið að velta okkur upp úr því hvort FH-ingar misstígi sig í lokaleikjunum,“ segir Grétar Sigfinnur Sigurðarson, fyrirliði KR. „Sumarið hefur verið nokkuð gott hjá okkur en það gæti fljótt breyst ef við klúðrum þessum lokaleikjum okkar. Sumarið gæti að sama skapi orðið frábært og vonum við það besta í þeim efnum.“

VERÐA Í ELDLÍNUNNI Frá vinstri eru Keflvíkingurinn Hólmar Örn Rúnarsson, Blikinn Kári Ársælsson, KR-ingurinn Grétar Sigfinnur Sigurðarson og Kristján Hauksson, leikmaður Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Löng bið eftir titli

KR og Fram áttust nýverið við í deildinni og þá vann KR 3-1 sigur eftir að hafa verið 1-0 undir í hálfleik. Síðast þegar þessi lið mættust á Laugardalsvellinum vann Fram hins vegar glæstan 3-0 sigur.

„Það var einn okkar besti leikur í sumar og vonandi náum við að fylgja honum eftir,“ segir Kristján Hauksson, leikmaður Fram. „Annars á ég von á góðum leik enda hafa bæði lið verið á góðu skriði. Það er þó langt síðan Fram vann titil og sú bið er vonandi bráðum á enda,“ bætir Kristján við en Fram varð síðast bikarmeistari árið 1989 og Íslandsmeistari ári síðar.

Keflvíkingurinn Hólmar Örn Rúnarsson neitar því ekki að gengi hans manna í deildinni í sumar hafi valdið leikmönnum vonbrigðum. „Við vildum fá meira úr deildinni en vonandi náum við að enda sumarið á jákvæðum nótum – að vinna síðustu leiki okkar í deildinni og vonandi bikarinn líka,“ segir Hólmar.

Keflavík á aðeins möguleika á að ná fjórða sæti deildarinnar og dugar það alla jafna ekki til að komast í Evrópukeppnina. „Það er því enn meiri hvatning fyrir okkur að vinna í bikarnum. Við teljum okkur tilbúna í þennan slag gegn Blikum enda búnir að æfa vel síðan við spiluðum við Fjölni. Það er ekkert volæði í leikmannahópnum þó að gengið hafi verið misjafnt og það er engin spurning að við ætlum að leggja allt í þennan leik.“

Þissum ekki á nútíðina

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, á von á fjörugum leik enda hafa leikir liðanna í deildinni í sumar verið markaleikir. Þeim fyrri lauk með 4-4 jafntefli í Kópavoginum og síðar unnu Blikar glæsilegan 3-0 sigur í Keflavík.

„Þetta eru tvö lið sem sækja alltaf til sigurs og leikir þeirra eru því yfirleitt mjög skemmtilegir,“ segir Ólafur.

Breiðablik hefur aldrei orðið bikarmeistari karla en einu sinni komist í úrslitaleikinn. Það var árið 1971 en þá tapaði liðið fyrir Víkingi sem þá lék í gömlu 2. deildinni.

Ólafur segir sína leikmenn lítið velta sögunni fyrir sér. „Flestir voru ekki fæddir fyrr en um tuttugu árum síðar. En auðvitað vilja allir ná í titil hvort sem það er sögunnar vegna eða ekki. Keflvíkingar eru með sterka bikarhefð og urðu síðast meistarar fyrir þremur árum. Sagan er því líklega á þeirra bandi.“

Ólafur segist reyna að kenna sínum mönnum að hugsa bara um næsta leik. „Það stendur einhvers staðar að ef þú sért með aðra löppina í fortíðinni og hina í framtíðinni þá pissir þú á nútíðina. Við einbeitum okkur því að núinu.“

eirikur@frettabladid.is

Kristín Ýr Bjarnadóttir og Rakel Hönnudóttir eru markahæstar í Pepsi-deild kvenna:

Mikil barátta um gullskóinn

FÓTBOLTI Mikil barátta verður um gullskóinn í Pepsi-deild kvenna í síðustu tveimur umferðunum. Eftir leiki 16. umferðar eru Valsarinn Kristín Ýr Bjarnadóttir og Þórsarinn Rakel Hönnudóttir efstar og jafnar með 20 mörk. Mateja Zver úr Þór/KA kemur síðan næst með aðeins einu marki minna.

Margrét Lára Viðarsdóttir hefur einokað gullskóinn undanfarin fimm sumur en hún varð markadrottning deildarinnar frá 2004 til 2008. Nú er hins vegar komið að einhverri annarri og má búast við að Valur og Þór/KA spili upp á þær Kristínu, Rakel og Mateju í næstu tveimur leikjum.

Það var líklega þannig í síðasta leik norðanstúlkna. Mateja og Rakel skoruðu nefnilega saman öll níu mörk Þór/KA í 9-0 stórsigri á Keflavík. Mateja skoraði fyrstu fimm mörkin og Rakel skoraði síðan hin fjögur mörkin.

JAFNAR Rakel (til vinstri) og Kristín Ýr.

Kristín Ýr Bjarnadóttir og Valskonur þurfa aðeins tvö stig til að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn fjórða árið í röð en liðið á eftir að mæta Keflavík á heimavelli og Aftureldingu/Fjölni á útivelli. Kristín Ýr hefur aldrei skorað fleiri mörk á einu tímabili en hún hafði áður skorað mest tólf mörk sumarið 2004.

Þór/KA er í baráttunni um annað sætið og á enn tölfræðilega möguleika á Íslandsmeistaratitlinum. Liðið á eftir að spila við Aftureldingu/Fjölni á heimavelli og KR á útivelli.

Rakel jafnaði sinn besta árangur með því að skora sitt 20. mark í síðasta leik en hún fékk silfurskóinn í fyrra þegar hún skoraði 20 mörk í 17 leikjum.

Næsta umferð í deildinni fer fram á mánudaginn en baráttan um gullskóinn endar þó örugglega ekki fyrr en í lokaumferðinni, sem fer ekki fram fyrr en 27. september. - óój

BT

FÁÁÁRÁNLEG TILBOÐ OG BULL VERÐ Í BT

BT HEFUR OPNAÐ VERSLUN Í ORMSSON SMÁRALIND

